


# Bændablaðið

12. tölublað 2024 • Fimmtudagur 27. júní • Blað nr. 659 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Guðni Th. Jóhannesson, fráfarandi forseti Íslands, heldur hér á dúni sem tíndur er í æðarvarpinu á Bessastöðum. Nýlega áttu sér stað kynslóðaskipti þar sem systurnar Harpa Marín og Selma Ósk Jónsdætur tóku við sem umsjónarmenn varpsins. – *Sjá nánar á bls. 32–33.* Mynd / Ástvaldur Lárusson



## Kal í túnum

Við ákveðnar aðstæður á veturna getur gróður í túnum drepist í stórum stíl. Algengasta gerð kals er svokallað svellakal þar sem túngrösin kafna eftir ákveðinn tíma undir loftþéttum klaka.

Á nokkrum svæðum á Norðurlandi koma tún illa undan vetri og hafa bændur þurft að ráðast í aðgerðir til að tryggja fóðurforða. Hret í byrjun júní tafði alla jarðvinnu sem hefði þurft að klára sem fyrst.

– 20 –



## Á Landsmót

Á Útnyrðingsstöðum á Fljótsdalshéraði fer fram metnaðarfull hrossarækt og þaðan hafa komið ýmsir úrvalsgæðingar. Ferðafólki hefur jafnframt verið veittur þar beini um hartnær tveggja alda skeið.

– 34 –

### Sauðfjárbændur:

# Íslenska ríkinu stefnt í ullargreiðslumálinu

**Þann 11. júní var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur mál gegn íslenska ríkinu vegna vangreiddra ullargreiðslna til sauðfjárbænda vegna ullarinnleggs á árunum 2016–2017.**

„Þar verður mál eins sauðfjárbónda keyrt sem prufumál, í samræmi við samkomulag Bændasamtakanna við ríkislögmann.

Niðurstaða þess dómsmáls verður fordæmisgefandi fyrir uppgjörið gagnvart öðrum sauðfjárbændum sem einnig eiga eftir að fá uppgjör,“ segir Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður, sem fer með mál stefnanda fyrir dómstólum.

***Málið hefur fordæmisgildi fyrir yfir 1.600 bændur***

Kröfufjárhæðir eru mjög mismunandi, allt frá nokkrum þúsundum upp í yfir eina milljón á bónda auk vaxta.

„Samtals eru þetta yfir 200 milljónir auk vaxta sem hér um ræðir,“ segir Helgi.

***Uppgjörstímabilinu breytt án lagaheimilda***

Að sögn Helga snýst málið um bráðabirgðaákvæði í reglugerð sem sett var þann 17. desember 2017, en þar var uppgjörstímabili vegna greiðslna til ullarbænda, sem áður hafði verið frá 1. nóvember til 31. október, breytt. Uppgjörstímabilið sem hófst þann 1. nóvember 2016 var því lengt til 31. desember 2017, úr 12 mánuðum í 14, án þess að fjármunum væri bætt í málaflokkinn af hálfu ríkisins. Af þessum sökum dreifðust fjármunirnir, sem eyrnamerktir voru til málaflokksins á þessu eina tímabili, á meira magn ullar en ella með tilheyrandi tjóni fyrir ullarframleiðendur.

Segir Helgi að umboðsmaður Alþingis hafi komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að framangreint bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar væri ólögmætt.



Helgi Jóhannesson.

„Umboðsmaður taldi að ekki hafi verið fullnægjandi heimild í lögum fyrir því að lengja uppgjörstímabilið með þeim hætti sem gert var. Umboðsmaður taldi einnig í álitinu að breytingin hafi farið gegn réttmætum væntingum ullarframleiðenda sem lagt höfðu inn ull á tímabilinu 1. nóvember 2016 til 31. desember 2017, auk þess sem ákvæðið hafi falið í sér afturvirka reglusetningu.“

***Málaferli og sættir***

Í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis höfðuðu sjö bændur mál á hendur ríkinu, á árinu 2022, til að rétta sinn hlut vegna hins ólögmæta reglugerðarákvæðis. Gerð var dómsátt í öllum málunum í árslok 2023 þar sem íslenska ríkið féllst á að greiða bændunum stefnukröfur þeirra að fullu, auk vaxta og kostnaðar.

***Samkomulag utan réttar tókst ekki***

„Ríkið vildi ekki fallast á að semja um greiðslur til annarra ullarframleiðenda utan réttar og því er nauðsynlegt að fara dómstólaleiðina nú. Af hálfu ríkisins mun málið örugglega snúast um að það sé fyrnt, myndi ég halda, en ríkið á ekki að skila greinargerð fyrr en 5. september næstkomandi þannig að ég er ekki enn búinn að sjá varnirnar,“ heldur Helgi áfram.

„Það skýtur óneitanlega skökku við að ríkið skuli ekki vera tilbúið til að láta eitt yfir alla ganga í þessum málum,“ bætir Helgi við.

/smh



**Fimm hundruð hross munu koma fram á Landsmótinu í ár í gæðingakeppni, á kynbótasýningum, í íþróttakeppni, hópreiðum og sýningum ræktunarbúa.** Mynd / Landsmót hestamanna

Hestamennska:

# Léttur andi á Landsmóti

**Þúsundir manna safnast saman annað hvert ár til að fagna íslenska hestinum á Landsmóti hestamanna.**

Í ár fer viðburðurinn fram á mótssvæði hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík dagana 1.-7. júlí. Hilda Karen Garðarsdóttir, mótsstjóri viðburðarins, segir Landsmót fjöregg hestamanna.

„Á síðustu mótum hefur gestafjöldinn verið í kringum átta þúsund og við vonumst eftir svipuðum fjölda í ár. Hins vegar eru okkar áætlanir allar miðaðar við heldur hógværari tölur, enda skynsemi í því að eiga borð fyrir báru þar. Erlendir gestir eru jafnan um 15-20 prósent gesta," segir Hilda Karen, en hún hefur starfað á síðustu fimm Landsmótum.

„Á Landsmótum sinna bæði starfsmenn og sjálfboðaliðar mikilvægum störfum og stemningin er alveg svakalega góð því útgangspunktur allra er sá sami: að hafa gaman, vinna saman og horfa á hesta." Hún gerir ráð fyrir að hátt í 800 hross komi fram á Landsmóti, um 500 hross í gæðingakeppni, 170 í kynbótasýningum og 160 í íþróttakeppni, auk þess sem fleiri hross bætast við í hópreiðum og sýningum ræktunarbúa. Dagskráin verður annars með nokkuð hefðbundnu sniði en hana má nálgast á vef Landsmótsins.

### *Á öllum mótum síðan 1990*

Sjálf hefur Hilda Karen stundað hestamennsku frá blautu barnsbeini. „Ég er alin upp á Breiðdalsvík sem er lítið sjávarþorp austur á fjörðum. Þar byrjaði ég að fara á hestbak hjá Þresti föðurbróður mínum og sótti reiðnámskeið öll sumur. Þetta endaði með því að ég varð forfallin hestakona og suðaði um hest þangað til foreldrar mínir létu undan. Þá var ég níu ára, minnir mig, og eignaðist mjög skemmtilega unga hryssu frá Hvannstóði í Borgarfirði eystra og hét hún Brana. Hestasjúka ég gerðist mjög snemma áskrifandi að Eiðfaxa og beið spennt eftir hverju tölublaði. Fljótlega varð það draumur minn að fara á Landsmót og taka þátt. Draumurinn rættist árið 1990 og fyrsta Landsmótið mitt var á Vindheimamelum það sumar. Ég hef



**Hilda Karen Garðarsdóttir.** Mynd / Aðsend

farið á öll Landsmót síðan þá," segir Hilda Karen, en hún hefur á starfsferli sínum unnið í þágu íslenska hestsins, m.a. sem blaðamaður Eiðfaxa, hjá hestamannafélaginu Fáki og fyrir markaðsverkefni Íslandsstofu, Horses of Iceland.

„Fyrir okkur, hinn almenna hestamann, er mikilvægt að halda þeim létta og skemmtilega anda sem hefur einkennt mótin og hafa dagskrána þannig úr garði gerða að það sé eitthvað fyrir alla. Mótin eru líka mikilvægur markaðsgluggi fyrir ræktendur og atvinnumenn í hestamennsku og þeirra tækifæri til að kynna sig og sín hross. Það verður því aldrei of oft sagt að við þurfum að standa þétt saman til að halda utan um Landsmótin og hafa skýra stefnu sem leyfir viðburðinum að blómstra enn frekar," segir Hilda Karen.

### *Eftirminnileg augnablik*

Hápunktur Landsmóts hestamanna er í huga Hildu Karenar úrslit í A-flokki gæðinga. „Þar finnst mér íslenski gæðingurinn njóta sín vel og oftar en ekki hefur maður upplifað „gæsahúðarmóment" í þessum úrslitum. Frá því að ég byrjaði eru sérstakar upplifanir til dæmis þegar Spuni setti heimsmet á Vindheimamelum 2011 og hlaut 9,25 fyrir hæfileika. Töltsigrarnir hjá Árna Birni á Stormi frá Herríðarhóli sitja líka eftir sem sýningar sem hafa hreyft við manni og sömuleiðis þegar Glóðafeykir frá Halakoti vann B-flokkinn í Reykjavík 2012 með Einari heitnum Öder og þegar Eyrún Ýr stýrði Hrannari frá Flugumýri II til sigurs í A-flokknum á Hólum 2016." */ghp*

*– Aðrar fregnir af Landsmóti, síða 8*




Kornrækt:

# Fjárfestingastuðningur þykir missa marks

## – Gagnrýni á dreift fjármagn og forgangsröðun

**Úthlutun fyrsta fjárfestingastuðnings í kornrækt er gagnrýnd, m.a. fyrir að dreifa fjármagni of víða í stað þess að veita fullan styrk, 40% af heildarfjárfestingu, til eins eða tveggja sterkustu verkefnanna.**

Fjárfestingastuðningi í kornrækt fyrir árið 2024 hefur nú verið úthlutað. Þrettán umsóknir bárust og var 144 milljónum króna úthlutað til átta verkefna víða um land. Samanlögð fjárfesting umsækjenda var skv. umsóknum um 893 milljónir króna. Stuðningurinn er veittur til fjárfestinga í kornþurrkun, korngeymslum og tilheyrandi tækjabúnaði.

### *Úthlutun ekki í samræmi við áherslur*

Matvælaráðuneytið segir fjármagninu úthlutað á grundvelli forgangsröðunar þar sem m.a. hafi verið horft til afkastagetu, nýtingar endurnýjanlegrar orku, eignarhalds bænda og fyrirætlana um þjónustu við aðra bændur.

Hins vegar hefur komið fram gagnrýni á úthlutunina varðandi samlegð fleiri aðila og afkastagetu og að hluti verkefnanna sem fengu stuðning muni nýta jarðefnaeldsneyti í stað sjálfbærra orkugjafa. Þá hafi verið lagt upp úr því að þau verkefni sem fengju stuðning yrðu fullstyrkt, um 40% af heildarfjárfestingu, en það ekki orðið niðurstaðan.

Hæstu styrkina hlutu Flateyjarbúið Hornafirði, 36,8 m.kr. og Kornskemman, Laugalandi í Eyjafirði, 35,3 m.kr. Aðrir sem hlutu styrki, á bilinu 8,3–15 m.kr., voru Grís og flesk, Gunnarsholti, Búnaðarsamband S-Þing., Búnaðarfélag Eiðaþinghár, Góður biti ehf., Borgarfirði, Þreskir ehf. í Skagafirði og Gullkorn Þurrkun ehf., Snæfellsnesi.

### *Vonbrigði en enginn bilbugur*

„Við erum að meta stöðuna en það er engan bilbug á okkur að finna," segir Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi í Klauf í Eyjafirði. Hermann er einn aðila að Kornskemmunni, um 200 milljóna króna verkefnis. Stofnaðilar að samlaginu eru auk þess frá bæjunum Hrafnagili, Grænuhlíð, Svertingsstöðum og Hólshúsum.

Þeir hófu í vor framkvæmdir að grunni undir kornþurrkstöð, í trausti þess að ríkið myndi standa með verkefninu í fjárfestingastuðningi. Auk þess var búnaður pantaður fyrir stöðina um áramótin. Ekki hafi verið hægt að bíða með að fara af stað ef möguleiki ætti að vera á að þurrka korn í stöðinni næsta haust.

„Við bjuggumst við meiru, enda búið að tala um að ætti að fullfjármagna verkefni fremur en að dreifa peningunum," segir Hermann. „Við reiknuðum fastlega með að vera í góðum forgangshópi því við erum bæði með langstærsta verkefnið hvað varðar afköst, með endurnýjanlega orku og félag bænda stendur á bak við þetta. Menn voru hvattir til að fara í stærri verkefni til að ná kornræktinni upp á hærra plan. Og það var það sem við gerðum," bætir hann við.

Hermann segir að vel hafi gengið að fá fjármagn til þurrkstöðvarinnar, að því gefnu að um fullan stuðning yrði að ræða. Hann segir einhvern aukakostnað verða vegna lántaka fyrst niðurstaðan varð þessi, en alltaf séu einhverjir óvissuþættir og verkefnið muni halda áfram af fullum krafti.

### *Grænir orkugjafar og olía á sama báti*

Haukur Marteinsson, bóndi á Grænuvöllum í Suður-Þingeyjarsýslu, segir úthlutunina hafa komið nokkuð á óvart. Búnaðarsamband S-Þing. fékk 14,1 milljón króna í stuðning en heildarstofnkostnaður verkefnisins er um 80 milljónir króna.

„Um er að ræða kornþurrkstöð, algjörlega knúna með heitu vatni og rafmagni en engri olíu," útskýrir Haukur. „Við fengum þennan pening og erum sáttir við það en efumst, svona við fyrstu sýn, um að farið hafi verið eftir úthlutunarreglum. Stöðvar sem keyra sig á olíu fengu sama hlutfallsstuðning og þær sem eiga að vera á heitu vatni, eða grænum orkugjöfum," segir hann.

Búið var að leggja mikla vinnu í að fá aðgang að heitu vatni fyrir kornþurrkstöðina sem standa á skammt sunnan við Húsavík, við Orkuhúsið þar sem eru tengingar við 120°C heitt vatn frá gróðrarstöðinni Hveravöllum.

„Við erum komin það langt með fjármögnun, frá einstaklingum, bændafélögum og fjárfestingasjóðum, að við erum í raun og veru nánast fullfjármögnuð stöð. Okkar nálgun var að við vonuðumst eftir því að ná kannski 40% stuðningi á árabilinu sem má sækja um hann," segir Haukur. Framkvæmdir við stöðina hefjast á næstu dögum eða vikum.

### *Ekki í takt við ráðleggingar*

Egill Gautason, Helgi Eyleifur Þorvaldsson og Hrannar Smári Hilmarsson sem skrifuðu skýrsluna Bleika akra, aðgerðaáætlun um aukna kornrækt, fyrir stjórnvöld, voru fengnir til að gefa matvælaráðuneytinu faglegt álit á umsóknunum þrettán.

Helgi, aðjunkt við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ), segir þá hafa varið tíma til að fara yfir umsóknirnar, gagnrýnt þær m.t.t. viðeigandi reglugerðar og forgangsraðað þeim. Ekki hafi allar umsóknir þótt styrkhæfar. „Úthlutunin er alls ekki í takt við ráðleggingar okkar og ekki vel rökstudd," segir Helgi. „Beina hefði átt stuðningnum til þeirra sem nýta sjálfbæra orkugjafa og hyggja á stærri þurrkstöðvar fyrir stærri svæði og meira magn," segir hann.

Í svari matvælaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um málið kemur fram að leitað hafi verið ráðgjafar hjá sérfræðingum LbhÍ við mat á umsóknunum. „Matvælaráðuneytið lagði eftir sem áður sjálfstætt mat á umsóknirnar og tók ákvörðun um úthlutun enda bera sérfræðingar LbhÍ ekki ábyrgð á henni. Í tillögu LbhÍ var lagt til að færri fengju styrki og þar af leiðandi kæmi hærri fjárhæð í hlut hvers og eins. Miðað við mat ráðuneytisins varð niðurstaðan að 8 af 13 umsækjendum fengu styrki ..." segir í svari ráðuneytisins.

### *Sækja um aftur*

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fjárfestingastuðning í kornrækt fá allar umsóknir sem samþykktar voru sama hlutfall af hámarksstuðningi. Hámarkið er 40% af heildarfjárfestingu og þau átta verkefni sem fengu stuðning fá 46% af því hámarki. Þar sem fjármagn til úthlutunar nægir ekki til hámarksstuðnings skerðast framlög hlutfallslega vegna allra samþykktra umsókna. Fyrri helmingur stuðningsins verður greiddur út í júní eða þegar fyrir liggur að framkvæmdir séu hafnar. Síðari hluti verður greiddur út í árslok í framhaldi af skilum á lokaskýrslu.

Fyrrgreind átta verkefni geta sótt um að nýju næstu tvö ár, eða þar til hámarkinu er náð. Verkefnum sem ekki fengu styrk núna er jafnframt heimilt að sækja um að nýju á næsta ári.

Fjárfestingastuðningur er einn þáttur aðgerðaáætlunar stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir að verja um tveimur milljörðum króna til átaks í kornrækt á árunum 2024–2028.

*/sá*



**„Við erum bara brattir og framkvæmdir við kornþurrkstöð ganga vel. Tækin eru í gámum á leiðinni til landsins og verið að steypa stóra steypu í grunninum. Svo kemur húsið vonandi í kjölfarið," segir Hermann I. Gunnarsson í Eyjafirði.** Mynd / Aðsend




Söluráðgjafar okkar eru í samningsskapi og bjóða úrval bíla á sérstökum sumarkjörum

**Veldu þér rétta ferðabílinn fyrir sumarið!**

**TOYOTA** FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Suður-Þingeyjarsýsla:

# Samvinna bænda

**Bændur á starfssvæði Búnaðarsambandsins í Suður-Þingeyjarsýslu sameinuðust um áburðarkaup í vor með svipuðu fyrirkomulagi og síðustu tvö ár þar á undan.**

Ari Heiðmann Jósavinsson, bóndi á Miðhvammi í Aðaldal, segist afar ánægður með árangurinn í áburðarkaupunum og vöruna sjálfa. Með þessu hafi náðst hagstæðari innkaup og telur hann stöðu bændanna gagnvart söluaðilunum sterkari.

Að þessu sinni bauð Lífland hagstæðasta verðið og telur Ari fyrirtækið hafa lagt sig sérstaklega fram við að landa útboðinu. Bændurnir eru jafnframt sáttir við að Lífland hefur verið liðlegt í viðbrögðum við kvörtunum þegar hefur komið í ljós galli í áburði og telur Ari sameiningarmáttinn koma sér vel hvað það varðar, í staðinn fyrir að hver bóndi standi einn.

*Áburður 530 tonn*

Upphaflega voru í kringum tuttugu bændur sem óskuðu eftir tilboði í sameiningu og bættust svo við fleiri eftir að þeir voru búnir að samþykkja tilboð frá Líflandi. Samkvæmt upplýsingum frá Líflandi voru að lokum 26 bú sem tóku þátt og var heildarmagn áburðarins 530 tonn.

Nú er þetta í þriðja skiptið sem bændur í Suður-Þingeyjasýslu fara þessa leið í áburðarkaupum og segir Ari ferlið vera orðið býsna slípað. Bændurnir hafi orðið varir við að áburðarsalarnir taki mark á tilboðsbeiðnum þeirra og leggi sig fram við að bjóða sem best.



Suðurþingeyskir bændur keyptu Líflandsáburð í félagi. Mynd / ál

*Kraftur í kornræktinni*

Þá er Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga búið að fullfjármagna og panta allan búnað fyrir kornþurrkstöð sem verður reist skammt frá Húsavík í sumar. Áætlað er að hún verði komin í gagnið í haust þegar kemur að því að þreskja korn í héraðinu, en hluti af því verður sérstaklega mikið magn sem fjórir bændur rækta í sameiningu.

Ari telur að um sé að ræða stærstu einstöku kornræktina í sýslunni, en bændurnir sáðu í tæpa 50 hektara á tveimur ökrum í landi Laxamýrar. Kornið var allt komið í jörðu fyrir hretið í byrjun júní og er það farið að taka vel við sér. Að auki við búið í Miðhvammi stóðu bændurnir á Kvíabóli, Lækjamóti og Björgum að baki ræktuninni og verður afurðun skipt jafnt á milli þeirra. /ál

# Heimasmíðuð heyskafa

**Á bænum Stóru-Reykjum í Flóa hefur verið tekin í notkun heimasmíðuð heyskafa.**

Hún er notuð á liðléttinginn á bænum. Skafan er v-laga og smíðuð í þeim tilgangi að hreinsa fóðurgangana sem eykur vinnuhagræði mikið í fjósavinnunni. „Dóttir mín, Gunnhildur, smíðaði þetta í bútækninámi sínu á Hvanneyri, en við feðginin hönnuðum þetta saman,“ segir bóndinn Gísli Hauksson. „Það er auðvelt að grípa sköfuna á liðléttingnum, enda eru engar slöngur eða tengingar. Þegar heyið er orðið moðað er hægt að ýta því beint upp í traktorsskófluna – það þarf því aldrei að moka neinu heyi.“

„Þetta er svo einfalt og rosalega vinnusparandi,“ heldur Gísli áfram en hann er með 70 kúa fjós auk geldneyta. „Fóðurgangarnir eru langir hjá mér og það er hægt að sópa þessu upp í einni ferð með þessu tæki.“



Gísli Hauksson, ánægður með smíði dóttur sinnar, Gunnhildar. Mynd / Áskell Þórisson

Gísli segir að þeir sem hafi séð hvernig tólið virki séu mjög hrifnir af því, en verst þó allra fregna þegar hann er spurður um mögulega fjöldaframleiðslu. /smh






Hluti af vöruúrvalinu frá Heiðmörk í Laugarási. Myndir / smh

Heiðmörk:

# Stóraukin eldpiparræktun

**Eldpiparræktunin í Heiðmörk í Laugarási hefur verið stóraukin í sumar.**

Eldpiparaldin, sem er í mismunandi styrkleikum, stærð, lögun og litbrigðum, hefur fallið vel í kramið hjá Íslendingum, frá því að Óli Finnsson og Inga Sigríður Snorradóttir keyptu garðyrkjustöðina árið 2021 og hófu þessa ræktun.

Nú í sumar hefur framleiðslan verið tvöfölduð, frá því að framleiða um 100 kíló á mánuði yfir í að nálgast 200, og segir Óli að þau selji jöfnum höndum til almennings og til veitingafólks. Að á Íslandi hafi myndast harður kjarni ástríðufólks sem brenni fyrir áti á eldpipar.

*Fært sig líka yfir á heildsölumarkaðinn*

Áður en Óli og Inga tóku við stöðinni var hún meðal annars kunn af Heiðmerkursalatinu og -steinseljunni. „Við förum strax að huga að breytingum í rekstrinum og fórum fyrst yfir í ýmsar paprikutegundir; eins og snakkpapriku, sætpapriku og svo eldpiparinn.

Til að byrja með seldum við bara inn á smásölumarkaðinn en smám saman höfum við verið að færa okkur líka inn á heildsölumarkaðinn með eldpipar,“ segir hann en þau hafa undanfarin tvö ár verið í heilsársframleiðslu á eldpiparnum.

*Allur skalinn af styrkleika*

„Við erum eiginlega með allan skalann af styrkleika á eldpipar; frá Carolina Reaper, sem er talinn vera sá næststerkasti sem ræktaður er í heiminum, og alveg niður í mjög mildar tegundir – sem eru aðeins sterkari en paprika.

Það er svo sem ekkert mjög mikil sala í þessum allra sterkustu en þó eru ákveðnir tryggir viðskiptavinir sem sækja í þetta.



Óli Finnsson og eldpipartegundin cayenne.

Hann segir að það hafi verið dálítið sérkennilegt í byrjun að þau hafi selt í raun jafnmikið af þessum sterkasta og svo salapeño, sem var þá mildastur. Tegundirnar sem voru í millistyrkleika hafi farið hægar af stað, eins og cayenne sem til er í nokkrum litbrigðum, en eru núna eiginlega að ná mestum vinsældum. Enda er cayenne tegund sem flestir þekkja sem klassískan eldpipar.

*Beint frá býli*

Þau Óli og Inga eru með litla sjálfsafgreiðsluverslun við stöðina sína þar sem viðskiptavinir geta alltaf gengið að ferskasta grænmetinu og kryddinu hverju sinni.

Óli segir að margir fastakúnnar venji reglulega komur sínar í verslunina. Auk eldpipars eru þau meðal annars með sætpaprikur, snakkpaprikur, salat, tómata og kryddtegundir. /smh



Carolina Reaper er talinn vera sá næststerkasti sem ræktaður er í heiminum.

Matvælaráðherra:

# Vinnuhópur vegna áhrifa illviðrisins

**Matvælaráðherra mun á næstu dögum setja á stofn smærri vinnuhóp sem ætlað er að leggja mat á umfang tjóns til lengri tíma, vegna áhrifa illviðrisins á dögunum, og gera tillögur um aðgerðir sem gætu komið til móts við það.**

Fyrsta verkefni hópsins verður að koma á fót möguleika á tjónaskráningu og hefur komið til tals að opna gátt á Bændatorginu vegna þess.

Viðbragðshópur var áður myndaður, strax í kjölfar illviðrisins, sem skipaður var fulltrúum matvæla- og innviðaráðuneyta, Bændasamtaka Íslands, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Almannavarna og lögregluembættanna á Norðurlandi vestra og eystra, og mun matvælaráðherra nú skipa fámennari vinnuhóp.

Samkvæmt upplýsingum úr matvælaráðuneytinu er tillaga um að fulltrúar matvæla- og innviðaráðuneyta og bænda skipi hópinn, auk annarra hagaðila eftir atvikum. Auk þess að leggja mat á tjón er gert ráð fyrir að hópurinn vinni að miðlun upplýsinga til bænda eftir því sem verkefninu vindur fram.



Tjón sauðfjárbænda mun ekki koma að fullu fram strax. Mynd / smh

Bændur eru hvattir til að halda vel utan um öll gögn vegna tjóns af völdum veðursins til að skráning verði sem best.

Hópnum verður jafnframt falið að gera tillögu að viðbragðsáætlun þegar áföll sem þessi verða. /smh

# Búvís

www.buvis.is Sími 465 1332







Samasz Sláttuvél hliðarhengd 3 metra KDT-300
kr. 1.890.000.- án vsk
Samasz Sláttuvél hliðarhengd 3,4 metra KDT-340
kr. 2.090.000.- án vsk
Samasz Sláttuvél miðjuhengd 3,4 metra KT-340
kr. 2.490.000.- án vsk
Samasz Sláttuvél miðjuhengd 3,9 metra XT-390
kr. 3.390.000.- án vsk
Samasz Sláttuvél m.h. knosara 3,0 metra KT301S
kr. 3.290.000.- án vsk

Samasz framsláttuvél 3,4 metra KDF340
kr. 2.490.000.- án vsk
Samasz framsláttuvél 3,4 metra m. knosara KDF341S
kr. 3.090.000.- án vsk

Samasz rakstrarvél 4,70m Z-470
kr. 1.495.000.- án vsk
Samasz rakstrarvél 4,7 m dregin UNO-470
kr. 1.898.000.- án vsk
Samasz rakstrarvél 8,4m. tveggja stjörnu Z2-840
kr. 4.890.000.- án vsk

Samasz heyþyrla 8,90 m P8-890
kr. 3.490.000.- án vsk

# MIKIÐ ÚRVAL AF RÚLLUPLASTI

## UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Rani





POWER STRETCH

BAL'ENSIL





**Palmse PT150 sturtuvagn**
Burðargeta 13 tonn
Kr. 2.890.000.- án vsk
**Palmse PT190 sturtuvagn**
Burðargeta 15 tonn
Kr. 3.590.000.- án vsk



**Palmse PT3925 rúlluvagn**
Burðargeta 14 tonn. Lengd 9.22 m
Kr. 2.890.000.- án vsk

Palmse Trailer

## PALMSE VAGNAR



**Palmse malarvagn**
Með hardox botnplötu
PT1300 burðargeta 13 tonn
Kr. 2.290.000.- án vsk.





**Robus 1900 MB malarvagn**
Burðargeta 19 tonn. Hliðar 1m
Vökva- og loftbremsur. Fjaðrandi beisli
Kr. 5.490.000.- án vsk.



**Palmse PT700 sturtuvagn**
Burðargeta 7 tonn
Kr. 1.490.000.- án vsk

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Starfandi ritstjóri:** Sigurður Már Harðarson (ábm.) smh@bondi.is – **Sími:** 563 0300
**Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## Af íslenskum matjurtum

**Tíminn er núna til að taka forskot á sæluna og leita uppi brakandi ferskar íslenskar matjurtir.**

Þó að megnið af uppskerunni úr hefðbundinni útiræktun grænmetis bíði okkar síðsumars eru allnokkrar garðyrkjustöðvar, einkum í ylrækt en einnig í inniræktun í köldum gróðurhúsum, farnar að skarta sínu fegursta í úrvali afurða. Einnig má á stöku stað hjá smáframleiðendum finna fágætar salat- og káltegundir tilbúnar til uppskeru úr útiræktun þetta snemma sumars.

Hér í blaðinu á blaðsíðu 10 er frásögn í máli og myndum af ræktun garðyrkjubænda í Reykjalundi í Grímsnesi sem óhætt er að kalla frumkvöðla í sinni grein. Þau Áslaug Einarsdóttir og Nicholas Ian Robinson hafa þar frá 2014 nær eingöngu stundað milliliðalausa sölu á sínum afurðum til neytenda. Þau notast við áskriftarkerfi þar sem dyggir viðskiptavinir skuldbinda sig til að kaupa tiltekinn fjölda 2,7 kílóa grænmetispoka sem afhentir eru yfir sumartímann. Fyrsta afhendingin er einmitt núna á laugardaginn þar sem von er á ýmsu álitlegu úr bæði inni- og útiræktun.

> „Í Reykjalundi yfir sumartímann eru um 40 tegundir í ræktun, sem hlýtur að vera nálægt Íslandsmeti ...

Bændurnir í Reykjalundi segja að þau hafi enn ekki notið stuðnings frá stjórnvöldum, einfaldlega vegna þess að þau falla ekki inn í ramma úthlutunarreglna – hvorki í inni- né útirækt. Stærð ræktarlands þeirra hefur verið nokkuð undir þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til að fá stuðning. Frá því að þau hófu búskap hafa verið kröfur um að skorið sé upp af einum hektara að lágmarki til að hægt sé að fá jarðræktarstyrk, en með síðustu endurskoðun búvörusamninga var það land minnkað niður í fjórðung hektara. Þau sjá því smá smugu á því nú að geta fengið svolítinn stuðning í nánustu framtíð með stækkun ræktarlands.

Í Reykjalundi yfir sumartímann eru um 40 tegundir í ræktun, sem hlýtur að vera nálægt Íslandsmeti, en þetta er mögulegt meðal annars vegna þess hversu vel ræktarlandið og gróðurhúsin eru nýtt. En það er einmitt vegna hinnar fjölbreyttu ræktunar á litlu landsvæði sem þau passa svo illa inn í styrkjafyrirkomulagið.

Þau segja að árangur þeirra megi einnig þakka því að þau leggja rækt við jarðveginn í bókstaflegum skilningi, með aðferðum lífrænnar ræktunar, og hafa nú nýlega sótt um vottun á land sitt og afurðir. Einhæf ræktun á fjölda hektara gæfi þó mun meira til búrekstrarins í formi ríkisstyrkja.

Fyrir utan þessar breytingar á garðyrkjusamningi búvörusamninganna sem áður eru nefndar, fengu garðyrkjubændur í raun enga uppfærslu á sínum samningi þrátt fyrir ítrekuð gefin loforð ríkisstjórnarinnar um hvata til aukinnar framleiðslu. Uppskerutölur úr íslenskri garðyrkju gefa til kynna að stöðnun ríki í greininni, svipuð uppskera er að magni og í ræktuðum tegundum frá ári til árs. Hlutfall innlendrar framleiðslu hér í verslunum hefur rýrnað umtalsvert sé litið til síðustu 15 ára og er vel undir 50 prósentum. Útgefnar uppskerutölur ná hins vegar ekki utan um smáframleiðendurna og þá grósku sem þar er, því það talnaefni er tekið saman á forsendum útgreiddra jarðræktarstyrkja.

Bændurnir í Reykjalundi segja að fjárfestingakostnaður fyrir nýja garðyrkjubændur geti verið mjög þungbær, en enginn beinn opinber fjárfestingastuðningur er þar í boði líkt og stjórnvöld hafa innleitt í kornræktinni. Yrkjaprófanir og kynbætur fyrir íslenskar aðstæður í garðyrkjunni þekkjast tæpast.

Slík rannsóknarvinna var endurvakin í kornræktinni á síðasta ári í samhengi við aðgerðaráætlun stjórnvalda um aukna innlenda kornframleiðslu, sem svo var fylgt eftir með fjárfestingastuðningi á þessu ári.

*Sigurður Már Harðarson*









Kaja Häsler og Pablo Amador bjóða almenningi alla miðvikudaga í sumar að koma í gróðurhúsin og tína grænmeti af plöntunum. Hjá Sunnu hefur einnig verið tekin upp sú nýbreytni að bjóða grænmetiskassa til sölu á fimmtu- og föstudögum, þar sem boðið er upp á ferskasta grænmetið og kryddjurtirnar hverju sinni. Það eru þorpsbúarnir sjálfir sem eiga heiðurinn af skreytingum þeirra. Myndir / smh

### Sunna á Sólheimum:

# Opnar gróðurhúsin fyrir almenningi

**Nýr garðyrkjustjóri tók nýlega við stjórnartaumunum í Sunnu á Sólheimum og meðal nýjunga sem bryddað verður upp á núna í sumar er að gefa almenningi kost á að koma hvern miðvikudag í gróðurhúsin til þeirra og tína sér tómata og annað grænmeti beint af plöntunum.**

Nýi garðyrkjustjórinn heitir Pablo Amador og er fæddur í Kólumbíu en hefur komið víða við á leið sinni til Íslands.

***Lífefnaverkfræði, plöntuvísindi og vistrækt***

Hann hefur starfað hjá Sunnu undanfarin þrjú ár, fyrst sem sjálfboðaliði en síðan í föstu launuðu starfi, en hann nam lífefnaverkfræði og tók meistarapróf í plöntuvísindum frá háskóla í Þýskalandi. Hann stúderaði einnig vistrækt (permaculture) í Sviss, áður en hann kom til Íslands, þar sem hann vann verkefni um hönnun á „eco-villages“, en hugmyndafræði Sólheima er einmitt í þeim anda.

Í verkefninu segir Pablo að hugað hafi verið sérstaklega að tilteknum félagslegum þáttum, þar sem öllum íbúum er gert kleift að þroskast á forsendum hvers og eins með þátttöku í samfélaginu – auk markmiða um sjálfbærni slíkra samfélaga á mörgum sviðum.

***Betri tengsl við viðskiptavinina***

Hann segist hafa tekið við í mars og strax haft hugmyndir um mögulegar breytingar á einu og öðru í rekstri Sunnu.

Nokkur verkefni séu í gangi á þessu sumri, sérstaklega nefnir hann þá nýbreytni að opna gróðurhúsin




fyrir viðskiptavinum á hverjum miðvikudegi í sumar.

Gróðurhúsin á stöðinni eru nokkur og Pablo segir að mikið pláss sé fyrir nokkuð umfangsmikla ræktun, eða heilir 2.500 fermetrar. Mikil uppskera hefur verið og ekki hægt að selja allt í þeim verslunum sem Sunna er í viðskiptum við, sem eru meðal annars Nettó, Melabúðin og Fjarðarkaup. Því hafi verið brugðið á þetta ráð, auk þess sem viðskiptavinum gefst nú kostur á að kaupa sérstaka grænmetiskassa með sérvöldu grænmeti úr uppskeru dagsins. Grænmetiskassarnir eru í boði á fimmtu- og föstudögum og eiga þorpsbúarnir heiðurinn af skreytingu þeirra.

Pablo segir að þessar nýjungar séu líka hugsaðar til að styrkja tengslin við viðskiptavinina.

***Tómatar í öllum stærðum og gerðum***

Þá hefur Pablo fjölgað grænmetistegundum í ræktun, og er alveg sérstaklega fjölskrúðugt úrval tómatategunda af öllum stærðum og gerðum – og að auki í fjölmörgum litbrigðum. Hann telur að um 15 tegundir séu nú í ræktun hjá Sunnu. Hann segir að það hafi verið tekið mikilvægt skref í tómataræktuninni



Pablo Amador hér hjá stæðilegri rósakálsplöntu.

þetta sumarið þegar hann ákvað að gera stífari kröfur um val á fræjum og notast bara við gömul og hefðbundin, þannig að hægt sé að rækta þau áfram af fræjunum sem tómatarnir gefa af sér sjálfir í stað þess að þurfa að kaupa ævinlega ný fræ. Þau sem ákveðið hefur verið að kaupa eru lífrænt vottuð frá Frakklandi, Spáni og Þýskalandi, sumar tegundir „bíódínamískar“ þar sem jafnvel er gengið lengra í kröfum en með hefðbundinni lífrænni vottun.

Sunna er með lífræna vottun fyrir vörur sínar og segir Pablo að því hafi þau ákveðið að framleiða að mestu sjálf þann áburð sem þarf til ræktunarinnar. Til þess er meðal annars notaður pressaður safinn úr brenninetlum sem vaxa víða á Sólheimalandinu, en Pablo segir hann mjög öflugan. /smh



Hundurinn Vaskur frá Krákuvör í Flatey fagnar 14 ára afmæli nú í ár. Hér nýtur hann lífsins til hins ýtrasta. Mynd / Þórdís Una



Hríma litla fæddist að Hátúni í Skagafirði 3. júní, mánuði fyrir áætlaðan burðardag og var því ósköp lítil og falleg. Helga Sjöfn Helgadóttir í Hátúni segir Hrímu vera ákveðna þótt smá sé, dugleg að drekka og mannelska. Mynd / Helga Sjöfn Helgadóttir.

# Sumarkveðja

Nú þegar lífið kviknar með sumrinu og golan leikur við kinn, skulum við gleðjast, með texta Jóhannesar úr Kötlum í huga og njóta alls þess góða sem fylgir því að vera til. /sp

***Sunnan yfir sæinn***

*Sunnan yfir sæinn breiða*
*sumarylinn vindar leiða.*
*Draumalandið himinheiða*
*hlær - og opnar skautið sitt.*
*Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!*

*Gakk þú út í græna lundinn,*
*gáðu fram á bláu sundin.*
*Mundu, að það er stutt hver stundin,*
*stopult jarðneskt yndi þitt.*
*Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!*

*Allt hið liðna er ljúft að geyma*
*- láta sig í vöku dreyma.*
*Sólskinsdögum síst má gleyma,*
*segðu engum manni hitt.*
*Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!*



Kanínan Tumi frá Akureyri japlar hér á stráum í góðu yfirlæti á Dýraathvarfinu á Hólum. Mynd / Rebecca Ostenfeld



Víða eru fallegir hestar í nágrenni við Akranes eins og hér má sjá. Mynd / Aðsend



Forystulömb frá Hvammshlíð. Ásta og Seli Dórubörn undan Nikulás frá Brakanda, nefnd í höfuðið á Ástu Einarsdóttur fósturtalningarmanni og Axel Kárasyni dýralækni. Lambamyndir / Karólína í Hvammshlíð



Hænan Hólmfríður úr Búðardalnum gætir afkvæma sinna vel enda ungviðið öllum dýrmætt. Mynd / Rebecca Ostenfeld



Forystulömb frá Hvammshlíð. Steinunn og Jónatan Auðarbörn undan Steinríki frá Bjarnastöðum, nefnd í höfuðið á systkinum frá Galtalæk í Biskupstungum (Jónatan Hermannsson þekkja auðvitað allir!).

# Vísnahornið

Ekki veit ég gjörla hvað margir rímnahættir eru til, en sumt er minna notað en annað. Hér mun vera dæmi um aldýrt gagaraljóð, eftir **Jón Hjaltalín Oddsson:**

*Tjóðruð óðum gjörir gáð*
*gróðurs ljóða hljóð ófróð,*
*móðu glóða bör í bráð*
*bjóða rjóður góðri þjóð.*

(Þetta skilja allir, trúi ég.)

Stafhenduættina einkennir svonefnt runurím, þetta orti **Kristján N. Júlíus (K.N.)**:

*Ég sá og þekkti systur tvær,*
*synd og glötun hétu þær.*
*Í húsi þeirra ég vinsæll var*
*og við mig léku systurnar.*

Dæmi um braghent-hurðardrátt eftir **Sveinbjörn Beinteinsson**:

*Gullið oft á gapaleiðir ginnir*
*skata;*
*þaðan liggja þröngir stigir;*
*þessa vegi fáir rata.*

Stúfhent og stiklað mun þetta vera úr háttatali **Sveinbjarnar Beinteins**:

*Hvar sem djarfur leggur leið*
*um líf og starf,*
*góðan arf hann geyma þarf.*

**Aðalbjörg Jónsdóttir** mun hafa ort þessa dverghendu til fermingarbarns:

*Fáfnislanda foldin rjóða,*
*fótmál hvert*
*milli handa Guðs hins góða*
*geymd þú sért.*

**Prófessor Jón Helgason** mun hafa ort þessa breiðhendu:

*Ofar stend ég efstu grösum,*
*allt hið græna land er horfið,*
*hreggsins þjöl í hörðum snösum*
*hefur gneypar myndir sorfið.*

**Dagbjartur Dagbjartsson** orti þessa afbragðs ferskeytlu:

*Stakan er, ef marka má,*
*margar vísur snjallar,*
*afbragðsgræja til að tjá*
*tilfinningar allar.*

Ekki orti **Hallgrímur Pé.** eingöngu sálma. En þetta orti hann um Arngrím lærða á Þingvöllum, til háðs:

*Eins og forinn feitur,*
*fénu mögru hjá,*
*stendur strembileitur*
*stórri þúfu á;*
*þegir og þykist frjáls,*
*(þetta kennir prjáls)*
*Reigir hann sig og réttir upp,*
*rófuna til hálfs,*
*sprettir úr sporunum státi*
*og sparðar gravitáte.*

## Leiðrétting

Í Vísnahorni 13. tölublaðs varð pistlahöfundi á að rangfeðra þessa vísu og segja hana eftir Stein, enda birtist hún í ljóðabók hans. En það mun ekki öruggt vera.

*Fellur ofan fjúk og snær,*
*flest vill dofa ljá mér.*
*Myrk er stofa, mannlaus bær,*
*má ég sofa hjá þér?*

Vísa þessi mun vera ort 1938, eftir Guðmund Sigurðsson frá Borgarnesi.

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*

# Landsmót hestamanna 2024

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is



**Landsmót hestamanna hefst á mánudag í Víðidal í Reykjavík. Ef frammistaða hrossa og knapa í vor er einhver vísbending um gæði Landsmótsins er öruggt að það verður gæðingaveisla í Víðidalnum alla næstu viku.**

Úrtökur hafa farið fram víða um land, ásamt íþróttamótum og kynbótasýningum. Aftur verður keppt í öllum greinum íþróttakeppninnar, en boðið var upp á það í fyrsta sinn á síðasta Landsmóti á Hellu. Sitt sýndist hverjum um þá ákvörðun að bæta við íþróttakeppninni en miðað við skráningu er augljóst að keppendur eru hrifnir af þessu fyrirkomulagi, að geta teflt sínum hesti fram á þeim vettvangi sem hentar honum best.

Eins og svo oft áður hefst mótið á kynbótadómum samhliða forkeppni í barnaflokki. Linda Guðbjörg Friðriksdóttir kemur efst inn á mótið í barnaflokki en hún situr Sleipnisbikarhafann frá síðasta Landsmóti, Sjóð frá Kirkjubæ. Næst á eftir henni eru þau Elimar Elvarsson á Sölku frá Hólateigi og Una Björt Valgarðsdóttir á Öglu frá Ási 2.

Unglingaflokkurinn á síðsta móti var einn af sterkustu flokkum mótsins og miðað við einkunnir frá úrtökumótum hestamannafélaganna virðist það sama vera upp á teningnum í ár. Elín Ósk Óskarsdóttir kemur efst inn á mót en hún er á hryssunni Ísafold frá Kirkjubæ. Rétt á eftir er Elva Rún Jónsdóttir á Straumi frá Hofsstöðum, Garðabæ og Ída Mekkín Hlynsdóttir á Marín frá Lækjarbrekku 2.

Ungmennin eru ekkert smá vel ríðandi en þar má sjá fyrrum Landsmótssigurvegara í B-flokki og úrslitahesta frá síðasta Landsmóti. Þau eru jöfn efst inn á mót, Sigurður Baldur Ríkharðsson á Lofti frá Traðarlandi og Védís Huld Sigurðardóttir á Ísaki frá Þjórsárbakka. Þriðja er Guðný Dís Jónsdóttir á Hraunari frá Vorsabæ II.



Arney frá Ytra-Álandi er hæst dæmda hryssan frá upphafi en hún er með 8,91 í aðaleinkunn, sýnandi Agnar Þór Magnússon. Mynd / Kolla Gr.

### *Enginn skortur á gæðingunum*

Álfamær frá Prestsbæ er efst á stöðulista inn á Landsmót í A-flokki með 8,88 í einkunn en knapi er Árni Björn Pálsson. Kjörið tækifæri fyrir Árna að sigra aftur A-flokk á Landsmóti en síðast vann hann á Hellu árið 2008 á Aris frá Akureyri. Það verður þó ekki auðvelt verk en engar smákanónur eru á stöðulistanum. Fyrrum heimsmetshafinn, Þráinn frá Flagbjarnarholti, er næstur með 8,82, knapi Þórarinn Eymundsson, og á eftir honum er Leynir frá Garðshorni á Þelamörk, knapi Eyrún Ýr Pálsdóttir, með 8,79.

Ég held að keppni í A- og B-flokki geti orðið mjög spennandi og jafnvel jafnari en oft áður. B-flokkurinn er nokkuð opinn og svona fyrir fram sér maður fram á mikla baráttu í úrslitunum. Það er aragrúi gæðinga í B-flokki en efstur inn á móti er Kór frá Skálakoti, sýndur af Jakobi Svavari Sigurðssyni með 8,89 í einkunn. Annar er Adrían frá Garðshorni á Þelamörk með 8,80 í einkunn, sýndur af Guðmundi Björgvinssyni, og í því þriðja er Vala frá Hjarðartúni með 8,77, sýnd af Arnhildi Helgadóttur.



Feykir frá Stóra-Vatnsskarði er hæst dæmdi fjögurra vetra stóðhesturinn eftir vorsýningar, sýnandi Hans Þór Hilmarsson. Mynd / Nicki Pfau

Margir aðrir gríðarsterkir hestar eru í báðum þessum flokkum en hér fyrir ofan eru aðeins taldir upp þrír efstu. Eitt er víst að þetta stefnir í alvöru gæðingaveislu í Víðidalnum.

### *Nýtt heimsmet í hæsta dómi hryssna*

Kynbótaárið byrjaði með látum og hart var barist um heimsmet hryssna. Alls voru 898 hross sýnd á ellefu vorsýningum. Sýnt var á Rangárbökkum á Hellu (4 sýningar), Hólum í Hjaltadal (2), Spretti í Kópavogi (2), Brávöllum, Selfossi (2) og Víðidal í Reykjavík (1).

Eins og áður kom fram var hart barist um nýtt heimsmet hryssna. Þær Hildur frá Fákshólum og Arney frá Ytra-Álandi slógu báðar 16 ára gamalt heimsmet Lukku frá Stóra-Vatnsskarði, en hún hlaut 8,89 á Landsmóti 2008 sem var hæsti dómur sem hryssa hafði hlotið. Hildur sló heimsmetið fyrst þegar hún hlaut 8,91 í aðaleinkunn. Hlaut hún 8,69 fyrir sköpulag og 9,03 fyrir hæfileika, þ.á m. 10 fyrir skeið. Hildur, sem er sjö vetra undan Ölni frá Akranesi og Gnýpu frá Leirulæk, var sýnd af Helgu Unu Björnsdóttur. Jakob Svavar Sigurðsson er ræktandi Hildar og Gut Birkholz GbR er eigandi.

Tveimur dögum síðar sló síðan Arney heimsmet Hildar þegar hún hlaut hvorki meira né minna en 8,98 í aðaleinkunn. Hlaut hún 8,61 fyrir sköpulag og 9,28 fyrir hæfileika, aðeins fimm vetra gömul. Hlaut hún m.a. 10 fyrir samstarfsvilja og 9,5 fyrir tölt, brokk, greitt stökk og fegurð í reið. Það var Agnar Þór Magnússon sem sýndi hryssuna en ræktandi er Úlfhildur Ída Helgadóttir, en hún er jafnframt eigandi hryssunnar ásamt Ragnari Skúlasyni.

Þær Hildur og Arney eru þó ekki þær einu sem hlutu yfir 9,0 fyrir hæfileika á vorsýningum því Grímar frá Þúfum fékk 9,01. Grímar er sex vetra undan Sólon frá Þúfum og Grýlu frá Þúfum.

Til gamans má geta að Grímar er fjórði hesturinn í beinan karllegg sem fær yfir 9,00 fyrir hæfileika. Faðir hans Sólon var með 9,11, afi hans Trymbill var með 9,01 og langafi Þokki frá Kýrholti með 9,04. Sýnandi Grímars var Mette Mannseth.

### *Sautján tíur*

Nokkrar tíur litu dagsins ljós á kynbótabrautinni en fyrir utan tíuna sem Arney hlaut fyrir samstarfsvilja og Hildur fyrir skeið, hlaut Steinn frá Stíghúsi 10 fyrir brokk. Herakles frá Þjóðólfshaga 1 og Mjallhvít frá Sumarliðabæ fengu líka 10 fyrir skeið. Díana Bakkakoti hlaut 10 fyrir stökk. Grímar frá Þúfum og Svarti-Skuggi frá Pulu fengu báðir 10 fyrir fet. Þá er ekki búið að telja þær tíur sem hafa verið gefnar fyrir einstaka eiginleika í sköpulagi en Þórshamar frá Reykjavík hlaut 10 fyrir bak og lend og átta hross hlutu 10 fyrir prúðleika; Sjafnar frá Skipaskaga, Grímur frá Öldvaldsstöðum IV, Eldey frá Prestsbæ, Hreggviður frá Efri-Fitjum, Léttir frá Þóroddsstöðum, Hjartasteinn frá Hrístjörn, Krummi frá Feti og Díva frá Kvíarhóli.

### *Frábær fjögurra vetra hross*

Mörg frábær fjögurra vetra hross hafa verið sýnd í vor og verður gaman að fylgjast með þessum yngstu hrossum á mótinu. Efstur stóðhesta er Feykir frá Stóra-Vatnsskarði með 8,57 í aðaleinkunn og efstu hryssur með sömu aðaleinkunn, 8,38, eru Kría frá Árbæ og Dama frá Hjarðartúni.

Feykir er með hæstu hæfileikaeinkunnina, eða 8,48 og hæstur í sköpulagi er Dalvar frá Efsta-Seli með 8,86, sem er fjórða hæsta sköpulagseinkunn sem fjögurra vetra hross hefur hlotið. Nokkur af þeim hafa hlotið úrvalseinkunn en þau Miðill frá Hrafnagili og Katla frá Árbæjarhjáleigu II hlutu 9,5 fyrir samstarfsvilja. Dama frá Hjarðartúni fékk það einnig sem og 9,5 fyrir tölt. Orka frá Sámsstöðum hlaut 9,5 fyrir skeið.

### *Álfaklettur hlýtur Sleipnisbikarinn*

Komið er í ljós hvaða hestar taka á móti afkvæmaverðlaunum á mótinu. Fjórir stóðhestar geta mætt með afkvæmahóp til heiðursverðlauna á mótinu, þeir Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum, Hringur frá Gunnarsstöðum og Skaginn frá Skipaskaga. Þessu til viðbótar getur Kjerúlf frá Kollaleiru mætt með afkvæmahóp á Landsmót, en hann hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi árið 2022 en hefur ekki mætt með afkvæmahóp á Landsmót.

Álfaklettur stendur vel í kynbótamatinu og mun því standa efstur þessara stóðhesta á Landsmóti og taka við Sleipnisbikarnum sögufræga. Hann er þriðji sonur Álfadísar frá Selfossi sem hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Álfur frá Selfossi var Sleipnisbikarhafi á Landsmóti árið 2012 og Álfasteinn frá Selfossi hlaut heiðursverðlaun árið 2019. Þá nær Álffinnur frá Syðri-Gegnishólum einnig heiðursverðlaunum í ár en hann er staddur í Svíþjóð.

Þráinn frá Flagbjarnarholti verður handhafi Orrabikarsins á komandi Landsmóti en hann er efstur af þeim átta hestum sem geta mætt með afkvæmahóp á Landsmót til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi. Hinir eru Adrían frá Garðshorni á Þelamörk, Ísak frá Þjórsárbakka, Dagfari frá Álfhólum, Snillingur frá Íbishóli, Hreyfill frá Vorsabæ, Lexus frá Vatnsleysu og Ljósvaki frá Valstrýtu.



Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum var handhafi Orrabikarsins á Landsmótinu 2022 á Hellu. Í ár mun hann taka á móti Sleipnisbikarnum. Mynd / Kolla Gr.



can-am®

# TRAXTER 1000 6X6
# FYRIR KREFJANDI VERKEFNI




**EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU Í JÚLÍ OG ÁGÚST**

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

Reykjalundur:

# Auka grænmetisframleiðsluna um helming og sækja um lífræna vottun

## – Gróðrarstöðin er með óvenju fjölbreyttar tegundir í ræktun

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



**Í Reykjalundi í Grímsnesinu hafa garðyrkjubændurnir Áslaug Einarsdóttir og Bandaríkjamaðurinn Nicholas Ian Robinson tekið upp þráðinn frá sumrinu 2022 og rækta nú enn meira grænmeti en áður, eftir framkvæmdahlé síðasta sumar.**

Þau hafa notað tímann til að færa út kvíarnar og ætla sér að auka framleiðsluna um helming með því að stækka ræktarlandið og byggja nýtt gróðurhús. Auk þess voru þau að leggja inn umsókn til Vottunarstofunnar Túns um lífræna vottun á framleiðslu sína. Þau hafa samt sem áður beitt hugmyndafræði lífrænnar ræktunar alla tíð, hafa þau grundvallargildi að tryggja sjálfbærni og einblína á notkun jarðvegsbætandi efna úr nærumhverfinu. Þau nota því hvorki skordýraeitur né illgresiseyði við ræktunina.



Áslaug og Nicholas í Reykjalundi, með tómata- og kúrbítsplöntur beggja vegna við sig. Myndir/smh



Hluti af ræktarlandinu í Reykjalundi, hvítlauksræktunin í forgrunni hér á mynd.

### *Nálgast það að vera talin meðalstór*

Þau eru þriðju kynslóðar garðyrkjubændur í Reykjalundi og hófu sinn búskap þar árið 2014, með litla ræktun og sölu. Stórt skref var tekið hjá þeim í stækkun stöðvarinnar árið 2019.

Nicholas segir að þau flokkist enn sem smáframleiðendur, vegna þess hversu lítið landsvæði er undir ræktun hjá þeim. Því hafi þeim ekki staðið til boða að fá jarðræktarstyrki enn þá, sem þau Áslaug telja að sé þó gríðarlega mikilvægt fyrir smáframleiðendur til að koma sér af stað, vegna þess hversu fjárfestingakostnaðurinn geti verið þungbær. Þó með nýjustu stækkunum hjá sér nálgist þau að vera komin með framleiðslugetu sem sé nálægt meðaltalsframleiðslu garðyrkjubýla á Íslandi.



Útiræktaðir ætiþistlar, sem Nicholas telur einkar hentuga tegund hér á Íslandi.

Einn er þó meginmunur á Reykjalundi og flestöllum öðrum garðyrkjubýlum, sem er að uppskera þeirra er nánast eingöngu seld beint til viðskiptavinanna. Langmest af henni er seld í áskrift, bæði til viðskiptavina í nærsveitum og á höfuðborgarsvæðinu.



Nicholas handtínir illgresi á milli hvítlauksbeðanna.

### *Um 40 tegundir í ræktun*

Nýlega hóf Reykjalundur samstarf við dreifingarfyrirtækið Pikkóló sem rekur sínar Pikkóló-dreifistöðvar á fjórum stöðum í Reykjavík.

Er ætlunin í sumar að senda áskriftapoka á þessar stöðvar. Ekki verður boðið upp á heimsendingar í sumar en þau veða með mánaðarlegan markað sem þau gefa fljótlega nánari upplýsingar um.

Síðar í sumar verða þau með heitt á könnunni fyrir þau sem vilja kíkja í heimsókn og fá leiðsögn um býlið og kaupa grænmeti beint úr beðunum. Þau segja að nánari upplýsingar um þá markaði muni liggja fyrir mjög fljótlega. Hægt er að fylgjast með á Facebook-síðu Reykjalundar hvenær þau opna fyrir heimsóknir í sumar.

Vegna þessa viðskiptafyrirkomulags eru tegundir í ræktun hjá þeim óvenju fjölbreyttar – og óhætt að fullyrða að fáar garðyrkjustöðvar slái þeim við hvað það varðar en Nicholas telst til að tegundirnar séu um 40 talsins.

### *Doktorsverkefni í Kaliforníu*

Þau segja að undanfarna vetur hafi þau dvalið í Kaliforníu, þar sem Nicholas vinni að doktorsverkefni sínu, auk þess sem hann sinni kennslu við háskóla í Kaliforníu. Í því verkefni, sem er á sviði landfræði, kortleggur hann íslenska garðyrkju, skoðar aðstæður, rekstur og umfang ræktunar hverrar garðyrkjustöðvar meðal annars í þeim tilgangi að kanna hvernig nálgast megi sjálfbærni í innlendri garðyrkjuframleiðslu.



Í Reykjalundi eru ræktaðar um 40 tegundir af grænmeti og salati. Myndir / Reykjalundur



Salatbeðin hafa tekið á sig fallega mynd.



Mikil rabarbararæktun er í Reykjalundi.

Á sumrin hafa þau einbeitt sér að því að þróa búreksturinn í Reykjalundi. Þegar blaðamann bar að garði mátti sjá að von væri fljótlega á fallegri uppskeru fyrir áskrifendur, enda er stefnt að því að fyrsta afhending verði 29. júní. Áskriftartímabilinu lýkur svo 19. október.

### *Ferskur hvítlaukur og fennel*

Meðal tegunda í ræktun á Reykjalundi eru ýmis afbrigði kirsuberjatómata, einnig stórir „Slicer tómatar - heirloom og beefsteak tómatar“, agúrkur, grænkál (svart eða rautt), Chard- eða Collardkál, ýmsar salathausategundir, baby mustard greens, klettasalat, næpur, radísur, kryddjurtir (steinselja, basilika, vorlaukur og fleiri kryddjurtir), eggaldin, kúrbítur, blómkál, ferskur matlaukur, hvítlaukur, sætar snakkpaprikur, chili-pipar, paprikur, beður, broccolini, sellerí, gulrætur og fennel.

Nálgast má frekari upplýsingar um ræktunina í Reykjalundi og áskriftarfyrirkomulagið á vefnum þeirra, reykjalundurgardyrkja.is.






# FLATEY Á SKJÁLFANDA

## PARADÍSIN OKKAR – SAGAN OG RÆTURNAR











**Upplifðu paradís Skjálfandaflóa í allri sinni dýrð** með einstaka náttúru og stórbrotnu fuglalífi. Gentle Giants býður uppá allskonar sérferðir frá Húsavík til Flateyjar. Tilvalið fyrir einstaklinga og hópa við öll tilefni, einfalt eða lúxus með öllu. Fyrirtækið er með sterkar rætur í Flatey og hefur uppá að bjóða glænýja og umhverfisvæna byggingu með stórum veislusal ásamt grillaðstöðu.

### SÉRSNIÐNAR FERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

Gentle Giants er fjölskyldufyrirtæki á Húsavík með 160 ára fjölskyldusögu við Skjálfandaflóa og hefur mikla reynslu í að skipuleggja eftirminnilegar Flateyjarferðir.

- Brúðkaup
- Gæsa- og steggjaferðir
- FYRIRTÆKJAFERÐIR
- STARFSMANNAFERÐIR
- LJÓSMYNDA- OG KVIKMYNDAFERÐIR
- Saumaklúbbar
- Grill
- SÖGUFERÐIR
- VÍSINDAFERÐIR
- AFMÆLISVEISLUR
- Ættarmót
- Og margt fleira









Travelers' Choice 2023 Tripadvisor
2022 Travelers' Choice Tripadvisor
2021 Travelers' Choice Tripadvisor
2020 Travelers' Choice Tripadvisor

Gentle GIANTS HÚSAVÍK

160 ÁRA FJÖLSKYLDUSAGA VIÐ FLÓANN

www.gentlegiants.is • info@gentlegiants.is • Sími 464 1500

FÉLAGI Í ICEWHALE – HVALASKOÐUNARSAMTÖK ÍSLANDS

Gentle GIANTS simply natural

**Landgræðsla:**

# Kjötmjöl í lífrænan uppgræðsluáburð

## – Áburðardreifing, sáning og gróðursetning í fullum gangi

**Land og skógur annast sjötíu og sjö landgræðslusvæði sem spanna yfir 250 þúsund hektara.**

Í sumar verður unnið að áburðardreifingu, sáningu og gróðursetningu á uppgræðslusvæðum Lands og skógar, auk margra annarra verkefna.

Gústav Magnús Ásbjörnsson, sviðsstjóri endurheimtar vistkerfa hjá Landi og skógi, segir mörg verkefni hafin eða vera að fara í gang, um allt land. „Svo er staðan auðvitað þannig, sérstaklega fyrir norðan, að tíðarfarið tefur fyrir aðgerðum í landgræðslu eins og öðrum verkum. Til dæmis eru girðingar stofnunarinnar á Norðurlandi nokkuð víða undir snjó enn þá og jörð mjög blaut og ekki alls staðar hægt að fara um af einhverri ábyrgð,“ segir hann.



Gústav Magnús Ásbjörnsson.

*Umsjón landgræðslusvæða*

Land og skógur sér um 77 landgræðslusvæði sem allt í allt eru ríflega 250 þúsund hektara stór og flest þeirra afgirt. Girðingarnar eru hátt í 800 kílómetrar og er unnið að viðhaldi þannig að því sé lokið áður en fé er sleppt í sumarhaga.

„Land og skógur vinnur að áburðardreifingu, sáningu og gróðursetningu í þessi svæði. Alls verður tilbúinn áburður borinn á um 3.500 hektara, melgresi og túnvingli sáð í um 250 hektara og ríflega hálf milljón birkiplantna gróðursett nú í vor. Aðeins verður byrjað að dreifa lífrænum áburði í vor en því verður lokið í haust sem og gróðursetningu á birkiplöntum,“ segir Gústav. Stærsti hluti lífræna áburðarins segir hann vera kjötmjöl sem framleitt sé í Orkugerðinni ehf. í Flóahreppi.

„Landgræðslusvæðin eru í öllum tilvikum mjög illa farið land, mjög rofið og mikil jarðvegseyðing sem hefur átt sér stað,“ heldur hann áfram. Mörg svæðanna séu á gosbeltinu. „Markmiðið með þessari vinnu er að stöðva jarðvegsrof, endurheimta jarðvegs- og gróðurauðlindina og þá vistkerfisþjónustu sem þessar auðlindir veita. Þannig er t.d. verið að endurheimta birkivistkerfi á stórum svæðum, m.a. í nágrenni Heklu, til að draga úr áhrifum eldgosa og öskufalls sem þeim getur fylgt,“ segir hann jafnframt.

*Úttektir og ráðgjöf*

Þátttakendur í verkefnunum Bændur græða landið og Landbótasjóði Lands og skógar eru á fullu í framkvæmdum sinna verkefna og starfsfólk stofnunarinnar sinnir ráðgjöf og úttektum í þeim verkefnum. Um er að ræða verkefni þar sem fólk er að bæta ástand lands sem það hefur í sinni umsjá og þar getur verið um að ræða einkalönd fólks, afrétti, þjóðgarða og annað það land sem er í slæmu ástandi og þarf að bæta. Gústav segir að í heildina séu þetta um 500 verkefni sem unnið sé að víðs vegar um landið og í gegnum þau unnið á ríflega 10 þúsund hekturum árlega.

Þá sinni stofnunin einnig ráðgjöf og verkstjórn við samstarfsverkefni sem snúi að landgræðslu og geti þar verið um að ræða mótvægisaðgerðir vegna framkvæmda (til dæmis við Hálslón), landgræðslu til að auka umferðaröryggi og vernda byggð (Mýrdalssandur, Víkurfjara o.fl.).

„Þessu til viðbótar er unnið að eftirliti með landnýtingu og þá að mestu leyti vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu,“ útskýrir Gústav.



Landgræðslusvæði í Koti á Rangárvöllum þar sem búið er að bera kjötmjöl á land þar sem gróðurþekjan árið 2013 var innan við 5%. Mynd / LOGS

„Í mörgum landbótaáætlunum er m.a. kveðið á um samráð um upphaf beitartíma á afréttum og hefur starfsfólk Lands og skógar komið að því að meta ástand gróðurs og veitt ráðgjöf um hvenær hægt sé að opna afrétti fyrir beit,“ segir hann enn fremur.

*Varnir gegn landbroti*

„Á vorin er unnið að úttektum og skipulagi verkefnanna. Í vörnum gegn landbroti er ekki mikið um framkvæmdir á sumrin, þá er veiðitímabil í fullum gangi sem og að vatnsmagn í jökulám er mikið og því ekki góðar aðstæður til framkvæmda. Þær byrja hins vegar í haust þegar veiðitímabili lýkur og vatn í jökulám fer að minnka,“ segir Gústav.

*Endurheimt votlendis*

„Í endurheimt votlendis er þetta einnig tími úttekta og skipulags. Ekkert er framkvæmt á varptíma, auk þess sem sumarið er mjög góður tími til að afla upplýsinga um aðstæður, svo sem gróðurfar og vatnsstöðu og spá þannig fyrir um áhrif framkvæmda,“ segir Gústav.

Þó nokkur verkefni sem nú séu í undirbúningi hefjist í haust og geti þá framkvæmdir staðið á meðan snjóalög leyfi allt fram á vorið 2025 þar til varptími hefst að nýju.

*/sá*




# Framtíðarsundgarpar

**Á Húsavík hefur frá árinu 1992 verið haldið sundnámskeið fyrir fjögurra til sex ára gömul börn og þá er líf í tuskunum í sundlauginni.**

Að sögn Árnýjar Björnsdóttur, íþróttakennara og stjórnanda Leikskólasundsins, er þetta árviss og vel metinn viðburður á Húsavík. „Það eru um 70 börn sem mæta þetta sumarið, sex hópar og hver er í 30 mínútur í einu,“ segir hún og bætir við að börnin séu af mörgum þjóðernum en öll öðlist þau meira sjálfstraust í vatninu og mjög tilbúin í alvörusund eftir námskeiðið.

„Foreldrarnir eru stundum í vandræðum með að koma kútum á þau eftir námskeiðið, þau eru orðin svo frökk og dugleg og vilja bara synda eins og hinir.“

Í námskeiðinu felst að kenna þeim að nota klefana, skápana og sturtuna og að leika sér í vatninu, reyna að losna við vatnshræðslu ef hún er til staðar og þá er kominn grundvöllur fyrir alvöru sundkennslu. „Við erum ekki bara að leika okkur, við kennum tæknina og undirstöðuna,“ segir Árný enn fremur.

Um er að ræða átta skipti og venjulega er byrjað á miðvikudegi og endað á föstudegi en vegna stórhríðar og norðanáhlaups þetta







árið þurfti að fresta fyrsta tímanum, hefjast handa á fimmtudegi og nýta laugardaginn í staðinn.

„Við erum tvær sem sjáum um þetta, ég og Valdís Jósefsdóttir, en með okkur eru alltaf einn til þrír unglingar úr unglingavinnu Norðurþings, litlu skinnin ná ekki alltaf niður og það þarf að vera til taks fyrir þau.“

*/bs*

limtrevirnet.is

# HURÐIR SEM HENTA ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

Kynntu þér **Lindab** og **Krispol**
hurðir frá Límtré Vírnet



- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Krispol hurðir eru er hagkvæmur kostur fyrir skemmur og geymslur.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu.

**Kynntu þér úrvalið á Limtrevirnet.is**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Hurðadeild: 412 5370 | Netfang: hurdir@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2024
Framúrskarandi fyrirtæki 2023




**Aðgerðir sem búið er að meta benda til að Ísland geti náð 35-45% samdrætti í samfélagslosun fram til ársins 2030.**
Graf / Stjr.

## Loftslagsmál:

# Samtal við atvinnulíf og sveitarfélög

### – Uppfærð aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum

**Stjórnvöld kynntu á dögunum uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Samtal við samfélagið og ítarlegra mat er sagt meðal nýjunga.**

Um er að ræða uppfærslu eldri áætlunar frá árinu 2018 um aðgerðir í loftslagsmálum. Inniheldur uppfærslan 150 loftslagsverkefni og -aðgerðir sem sögð eru endurspegla raunhæfar og metnaðarfullar lausnir til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og aukinnar bindingar kolefnis. Stjórnvöld segja aðgerðaáætlun í loftslagsmálum bæði vera verkfæri til að Ísland geti framkvæmt aðgerðir til að draga úr styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu og tæki til að undirbúa, samhæfa og samstilla samfélagið í heild til þess að innleiða slíkar aðgerðir.

*Veltur á grænu orkuframboði*

Ísland hefur skuldbundið sig til að taka þátt í sameiginlegu markmiði ESB, Íslands og Noregs um 55% samdrátt í samfélagslosun árið 2030 miðað við árið 1990.

Í uppfærðri aðgerðaáætlun er metinn beinn ávinningur 26 aðgerða á beinni ábyrgð stjórnvalda í samfélagslosun Íslands. Stjórnvöld meta það þannig að áætlunin skili 35–45% samdrætti í samfélagslosun fyrir 2030. Hærri talan geri ráð fyrir árangursríkri innleiðingu og framkvæmd aðgerða sem ekki var hægt að meta beint.

Í áætluninni sé með afgerandi hætti skýrt að frekari árangur í loftslagsmálum velti á því að í landinu sé nægt framboð grænnar orku sem komi í stað jarðefnaeldsneytis. Frekari samdráttar er þó þörf eigi íslensk stjórnvöld að ná sjálfstæðu markmiði sínu um 55% samdrátt árið 2030 og kolefnishlutleysi árið 2040.

*Í samráðsgátt stjórnvalda*

Stjórnvöld segja að stöðugt verði unnið að endurmati, undirbúningi og uppfærslu aðgerða eftir því sem þörf sé á. Þegar er komin fram gagnrýni á aðgerðaáætlunina og sagt skorta á tímasett og mælanleg markmið.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra sagði við kynningu áætlunarinnar að skilvirkasta leiðin til að draga úr losun frá landi væri að endurheimta votlendi. Í því ljósi væri mikil áhersla á slíkar aðgerðir, bæði í einkalöndum og á jörðum í eigu ríkisins. Hún hyggst leggja fram þingsályktun um átak í endurheimt votlendis á ríkisjörðum á næsta þingi.

Áætlunin er nú komin í Samráðsgátt stjórnvalda til næstu tveggja mánaða þar sem almenningi, félagasamtökum og hagaðilum gefst kostur á að koma með umsagnir og ábendingar til 14. ágúst nk. Í Samráðsgáttina er jafnframt komið frumvarp til laga um ný heildarlög um loftslagsmál og er það til umsagnar til 16. júlí nk. Mun vera um að ræða uppfærslu á ákvæðum laganna með tilliti til markmiðs Íslands í loftslagsmálum og betri útfærslu þess ramma sem lög um loftslagsmál þurfi að vera.

*/sá*

## Áherslur uppfærslu

**Aðgerðaáætlunin samanstendur af 92 loftslagsaðgerðum og 58 loftslagstengdum verkefnum.**

√ Loftslagsaðgerðir kortlagðar og metnar ítarlegar en áður hefur verið gert.

√ Grundvallarbreyting í nálgun stjórnvalda á verkefnið hvað varðar samtal við atvinnulíf og sveitarfélög um loftslagsmál sem er undirstaða áframhaldandi árangurs.

√ Áætlunin studdar með markvissari hætti en áður að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og aukinni bindingu kolefnis.

√ Aðgerðir sem búið er að meta benda til að Ísland geti náð 35-45% samdrætti í samfélagslosun fram til ársins 2030.

√ Aðgerðir sem miða að aukinni grænni orkuöflun hluti af aðgerðaáætlun í fyrsta sinn.

√ Aðgerðir sem snúa að réttlátum umskiptum, jafnrétti og velsæld til að gæta því að samfélagsleg sátt ríki um aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum.

√ Losun á beina ábyrgð Íslands hefur minnkað um 30% á hvern einstakling frá viðmiðunarári.

*Sjá nánar á vef stjórnvalda: co2.is.*




## Skógar:

# Kolefnisjafnvægi milli lífs og dauða

**Talið er að kolefnisbinding skóga minnki eftir því sem skógar eldast. Þar með breytist árleg meðaltals-kolefnisbinding eftir aldri skóganna.**

Í matsskýrslum Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC) hefur m.a. verið fjallað um að kolefnisupptaka eldri skóga dali og því geti verið skynsamlegt að fella þá til nytja og planta nýjum trjám.

Aðspurð um hvernig þessu hátti til á Íslandi, segja þau dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson, skógerfðafræðingur hjá Landi og skógi, dr. Brynhildur Bjarnadóttir, líffræðingur og prófessor við Háskólann á Akureyri, dr. Bjarni Diðrik Sigurðsson, líffræðingur, skógfræðingur og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Arnór Snorrason, skógfræðingur hjá Landi og skógi og Pétur Halldórsson, upplýsingafulltrúi hjá sömu stofnun, að skógur í vexti bindi mikinn koltvísýring allt þar til hann hafi náð tilteknum aldri.

„Þegar trén verða gömul hægir á vextinum, tré taka að drepast og á endanum verður jafnvægi milli lífs og dauða, á milli kolefnisupptöku og -losunar. En kolefni í skógarjarðvegi heldur áfram að aukast á meðan skógurinn er til,“ segja þau.

Sumar trjátegundir sem notaðar séu í íslenskri skógrækt geti lifað í margar aldir og bundið kolefni eins lengi og trén eru á lífi, kjósi skógareigandinn að leyfa trjánum að verða gömlum.

*Bindingunni viðhaldið*

„Í sjálfbærum nytjaskógi er stöðug binding og loftslagsáhrifin eru tvíþætt. Kolefni binst í nýjum viði sem myndast og ef viðurinn er nýttur í varanlega nytjahluti viðhelst forðinn. Timburhús geyma t.d. kolefnið svo lengi sem þau standa. Eins dregur úr nettólosun ef viðurinn er notaður í stað ósjálfbærra jarðefna úr olíu og kolum.

Á sama tíma taka yngri kynslóðir trjáa við af þeim sem hafa verið felld og fjarlægð. Það viðheldur bindingunni. Í því lífhagkerfi sem senn tekur við af olíuhagkerfinu er hverri þjóð dýrmætt að eiga nægilega mikið af aðalhráefni lífhagkerfisins, timbri. Það verður notað í allt sem olía er notuð í nú en einnig í stórauknum mæli við mannvirkjagerð, til dæmis í háhýsi framtíðarinnar,“ segja þau Aðalsteinn, Brynhildur, Bjarni, Arnór og Pétur.

Þau benda jafnframt á að skógar á Íslandi séu fæstir „eldri“ eða „gamlir“, að því leyti að í „gömlum“ skógum séu standandi tré sjaldnast gömul. Elstu standandi birkitrén í náttúruskógum landsins séu um 150 ára gömul.

*Bindi kolefni til langframa*

Ólafur S. Andrésson, lífefnafræðingur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands, hefur bent á að hafa beri í huga að úr felldu trjánum losni megnið af bundna kolefninu á skemmri tíma en það taki nýja skóginn að vaxa upp. Þetta sé í rauninni spurning um að halda sem mestu af bundnu kolefni á viðeigandi landsvæði til langframa.

Jafnframt þurfi að halda til haga að í sumum tilvikum rati ekki nema 10–15% af skógarviði í nýtanlegt timbur, og oft sé meðallíftími timburs ekki nema nokkrir áratugir. Í langtíma kolefnisbúskap þurfi að taka þessa þætti með í reikninginn.

Þá segir Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor í vistfræði við Háskóla Íslands, að nytjaskógrækt, eins og hún hefur verið mest stunduð bæði hér á landi og erlendis, leiði til lítillar aldursdreifingar trjáa, öll trén séu meira eða minna jafngömul.

*Losi meira en nemur bindingu*

„Í þannig jafngömlum skógi koma fram þessar aldurssveiflur í kolefnisbindingu, mest þegar skógurinn er tiltölulega ungur en síðan dregur úr hraða bindingarinnar með aldri og að lokum fer skógurinn að losa meira en hann bindur,“ segir Ingibjörg. Hvenær það gerist fari eftir tegund trjáa sem plantað var og við hvaða loftslagsskilyrði. „Þetta er hins vegar ekki vandamál í náttúrulegum skógum þar sem aldursdreifing er mikil. Þar helst bindingin stöðug til lengri tíma og skilyrði fyrir líffræðilega fjölbreytni eru hámörkuð. Það er einmitt mikilvægt að hafa þetta atriði í huga við endurheimt náttúruskóga, þ.e. að tryggja sem mesta aldursdreifingu og að þeir ferlar sem stuðla að sífelldri endurnýjun viðhaldist. Hér á landi virðist því miður lítill munur gerður á þeim skógum sem plantað er sem loftslagsaðgerð og skógrækt sem hefur það markmið að framleiða skógarafurðir,“ segir hún.

Ingibjörg segir einnig rétt að halda til haga þeim hættum sem skapist með einsleitum plantekruskógum með lítilli aldursdreifingu: aukinni eldhættu og dreifingu sjúkdóma og skordýraplága.

*/sá*



**Talið er að kolefnisupptaka eldri skóga dali og segja sumir skynsamlegt að fella þá til nytja og planta nýjum trjám.**
Mynd / sá

# Byggðu upp rekstur



# í einstöku samfélagi

Grímsnes- og Grafningshreppur leitar að öflugum samstarfsaðilum til að byggja upp verslun- og þjónustu við þá 2.500 ökumenn sem fara um sveitarfélagið á hverjum einasta degi, til viðbótar við þá 6–10 þús. íbúa og frístundahúsaeigendur sem dvelja á svæðinu á hverjum tíma.

Taktu þátt í nýju vaxtarskeiði í gamalgrónu samfélagi á besta stað á Suðurlandi.

**6 verslunar- og þjónustulóðir lausar til umsóknar strax.**



6-10 þús.
manns á svæðinu

2.500 bílar
á dag

Vinsælt
ferðamannasvæði

## Kynntu þér tækifærin á borgisveit.is

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

# Öl er innri kálfur

**Hún er heldur óvenjuleg kvöldgjöfin í Hvammi í Ölfusi og með sanni má segja að það sé fjör í fjósinu.**

Davíð Clausen Pétursson, lambakóngur þeirra hjóna Charlottu Clausen og Péturs Benedikts Guðmundssonar, blandar bjórhrati í kjarnfóðrið og heimaræktaða byggið handa ungnautunum og síðustu þrjá mánuði fyrir slátrun fá gripirnir 2–5 lítra á dag af íslenskum bjór. Samkvæmt heimildum Bændablaðsins mun þetta ekki vera hefðbundin fóðrun til sveita.

***Stenst íslenskt nautakjöt gæðakröfur?***

Davíð, sem er fæddur árið 1997, er kvæntur Birtu Dögg S. Michelsen og eiga þau tvö börn. Davíð er búfræðingur og kjötiðnaðarmaður.

„Ég var að vinna á Heilsustofnun sumarið fyrir lokaárið mitt á Hvanneyri með kokki sem fullyrti að alls ekki væri hægt að treysta gæðum íslensks nautakjöts,“ segir Davíð og var hann að vonum sár og svekktur með þessar yfirlýsingar enda alinn upp á metnaðarfullu bændabýli sem hefur sýnt góðan árangur í sinni ræktun og framleiðslu. „Mér fannst þetta afleitt og tók þetta til mín, við eigum að geta framleitt framúrskarandi gott kjöt og það á að standast samanburð við innflutt kjöt, annað gengur bara ekki.“ Davíð lagðist í rannsóknir og hugmyndin af bjórdrykkju kálfa er að hluta byggð á framleiðslu japanska Wagyu kjötsins sem fyrir utan daglegt nudd eru gripirnir aldir að hluta til á bjór.

Útskriftarverkefni Davíðs á lokaári búfræðinámsins á Hvanneyri var svo samanburður á vexti ungnauta sem annars vegar voru fóðraðir með hefðbundnum hætti og hins vegar með viðbættum skammti af bjórhrati. Niðurstaða rannsóknarinnar var ekki óyggjandi en engu að síður var vísbending um að fallþungi væri meiri. „Vegna Covid lentum við í vandræðum með að klára rannsóknir með Matís því þetta snýst ekki bara um fallþunga heldur þurfa gæðin að standast kröfur og vera stöðug,“ segir Davíð en hann hefur tröllatrú á þessu nýstárlega fóðri.

„Ég sendi mjög mörgum matreiðslumönnum sýnishorn af kjöti og bað þá um að senda mér til baka mat á gæðum og fékk mjög góð viðbrögð.“

***Hringrásarhagkerfi***

En það var ekki bara kokkurinn á Heilsustofnun sem kveikti þennan áhuga hjá Davíð að þróa nýja fóðurgjöf fyrir nautgripina. „Ég var í verknámi á Seljavöllum hjá Eiríki Egilssyni og Elínu



**Davíð er nýútskrifaður kjötiðnaðarmaður og mundar hnífinn fagmannlega.**



**Fyrirsæta á Hvammi.**

Oddleifsdóttur en þau nýta kartöflur í fóður og mér finnst að við ættum alltaf að hafa í huga endurnýtingu eða hringrásarhagkerfið og reyna að fullnýta allt sem fellur til,“ segir Davíð og bendir á að bjórhratið og bjórinn sem nýttur er í Hvammi væri úrgangur sem hefði þurft að farga með einum eða öðrum hætti.

Davíð segir að þau séu að ná mjög góðum árangri í búinu, fallþungi hefur aukist og það er ekki bara vegna bjórdrykkju og veisluhalda í fjósinu heldur fækkuðu þau í stíum. „Við höfum bara 5 gripi saman á svæði sem ætti að bera 6 en við sjáum að þeim líður miklu betur og heildarárangur verður meiri. Síðustu þrjá lífmánuði kálfanna er kornið látið liggja í bjór yfir nótt og síðan gefið og ef afgangur er af bjór er honum hellt yfir heyið. Okkur finnst að gripunum okkar líði vel og við getum yfirleitt gengið um stíurnar án vandamála, það er ró yfir þeim,“ segir þessi ungi bóndi og nýútskrifaði kjötiðnaðarmaður en Davíð er þessa dagana að æfa sig fyrir heimsmeistaramót kjötiðnaðarmanna sem haldið er í París í byrjun næsta árs.

Aðspurður segir Davíð að á Hvammi verði þessu haldið áfram, kjötið er gott og vinsælt, gripunum líður vel og þeir þyngjast bæði hratt og örugglega. Áhugasamir geta nælt sér í bita af kétinu hans Davíðs á matland.is. */bs*

## Reykhólahreppur:

# Áform um vindorkugarð í Garpsdal

**EM Orka hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna vindorkugarðs í Garpsdal í Reykhólahreppi.**

Þar er gert ráð fyrir að rísi um 90 MW vindorkuver með allt að 21 vindmyllu, sem verða allt að 159,5 metrar á hæð.

Framkvæmdaraðili er EM Orka, sem er íslenskt fyrirtæki í eigu EMP Holdings, sem er sameiginlega í eigu EMP IN og Vestas, en Vestas er einn stærsti vindmylluframleiðandi heims með um 115 GW framleiðslugetu í 81 landi.

EM Orka áætlar að í heildina skapist um 200 störf í tengslum við verkefnið. Umsagnarfrestur um umhverfismatsskýrsluna er til og með 29. júlí næstkomandi. */mhh*



**Áætlað er að skapist um 200 störf í tengslum við verkefnið.** Mynd / Unsplash

Eruð þið tilbúin í ÆVINTÝRI?
ODES



ODES 650, 850, 1000
STYRKUR OG KRAFTUR!

| | | |
|---|---|---|
| ODES 650 TVEGGJA MANNA | FJÓRHJÓL 4X4 | Verð: 1.690.000 kr m/vsk |
| ODES 850 TVEGGJA MANNA | FJÓRHJÓL 4X4 | Verð: 1.990.000 kr m/vsk |
| ODES 1000 TVEGGJA MANNA | FJÓRHÓL 4X4 | Verð: 2.390.000 kr m/vsk |

AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



**Vestmannaeyjar: Íbúar í Vestmannaeyjum eru ánægðastir þegar kemur að þjónustu sveitarfélaga við íbúa sína.** Mynd / Aðsend

# Mesta hamingjan í Skagafirði, á Snæfellsnesi og á Héraði

**Hamingja íbúa í Skagafirði, á Snæfellsnesi og á Héraði mælist mest á landinu í nýrri íbúakönnun landshlutanna.**

Íbúar Stranda og Reykhóla ásamt Vestur-Húnavatnssýslu voru óhamingjusamastir í könnuninni. Í könnuninni var afstaða þátttakenda til eigin hamingju og almennrar ánægju með þjónustu sveitarfélagsins þar sem þeir búa dregin saman. Þá mælir könnunin alls 40 búsetuskilyrði eftir 24 landshlutum. Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni allra landshlutasamtaka sveitarfélaga, utan höfuðborgarsvæðisins, ásamt Byggðastofnun. Þátttakendur voru um 11.500.

***Eyjamenn ánægðastir með þjónustu***

Samkvæmt könnuninni eru Eyjamenn ánægðastir með þjónustu sveitarfélagsins, eða rúmlega 80%, en fast á hæla þeirra fylgdu Akureyringar og íbúar Rangárvallasýslu. Lægst var hlutfall ánægðra íbúa í Vogum, rúmlega 50%, á Ströndum og Reykhólum auk Fjarðabyggðar. Höfuðborgarsvæðið lenti í sjötta sæti af 24 svæðum þegar íbúar voru spurðir almennt um ánægju þeirra með þjónustu sveitarfélaga, og kom Reykjavík verst út af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

***Eyfirðingar ánægðir með búsetuskilyrðin***

Eyfirðingar, Skagfirðingar og Akureyringar voru ánægðastir með búsetuskilyrði í sínum sveitarfélögum, en íbúar á Ströndum og Reykhólahreppi, Skaftafellssýslum og Austur-Húnavatnssýslu óánægðastir. Ánægja í Dölum jókst hins vegar mest á milli kannana þegar spurt var um búsetuskilyrði en Þingeyjarsýsla, Eyjafjörður,




**Íbúar Skagafjarðar, á Snæfellsnesi og á Héraði eru hamingjusamastir á Íslandi samkvæmt könnun landshlutasamtaka sveitarfélaga og Byggðastofnunar. Könnunin var lögð fyrir á íslensku, pólsku og ensku.** Mynd / mhh

Hérað og Norður-Múlasýsla hækkuðu líka mikið á milli kannana. Mest lækkuðu hins vegar Vestmannaeyjar, Skaftafellssýslur og Austur-Húnavatnssýsla.

***Vilja ekki flytja úr sínu sveitarfélagi***

Samkvæmt niðurstöðunum eru Þingeyingar, Akureyringar og Skagamenn ólíklegastir til að flytja úr sínum sveitarfélögum, en þaðan töldu 9% frekar eða mjög líklegt að þeir myndu flytja á næstu tveimur árum. Líklegastir til að flytja voru íbúar Grindavíkur, Stranda og Reykhóla og S-Vestfjarða en ekki bárust mörg svör frá Grindavík og meirihluti þeirra barst fyrir örlagadaginn 10. nóvember 2023. */mhh*




benni.is
BÍLABÚÐ BENNA
kolefnisjafnar nýja bíla

5 Fimm ára ábyrgð

Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



Appelsínuuppskera á heimsvísu rýrnar ár frá ári vegna sjúkdóma og loftslagsbreytinga. Mynd / Hans-Pixabay

Appelsínuræktun:

## Uppskerubrestur hækkar verð

**Framleiðendur appelsínuþykknis og -safa segja komna upp kreppu í iðnaðinum á heimsvísu vegna uppskerubrests. Þeir íhuga að snúa sér frekar að mandarínum.**

Heildsöluverð á appelsínum er að rjúka upp í hæstu hæðir, nú þegar sýnt þykir að yfirvofandi sé uppskerubrestur hjá brasilískum appelsínuræktendum og einhverjum hinna bandarísku einnig.

Appelsínusafa- og þykknisframleiðendur velta fyrir sér að beina sjónum fremur að til dæmis mandarínum í vörur sínar.

Segir The Guardian að verð á appelsínusafaþykkni hafi um mánaðamótin náð nýju hámarki, um 690 kr. pundið á svokölluðum framtíðarmörkuðum, eftir að ræktendur á helstu appelsínuframleiðslusvæðum Brasilíu sögðust búast við að uppskeran yrði 24% minni en í fyrra, eða 232 milljónir 40,8 kg kassa – og þar með enn verri en 15% samdrátturinn sem áður hafði verið spáð.

*Aldrei séð annað eins*

„Þetta er kreppa," sagði Kees Cools, forseti Alþjóðasamtaka ávaxta- og grænmetissafaframleiðenda (IFU), við Financial Times. „Við höfum aldrei séð annað eins, jafnvel í miklu frosti og stórum fellibyljum," sagði hann. Appelsínutré í Brasilíu hafa þjáðst af bakteríusmitinu „sítrusgrænsýki" sem er ólæknandi sjúkdómur, eftir mikla hita og þurrka á blómgunartímanum seinni hluta síðasta árs. Hin yfirvofandi slæma uppskera í Brasilíu, sem flytur út 70% af öllum appelsínusafa á veraldarvísu, markar þriðju rýru uppskeruna í röð. Auk vandamála í Brasilíu hefur Flórída í Bandaríkjunum orðið fyrir barðinu á fjölda fellibylja og áðurnefndri grænsýki sem dreifist með safasjúgandi skordýrum og gerir ávextina bitra áður en tréð drepst.

*Viðvarandi vandamál*

Francois Sonneville, háttsettur sérfræðingur í drykkjarvörum hjá Rabobank, sagði að eftirspurn neytenda eftir appelsínusafa hefði minnkað um fimmtung samanborið við í fyrra, þar sem verðið hefði farið í hæstu hæðir og neytendavenjur því breyst.

Sonneville sagði jafnframt að drykkjarframleiðendur yrðu annaðhvort að framleiða þynnri safa, búa til blandaða safa með öðrum ávöxtum eins og eplum, mangó eða vínberjum eða rukka neytendur um hærra verð. Hann var efins um að hægt yrði að nota mandarínur í stað appelsínanna, þar sem það myndi hafa í för með sér viðbótarkostnað við að flytja ávextina í vinnslu.

Vandamálin yrðu viðvarandi, sagði hann, þar sem það tæki langan tíma að planta nýjum appelsínulundum og bændur væru að íhuga aðra kosti þar sem eftirspurn minnkaði á meðan þeir glímdu við vandamál vegna sjúkdóma og hás launakostnaðar í Flórída. /sá

Evrópa:

# Áframhaldandi mótmæli bænda

– Spænskir og franskir bændur lokuðu landamærum

**Bændamótmæli halda áfram í Evrópu og er þeim beint gegn regluverki Evrópusambandsins og innanlandslöggjöf Evrópusambandsríkjanna.**

Spænskir og franskir bændur óku fjölda dráttarvéla að landamærum Spánar og Frakklands fyrr í mánuðinum í mótmælaskyni. Var þetta rétt fyrir Evrópukosningarnar sem fóru fram á dögunum. Er það í fyrsta sinn sem spænskir og franskir bændur sameinast í mótmælum.

Kröfðust mótmælendur aukins matvælaöryggis í tengslum við innflutning, forgangsröðunar staðbundinnar framleiðslu og skattaívilnunar fyrir orku sem notuð er til að framleiða mat. Euronews greinir frá.

Voru mótmælin skipulögð af spænskum bændasamtökum víðs vegar um landið en einnig frönskum bændasamtökum. Öllu dráttarvélarnar öngþveiti og lokuðu um tíma landamærum Spánar og Frakklands.

„Við verðum að vernda hagsmuni okkar og tryggja að evrópsk yfirvöld heyri til okkar," sagði Martí Planas, talsmaður skipuleggjenda, á mótmælunum. Þó fylgdi sögunni að ekki væru allir bændur sammála kröfugerðinni og stéttarfélag katalónskra bænda taldi m.a. ekki verjandi að þrýsta á kjósendur rétt fyrir Evrópukosningarnar.

*Gengu um stræti með gervikýr*

Bændur í mjólkurframleiðslu mótmæltu einnig við höfuðstöðvar Evrópusambandsins í Brussel skömmu fyrir mánaðamót og fóru um stræti með gervikýr á hjólum. Kröfðust þeir laga sem bönnuðu sölu mjólkurafurða á verði undir framleiðslukostnaði.

Kjartan Poulsen, forseti Evrópska mjólkurráðsins, sagði í samtali við Euronews að mótmælendur vildu fá útgáfu af spænskum lögum um sanngjarna viðskiptahætti um alla Evrópu, sem banni sölu á vörum undir kostnaðarverði á öllum stigum virðiskeðjunnar. Almennt kosti framleiðsla mjólkur meira en neytandinn greiði fyrir hana.

Í sumum löndum, svo sem á Ítalíu, er bilið á milli framleiðslukostnaðar og söluverðs jafnvel meira en meðaltalið í Evrópu, að sögn forseta ítölsku mjólkurframleiðendasamtakanna Po Valley, Robertos Cavaliere. Einu fyrirtækin í greininni sem geti lifað af það sem hann kallar ósanngjarnan og óarðbæran markað, séu þau sem noti fjölskylduna sem vinnuafl, sem lækki framleiðslukostnað af því að ekki þurfi að borga því fólki sérstaklega laun. Aðrir hætti einfaldlega búskap.

„Árið 1997 voru 110 þúsund mjólkurframleiðendur á Ítalíu, árið 2023 18 þúsund. Tæplega 90 þúsund fyrirtæki hafa lokað. Þetta eru skelfilegar tölur," sagði Cavaliere.





Bændur í mjólkurframleiðslu mótmæltu í Brussel fyrir skömmu og fóru um stræti með gervikýr á hjólum. Myndir / Skjáskot

*Bændur að kikna*

ESB hefur sett vaxandi kvaðir á bændur um leið og reynt er að takast á við loftslagsbreytingar með ýmsu regluverki.

Fréttastofa AP ræddi við hollenska bóndann Jos Ubels sem segist nú orðið verja heilum degi í viku hverri í skrifborðsvinnu við að svara kröfum embættismanna Evrópusambandsins og innlendra aðila sem sendi út straum reglna um hvenær bændur megi sá og uppskera og hversu mikinn og hvernig áburð þeir megi nota. Á sama tíma grafi samkeppni ódýrs innflutnings undan innlendum landbúnaðarafurðum, án þess að innfluttar vörur þurfi að uppfylla sömu kröfur.

Segir í frétt AP að vaxandi óánægju bænda gæti í flestum ef ekki öllum ríkjum ESB, allt frá Finnlandi til Grikklands. /sá



KINGQUAD 750AXI 4X4
VERÐ KR. 2.590.000
Suzuki fjórhjól eru með power stýri og 100% driflæsingu.
Þau eru létt, lipur og meðfærilegTraust, ódýr í rekstri og þægileg í notkun.
Suzuki á Íslandi
Skeifunni 17
Sími 568 5100
www.suzuki.is

Mygla:

## Eru bleikir gráðostar á næsta leiti?



**Sveppurinn Penicillium roqueforti er notaður við framleiðslu á gráðosti.**

Lengi var ekki vitað fyrir víst hvernig nákvæmlega hinn einstaki blágræni litur ostsins myndaðist.

Vísindamenn við enska Nottingham-háskólann telja sig nú, í kjölfar undangenginna rannsókna, þekkja til hlítar hvernig hin klassíska blágræna æð gráðostsins myndast og segjast geta stjórnað litum mygluæðanna. Scientific Eruopean greinir frá. Sveppurinn Penicillium roqueforti er notaður um allan heim við framleiðslu á bláæðaostum eins og Stilton, Roquefort og Gorgonzola. Sveppurinn gegnir mikilvægu hlutverki í þróun bragðs og áferðar með ensímvirkni sinni. Einkennandi bláæðaútlit ostsins er vegna litarefnis gróa sem myndast í holrýmum ostsins. Hinn einstaki blágræni litur ostsins er sagður skipta miklu máli í viðskiptum með hann.

Hins vegar var erfðafræðilegur/sameindagrundvöllur grólitarefnis P. roqueforti ekki að fullu þekktur fyrr en teymi Nottingham-háskólans tókst, með hjálp lífupplýsingafræði og sameindalíffræðitækni, að bera kennsl á kanóníska DHN-melanínlífmyndunarferilinn. Var það á grunni þess að tilvist og hlutverk DHN-melaníns-lífmyndunarferilsins í Aspergillus fumigatus (Súlufrugga, myglusveppur með blágrænum gróhausum) eru þegar þekkt.

Með því að girða fyrir umrætt lífmyndunarferli á mismunandi tímaskeiði myndunar þess bjó rannsóknarteymið til fjölbreytt úrval sveppastofna með nýjum litum.

Segja vísindamennirnir að nota megi nýju sveppastofnana til að búa til gráðost með mismunandi litum, svo sem hvítan, gulgrænan, rauðbrúnan, bleikan, ljósbláan og dökkbláan.

Enn fremur könnuðu þeir nýju stofnana með tilliti til bragðs og komust að því að bragðið af nýju stofnunum var mjög svipað upprunalegu bláu stofnunum sem þeir voru fengnir úr. Hins vegar leiddu bragðprófanirnar í ljós að hver litur hafði mismunandi áhrif á bragðskynið. /sá

# SUMARTILBOÐ

## 10% afsláttur af öllum garðhúsum og flest öllum gestahúsum sem eru til á lager



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

VH/24-01

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

MasterCard Staðgreiðslulán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

# KYNNINGARTILBOÐ

## Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL LUND - 22,3 m²

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.



VH/24-06

**MODEL LUND 22,3 m²**

Listaverð kr. 12.500.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 10.500.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*







www.volundarhus.is

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**HEILSÁRSHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

MasterCard Staðgreiðslulán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## Jarðrækt:

# Orsakir kals og möguleg viðbrögð

### – Tjón sem erfitt er að koma í veg fyrir

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is





Algengasta tegund kals er svokallað svellakal sem orsakast af því að gróðurinn kafnar við það að vera undir loftþéttum klaka í þrjá mánuði eða lengur. Eftir standa bændur með lífvana tún sem þarf að rækta upp eða gera við með ísáningu. Ef ekkert er gert gróa túnin aftur fyrir rest með túngrösum eða illgresi sem hentar illa sem gróffóður. Á Göngustöðum í Svarfaðardal sluppu engin tún við kal. Mynd / Sigurgeir B. Hreinsson

**Talsverðar kalskemmdir eru á Norðurlandi í ár og virðist tjónið vera útbreiddast í Svarfaðardal. Nú ætti umfang kalsins að vera komið í ljós, en öll viðbrögð hafa tafist vegna hrets sem kom í byrjun júní. Gróður í túnum er lifandi yfir veturinn en undir loftþéttum klaka getur hann kafnað og drepist.**

Eiríkur Loftsson hefur starfað sem jarðræktar- og fóðurráðunautur í Skagafirði nær óslitið frá 1989, nú hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Í gegnum sín störf hefur hann komið að mörgum verkefnum sem snúa að kali í túnum, en kaltjón eru algeng á nokkrum svæðum á Norðurlandi. Eiríkur segir stóran hluta af þeirri þekkingu sem sé til um kal á Íslandi byggjast á rannsóknum dr. Bjarna E. Guðleifssonar, sem lést árið 2019.

### *Svellakal algengast*

Kali hefur verið skipt upp í nokkra flokka, en samkvæmt grein eftir Bjarna E. Guðleifsson, sem er aðgengileg á Vísindavefnum, er kal í túnum í níutíu prósentum tilfella svokallað svellakal. Eiríkur segir að undir loftþéttum klaka gangi á súrefnið vegna öndunar plantnanna og þegar það klárast verði öndunin loftfirrð. Það fari að myndast etanól, mjólkursýra og koltvísýringur og síðan smjörsýra og ediksýra. Að lokum drepist plönturnar, en miðað sé við að túngrös lifi ekki af meira en þrjá mánuði undir svelli.



Teiking / Hlynur Gauti.

Þessu fylgir lykt sem finnst þegar klakinn bráðnar og líkir Eiríkur henni við þefinn af illa verkuðu votheyi.

Einkenni kals séu dautt gras í ræktarlandi, ýmist á afmörkuðum blettum eða heilu túnin í verri tilfellum. Áður en jarðvegurinn þornar séu kalblettirnir dökkir en verði síðan sinulitaðir. Séu túnin látin óáreitt komi gróður upp fyrir rest, eins og varpasveifgras og arfi, en það séu óhentugar fóðurjurtir.



Eiríkur Loftsson.



Guðmundur H. Gunnarsson.



Jóhannes Baldvin Jónsson.



Gunnar Guðmundsson.

Eftir að gróður kemur undan svellum þurfi bændur að gefa sér smá tíma til að átta sig hversu mikið tjónið er, en stundum sé jörðin ekki nema blaut og köld og geti grasið tekið við sér þegar hún þornar. Ein fljótlegasta aðferðin til að meta hvort túnin séu kalin sé að stinga upp hnaus á ætluðum kalblett og athuga hvort grasið byrji að spretta í hæfilegum hita og birtu innandyra.

### *Frárennsli vatns af yfirborði*

Eiríkur segir að til þess að minnka hættuna á kali sé mikilvægt að rækta túngrös með gott vetrarþol og sjá til þess að túnin séu þannig að vatn eigi greiða leið af yfirborðinu. Þetta sé þó ekki fullkomin trygging og hafi það sýnt sig í vetur að við ákveðnar aðstæður myndist svell á túnum í halla.

Þá mælir Eiríkur jafnframt með því að bændur kalki túnin til þess að sýrustigið í jarðveginum verði hæfilegt. Við rétt sýrustig sé viðnámsþróttur og vetrarþol plantnanna aukinn. Sjálfsáðar innlendar grastegundir þoli sýrustig undir 5,5 pH, sem sé algengt í íslenskum jarðvegi, á meðan eftirsóttari fóðurjurtir þurfi sýrustig nær pH 6. Kalkið hafi jafnframt jákvæð áhrif á byggingu jarðvegs sem leiði af sér aukin holurými og loftun.

Þó að stundum sé talað um að nýræktir séu viðkvæmar fyrir kali segir Eiríkur það oft hafa sýnt sig að nýræktir koma ekki verr undan svelli samanborið við önnur tún. Það skýrist hugsanlega af því að við jarðvinnslu verður jarðvegurinn lausari í sér og geti geymt meira súrefni.

Eiríkur segir grasfræyrkin sem eru flutt inn hafa mismikið vetrarþol. Af vallarfoxgrasi séu norsku yrkin Engmo og Vega og samnorræna yrkið Snorri harðgerðust. Finnsk yrki sem hafa verið notuð undanfarin ár virðast ekki vera með sama vetrarþol og áðurnefnd yrki, þó þau henti vel að öðru leyti.

### *Gaddatromlur og svartur sandur*

Bændur hafa reynt ýmsar aðferðir til að losna við svell af túnum. Eiríkur nefnir að fyrir nokkrum árum hafi verið gerðar tilraunir með að gata klakann með tromlum alsettum göddum, en það virki ekki ef svellbunkinn er þykkur. Þá hafi sumir dreift svörtum sandi þegar sól fer að hækka á lofti til þess að flýta bráðnun. Báðar þessar lausnir geti gert sitt gagn, en þegar sólbráð sé á daginn og frost á nóttinni megi búast við að fyllist í holurnar. Notaðar hafa verið stórvirkar vinnuvélar til að kraka í svellið, en þá sé mikilvægt að skemma ekki það sem er undir.

### *Aðstæður sérstakar í vetur*

Guðmundur H. Gunnarsson er með áratugareynslu sem ráðgjafi í jarðrækt. Hann er búsettur á Möðruvöllum í Hörgárdal, þar sem áður voru meðal annars stundaðar jarðræktartilraunir, og var hann í miklu návígi við dr. Bjarna E. Guðleifsson heitinn.

Guðmundur segist oft hafa séð að nýrri tún hafi komið verr út þegar kemur að kali og telur hann upp tvær mögulegar ástæður: Annars vegar að í eldri túnunum hafi sjálfsáðar og harðgerðari grastegundir, eins og snarrót og vallarsveifgras, tekið yfir; og hins vegar að í nýrri túnum séu oft yrki sem hafi minna vetrarþol. Þegar komi upp vond kalár eins og núna, þar sem túnin eru undir klaka í þrjá til fjóra mánuði, lifi engar plöntur af – ekki einu sinni snarrótin.



Nærmynd af kalskemmdum. Mynd / Eiríkur Loftsson

STANLEY Háþrýstidælur
í sumarverkin




STANLEY Háþrýstidæla 150 bör
Verð 21.700

STANLEY Háþrýstidæla 170 bör
Verð 26.970

VERKFÆRA LAUSNIR
verkfæralausnir.is
Skútuvogi 1E - Opið mánudaga-fimmtudaga 8:00-18:00 og laugardaga 11:00-15:00

> **Það hefur alveg kalið hérna, en það kemst ekkert nálægt þessu...**

Sérstakar aðstæður þurfi til svo að kal verði útbreitt. Í byrjun nýliðins vetrar hafi verið mikið frost og snjólétt á Norðurlandi og komið klaki í jörðu. Um miðjan desember hafi komið hlýindi með rigningu í nokkra daga og vatn safnast fyrir á flötum og frosnum túnunum. Þar botnfraus það og lokaði fyrir allan aðgang lofts. Þegar vatn renni yfir tún í hægum blota geti einnig myndast svell í halla. Þá hafi skipst á með frosti og þíðu um veturinn og stöðugt bæst á klakann. Hann tekur sem dæmi að rétt við hlaðið á Möðruvöllum hafi verið komið tæplega hálfs metra þykkt svell.

### *Ísáningarvélar gagnlegar*

Guðmundur veit til þess að á Norðausturlandi séu til þrjár ísáningarvélar. Þær eru ólíkar venjulegum sáðvélum á þann hátt að þær fella fræið rétt undir svörðinn án þess að þörf sé á jarðvinnslu og geta þær því verið gagnlegar þegar kemur að því að laga kalin tún, sérstaklega ef þau eru yngri en þriggja ára. Ef grasið þarf ekki að berjast við mikla samkeppni, eins og þegar bæði túngrös, varparsveifgras og illgresi hafa drepist í alvarlegu kali, geti útkoman verið sambærileg og þegar tún eru endurræktuð.

Guðmundur hefur alltaf ráðlagt bændum á Norðurlandi, þar sem kalhætta er mikil, að sá með harðgerðustu grasfræyrkjunum. Þau séu ef til vill uppskeruminni, en hann telur hagstæðara að vera með þolnari tún í staðinn fyrir að þurfa að endurrækta oftar. Snorri og Engmo hafi verið harðgerðustu yrki vallarfoxgrassins, en það síðarnefnda var ófáanlegt í vor.

### *Framleiðsla undir eftirspurn*

Jóhannes Baldvin Jónsson, deildarstjóri ráðgjafar og vöruþróunar hjá Líflandi, segir sölu á fræi vera meiri í ár en vant er, sérstaklega á grasfræi til túnræktar og grænfóðri. Salan á Norðurlandi beri klárlega í sér að bændur séu að bregðast við kali.

Varðandi þá gagnrýni að fræsalar skuli ekki bjóða upp á harðgerðustu vallarfoxgrasyrkin, segir Jóhannes aðgengið að umræddum stofnum ekki nógu gott.

Framleiðsla á Snorra hafi verið undir eftirspurn vegna lakrar uppskeru hjá fræframleiðendum ytra. Jafnframt hafi verið meiri ásókn í tegundir og yrki sem gefi meiri endurvöxt, sem sé gjarnan að einhverju leyti á kostnað vetrarþols.

### *Engin tún sluppu*

Gunnar Guðmundsson, bóndi á Göngustöðum í Svarfaðardal, segir stærstan hluta ræktarlandsins á búinu hafa orðið fyrir kalskemmdum núna í vetur. Þetta sé svellakal og sluppu engin tún, hvort sem þau væru á jafnsléttu eða í halla.

Hvorki Gunnar né foreldrar hans, sem hafa verið í búskap á Göngustöðum frá 1979, hafa lent í viðlíka áður. „Það hefur alveg kalið hérna, en það kemst ekkert nálægt þessu," segir hann. Mesta tjónið sem hann hafi orðið fyrir fram að þessu hafi verið á bilinu 30 til 40 prósent.

### *Kalið kom ekki á óvart*

Í byrjun maí fóru fyrstu kalskemmdirnar að koma í ljós, sem kom Gunnari ekki á óvart þar sem klaki hafði legið yfir dalnum frá því um áramótin. Göngustaðir eru ekki eina jörðin sem varð fyrir tjóni, en Gunnar segir kalskemmdir útbreiddar um Svarfaðardalinn. Ekki hafi hjálpað til að vorið hafi verið óhagstætt þar sem talsvert snjóaði í kringum páska og aftur í byrjun júní.

Gunnar segist vera svo heppinn að eiga töluvert af fyrningum, en heyskapur var sérlega góður í fyrra. Til þess að eiga nóg fóður yfir veturinn reiknar hann með að þurfa að kaupa sex hundruð heyrúllur, að því gefnu að grænfóðuruppskeran bregðist ekki. Þriðjungur gróffóðursins verði því aðkeyptur næsta vetur, en að jafnaði þurfi átján hundruð rúllur.

### *Endurræktar 60 hektara*

Ræktarlandið á Göngustöðum er um 95 hektarar og stendur til að plægja og sá í 60 af þeim í sumar. Stærsti hluti túnanna fái venjuleg túngrös, en þeim sé öllum skjólsáð með ertum og höfrum til þess að fá sem mesta uppskeru í ár, en jafnframt sé einæru rýgresi sáð í fjölda túna. Gunnar hefur látið ísá í tíu hektara, en ræktarlandið sem eftir stendur muni fá túnáburð og verða nýtt til beitar.

Vegna hretsins í byrjun júní var ekki hægt að byrja jarðvinnslu fyrr en í kringum þjóðhátíðardaginn. „Það kom fimmtíu til sextíu sentímetra jafnfallinn snjór yfir allt sem tafði okkur mikið," segir Gunnar. Túnin séu fyrst núna orðin nógu þurr til að þola að ekið sé á þeim og vonast hann til að vera búinn að koma megninu af fræinu í jörð rétt fyrir mánaðamót.





Flísabúðin
Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is


## Kjósahreppur Skipulagsauglýsing

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi:*

**Breyting á aðalskipulagi vegna uppbyggingar á Eyri**

Viðfangsefni þessarar breytingar er fjórþætt og tengist uppbyggingu í landi Eyrar.

Í fyrsta lagi, breyting á stefnu um íbúðar- og landbúnaðarsvæði til þess að endurspegla betur stefnu sveitarfélagsins um íbúðabyggð í dreifbýli.

Í öðru lagi, fjölgun á lóðum í ÍB8 neðan við þjóðveg og stækkun á íbúðabyggð (ÍB8) í átt að Eyrarfjalli til að bregðast við eftirspurn eftir lóðum í dreifbýli. Heildarstærð svæðis verður þá 53,5 ha. Í þriðja lagi, verslunar- og þjónustusvæði við bæinn Eyri fyrir ferðaþjónustu. Í fjórða lagi, staðsetning nýrra brunn- og vatnsverndarsvæða til að þjóna væntanlegri byggð og verslunar- og þjónustusvæði.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagi:*

**Deiliskipulag Eyrarbyggðar í landi Eyrar**

Um er að ræða heildarskipulag af núverandi íbúðarsvæði ÍB8 í gildandi aðalskipulagi Kjósarhrepps og stækkun þess norður fyrir Hvalfjarðarveg nr. 47. Alls er gert ráð fyrir 48 lóðum á u.þ.b. 61 ha.

**Deiliskipulag Eyri, ferðaþjónusta**

Í skipulagstillögunni eru 11 nýir reitir innan lóðar skipulagðir fyrir þjónustuhús fyrir ferðaþjónustu auk þess sem byggingarreitur við núverandi íbúðarhús og útihús eru staðsettir og stækkaðir. Með því er hægt að byggja við, endurbæta og viðhalda núverandi byggingum og breyta notkun þeirra úr landbúnaðarbyggingum í þjónustubyggingar. Markmið fyrirhugaðra breytinga er að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu og gefa eldri byggingum nýtt hlutverk.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, frá og með 17. júní 2024 til 29. júlí 2024 og er einnig til sýnis á heimasíðu Kjósarhrepps, www.kjos.is sem og í skipulagsgátt undir málsnúmerum 263/2023, 384/2024 og 258/2023.w

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 29. júlí 2024.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, 276 Mosfellsbæ eða í skipulagsgátt undir viðkomandi málsnúmeri.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Virðingarfyllst,**

**Skipulagsfulltrúi Kjósarhrepps**


Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000



**Til sölu jörðin Haugur í Miðfirði, 531 Hvammstanga.**

Jörðin er til sölu hjá Fasteignamiðstöðinni Hlíðarsmára 17, 201 Kópavogi.

Töluverður húsakostur fylgir jörðinni, m.a. steypt, 143,2 fm. íbúðarhús á einni hæð frá 1976, steypt fjárhús og hlaða frá 1974, stærð 566,8 m2.
Landareignin er talin vera alls um 800 hektarar.
Veiðihlunnindi frá Núpá sem rennur í Miðfjarðará.
Jörðin selst án bústofns véla og án framleiðsluréttar.

**Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892-6000 eða magnus@fasteignamidstodin.is**

**Skaftárhreppur:**

# Kanntu að meta sögur?

## – Lilja Magnúsdóttir rithöfundur heldur utan um fræðsluvefinn Eldsveitir

**Bryndís Sigurðardóttir**
bryndis@yfirlit.is



**Á veraldarvefnum, sem sumir hér í eina tíð töldu vera „bólu“, eða að minnsta kosti einhvern óþarfa, má finna alls konar vitleysu og bull en líka ómetanlegar og aðgengilegar upplýsingar.**

Á vefnum Eldsveitir.is má finna gríðarlegan fróðleik en afar lítið af bulli, yfirskrift vefsins er sú að hann sé fyrir alla sem kunna að meta sögur. Um vefinn segir að hann sé um sögu, menningu og náttúru í Skaftárhreppi, sveitinni milli Mýrdalssands og Skeiðarársands, „frá fjöru til fjalla“.



Lilja Magnúsdóttir á ferð um slóðir Auðar djúpúðgu í Orkneyjum haustið 2024. Auður er amma Lilju í 32. lið. Mynd / Aðsend

### *Hlaupabrókin hennar Kötlu*

Á vefnum sem skipt er upp í svæði; Álftaver, Kirkjubæjarklaustur, Landbrot, Meðalland og Skaftártungu, má finna alls konar frásagnir sem gaman og upplýsandi er að lesa.

Í kaflanum um Álftaver segir til dæmis af hinni geðstirðu Kötlu sem átti hlaupabrókina góðu en svo drekkti hún honum Barða í sýrukerinu fyrir að hafa hagnýtt hlaupabrókina við smölun. Af Sturlu Arngrímssyni, sem bjargaði barni sínu undan Kötlugosi með flótta á ísjaka og nærði það með eigin blóði úr afskornum geirvörtum sínum. Í frásögn af munkaklaustrinu í Þykkvabæ í Veri kemur fram að hið fræga og fagra kvæði Lilja varð til þegar Eysteinn munkur var settur í straff eftir að hafa óhlýðnast Þorláki sem síðar varð helgur maður.

Frá Landbroti kom Gissur Einarsson, fyrsti lúterski biskup Íslands, það upplýsist líka að Bjarni í Hólmi var frumkvöðull í uppbyggingu rafstöðva, ásamt fleirum auðvitað. Færri vita að efniviðurinn í rafstöðvarnar var oft sóttur á fjörurnar hvar skipsströnd voru algeng eða að kennslubókin „Lommebog for Mekanikere“ var það eina sem menn höfðu sér til fróðleiks við smíði rafstöðva á þessum stað og á þessum tíma.

Í Meðallandi hefur löngum verið harðbýlt og sandurinn skeinuhættur. Sandstormar hafa ítrekað fært blómlegar jarðir í kaf og í eyði, eftirminnilegast er árið 1944 þegar hinn forni þingstaður Leiðvöllur fór í eyði eftir ofsarok. Ábúendur á bænum Feðgar þraukuðu eitt ár en yfirgáfu allt sitt ári síðar, eða árið 1945. Í dag er Meðallandið gróið svæði og mikill árangur hefur náðst í uppgræðslu. Þar er nú til dæmis ræktað bygg, repja og hafrar sem fást í betri búðum, merktir Sandhóli.

Á Eldsveitum.is má lesa um Guðrúnu húsfreyju í Hrífunesi sem tók mormónatrú, yfirgaf eiginmann og syni og flutti til Utah með dæturnar. Þar eru líka fallegar myndir og upplýsingar um sveitarinnar frægasta son, listmálarann Erró, sem ólst upp á Kirkjubæjarklaustri.



Silungamóðirin í Fljótsbotninum við Botna í Meðallandi er mergjuð þjóðsaga. Sagan er á Eldsveitum. Bjargey Magnúsdóttir og Sesselja Magnúsdóttir við Fljótsbotninn. Mynd / LM



Benedikt rekur tjaldsvæðið á Kirkjubæ II. Þar er gott svæði fyrir góða gesti eins og Leikhópinn Lottu. Mynd / LM

### *Hver ber ábyrgð á þessu?*

En hvernig kom það til að svona miklum fróðleik var safnað saman og gerður aðgengilegur á vefnum? Sökudólgurinn, ef svo má að orði komast, er borgfirsk mey sem ung heillaðist af sveitinni milli sanda, eða var það kannski pilturinn frá Kirkjubæ sem fangaði athygli hennar?

Raunar má rekja tilurð Eldsveita.is til meistaraprófs Lilju Magnúsdóttur í hagnýtri ritstjórn frá Háskóla Íslands. Ritgerðarefni hennar var einmitt þetta stórmerka safn sagna um svæðið og mynda sem er grunnur vefsins. Hugmyndin í upphafi var að gefa út bók en niðurstaðan varð hinn síkviki og endalausi viðtaki visku, veraldarvefurinn. Vefurinn er í stanslausri þróun og við bætast nýjar sögur og myndir.

### *Var það kannski bara pilturinn?*

Hvort heldur sem var, sveitin eða pilturinn, réði Lilja Magnúsdóttir, rithöfundur og kennari, sig til kennslu við Kirkjubæjarskóla á Síðu árið 1985 og bast þá staðnum og Benedikt Lárussyni, órjúfanlegum böndum. Benedikt er sonur Lárusar Siggeirssonar, afkomanda Lárusar Helgasonar alþingismanns og Elínar Sigurðardóttur sem keyptu jörðina Kirkjubæjarklaustur árið 1908 og hafa afkomendur þeirra setið jörðina allar götur síðan.

Lilja og Benni bjuggu sér og börnum sínum, Ólöfu Rún listakonu og Baldvini Lár matreiðslumeistara, heimili að Kirkjubæ 1, sem er æskuheimili Errós, en hafa sömuleiðis aðsetur í Kópavogi þar sem Lilja hefur starfað um árabil sem íslenskukennari við Menntaskólann í Kópavogi. Eða, réttara sagt, starfaði, því nú hefur hún látið draum sinn rætast og situr við skriftir dagana langa, hvort sem það er við skrifborð í Kópavogi eða á Kirkjubæjarklaustri, við hinn fagra Systrafoss.

Rithöfundurinn hefur alltaf blundað í Lilju og árið 2008 hlaut hún Gaddakylfuna fyrir smásöguna Svikarinn. Árið 2018 var komið meira kjöt á beinin og þá kom út samnefnd skáldsaga sem fjallar um konu sem bjó við einelti sem barn. Einmanaleikinn og hræðsla við samskipti hrekur hana í samband við kvæntan mann sem kann nú ekki góðri lukku að stýra. Skáldsagan Svikarinn var tilnefnd til Íslensku hljóðbókaverðlaunanna árið 2019.

Nú var ekki aftur snúið, konan komin á bragðið og árið 2022 kom út barnabókin Gaddavír og gotterí. Efni hennar eru smásögur úr uppvexti Lilju í Borgarfirði, hún er fjórða í röð sex systkina og nærri má geta að oft hafi verið líf í tuskunum. Þegar upp var staðið eru sögur úr sveitinni sem gerast upp úr miðri síðustu öld ekki síður áhugaverðar fyrir fólk sem upplifði sveitalífið á þeim tíma á eigin skinni, þó auðvitað hafi börn nútímans gaman af þeim líka.

Sögurnar í Gaddavír og gotterí eru í sjálfu sér skilgreining á manneskjunni Lilju Magnúsdóttur og leggur grundvöllinn að hennar eigin tilveru, sveitastelpa í stórum systkinahóp með öllum þeim sigrum og sorgum sem því fylgir. Það var engin prinsessustaða í boði en nóg af kærleika og gleði og ómetanlegu baklandi í lífsins ólgusjó. Foreldrar Lilju eru Svanhildur Guðbrandsdóttir, sem er ein tólf systkina frá Tröð í Kolbeinsstaðahreppi og Magnús Halldórsson, sem ólst upp í Álftártungu á Mýrum hjá góðu fólki og eignaðist þar fimm fóstursystkini en fyrir átti hann eina alsystur, seinna fæddust þrjú hálfsystkini þegar Lilja, móðir hans, giftist Ingólfi á Hrafnkelsstöðum. Magnús lést árið 2023 en Dedda, eins og Svanhildur er oftast kölluð, býr í Mosfellsbæ. Maggi og Dedda bjuggu ásamt börnum sínum lengst af á Hraunsnefi í Norðurárdal þar til þau fluttu í Mosfellsbæ. Þá var Lilja löngu flogin úr hreiðrinu, stundaði íslenskunám í Háskóla Íslands og tók seinna kennararéttindin og meistarapróf í hagnýtri ritstjórn og útgáfu.

### *Flóttamenn eru sveitaómagar nútímans*

Lilju er afar hugleikið meðferð okkar og framkoma við flóttamenn og á síðasta ári gaf hún út skáldsöguna Friðarsafnið. Söguhetja Friðarsafnsins er ungur maður sem er ólöglegur á Íslandi. Hann kynnist ungri konu sem aðstoðar hann við að flýja lögreglu. Unga konan er mjög áhugaverð. Hennar helsta áhugamál er að vekja athygli á friði og baráttu fólks á flótta. En hún hefur líka hrifist af manni sem er eldri en hún, heillandi og lífsreyndur. Reyndar svo lífsreyndur að hann veit alltaf hvað er þeim báðum fyrir bestu og smátt og smátt ræður hún ekki neitt við neitt og borðar hollustu sem hann mixar í krukku frekar en kornflexið sem hún var vön að borða.

Lilja segir að hún hafi byrjað að fylgjast með örlögum flóttamanna árið 2014 þegar ungur maður sagðist frekar vilja svelta í hel en flækjast um heiminn þar sem hann er hvergi velkominn.

„Lengi hefur verið farið illa með fátækt fólk á Íslandi en því var ekki bannað að vinna fyrir sér. Fólk á flótta í dag missir réttinn til að bjarga sér. Það má ekki vinna. Það er sett í geymslu á vegum ríkisins og þar skal það bíða mánuðum og árum saman. Þetta eru lög sem ríki Evrópu setja og verið er að herða ef eitthvað er. Biðin drepur alla viðleitni og eyðileggur fólk. Hvernig getur það skaðað okkar samfélag, ef við tökum vel á móti því, en farandverkafólk. Auðvitað getum við ekki tekið á móti öllum en við getum öll talað máli fólks á flótta og komið vel fram við það í orði og á borði,“ segir Lilja. Henni finnst afar undarlegt að þetta sé að gerast á sama tíma og það er ekki fólksfjölgun. Flest ríki vanti fleiri hendur til að vinna verkin og þar sé Ísland efst á blaði.

„Hér er frekar beðið um fólk frá öðrum löndum Evrópu sem kemur og vinnur og fer svo heim til sín með launin en fólk sem þarfnast nýrra heimkynna fyrir sig og börn sín. Fólk á flótta er líklegra til að verða hluti af samfélaginu, ef við tökum vel á móti því, en farandverkafólk. Auðvitað getum við ekki tekið á móti öllum en við getum öll talað máli fólks á flótta og komið vel fram við það í orði og á borði,“ segir Lilja.

Á meðan Lilja hefur vakandi auga yfir Eldsveitum.is og bætir inn fróðleik sem henni berst til eyrna, vinnur hún að næstu bók og kennir nýjum Íslendingum íslensku. Kennslan fer fram í fjarnámi þannig að nemendur eru héðan og þaðan af landinu og sumir í öðrum löndum. Kennarinn getur verið í Kópavogi eða setið við fossinn á Klaustri.




vfs.is
ALVÖRU
GARÐVERKFÆRI!
Með öflugu Milwaukee FUEL™
garðverkfærunum klárar þú verkefnin
á umhverfisvænan, hagkvæman
og öruggan hátt.
Enginn útblástur
Engin mengun
Engar bensínblöndur
Ekkert tog-start
Minna viðhald
Minni hávaði
Aukið öryggi
SKANNAÐU
OG SJÁÐU
ÚRVALIÐ
Milwaukee
M18 FUEL
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


ergo
Fleiri hestöfl
í heyskapinn?
Við skiljum allar ástæður
fyrir nýrri vél
Reiknaðu dæmið á ergo.is

## Sumar 2024:

# Gerum okkur dagamun

**Nú er ekki seinna vænna en að fara að leggja línurnar fyrir sumarið og með það til hliðsjónar mun í næstu blöðum birtast yfirlit yfir helstu skemmtanir og húllumhæ hérlendis.**

Hér til hliðar má sjá brot af því helsta sem er á döfinni í júnímánuði, fyrir þá sem vilja gera sér dagamun, en uppákomur næstu vikna verða á dagskrá í næstu blöðum. Hér er um auðugan garð að gresja og næsta víst að ekki komist allt á lista.

Hins vegar fyrir þá sem vilja koma á framfæri hvers konar skemmtunum, opnunum eða uppákomum, má hafa samband í gegnum netfangið sigrunpeturs@bondi.is og við reynum okkar besta til að koma því að.

**Hinseginhátíð Vesturlands verður haldin í fjórða skipti í ár og mun renna saman við hina sívinsælu Brákarhátíð, helgina 27.–30. júní nk.**

Brákarhátíðin er rótgróin skemmtun sem haldin hefur verið í Borgarnesi síðan 2009 og fest sig í sessi sem fjölskyldu- og skemmtihátíð. Bátasiglingar björgunarsveitarinnar, döguður kvenfélagsins, dansleikur, götugrill og skreytingar víða um bæinn gleðja viðstadda en ákveðið hefur verið að sameina þetta allt í stærstu bæjarhátíðar- og partíhelgi Vesturlands, nóg af regnbogum, gleði, hamingju og glimmeri ... enda verður hápunktur helgarinnar gleðiganga Hinseginhátíðar Vesturlands á laugardeginum ásamt fjölbreyttri skemmtidagskrá að henni lokinni.

**Goslokahátíð Vestmannaeyja** – þar sem endalokum eldgossins á Heimaey 1973 er fagnað ár hvert býður upp á heljar tónlistarveislu frá fimmtudeginum 4. júlí, en þá eru tónleikar með hljómsveitinni Vinir og vandamenn sem mun flytja ýmsar menningarperlur Eyjamanna. Fram koma einnig Bjartmar og bergrisarnir á föstudeginum svo og Sibbi og lundarnir sem trylla lýðinn á föstudagsnóttunni. Til viðbótar við tónlistina verða ýmiss konar viðburðir af öllu tagi þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

**Grill- og tónlistarfestivalið Kótilettan verður nú haldin í fjórtánda sinn dagana 12.–14. júlí, en í bland við tónleikahald hefur hún fest sig í sessi sem ein stærsta grillveisla landsins.**

Skipa íslenskir matvælaframleiðendur stóran sess í hátíðinni en þar koma saman helstu kjötframleiðendur og söluaðilar landsins auk Sölufélags garðyrkumanna svo eitthvað sé nefnt og um að gera að bragða á íslensku kjöti, grænmeti og öðru góðgæti, auk þess sem hægt er að kynna sér **heitustu** grillin á markaðnum í dag

Yfir daginn er boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna, sem er haldin í Sigtúnsgarðinum.Það má svo ekki gleyma tónlistaratriðunum, en meðal þeirra sem stíga á svið eru hin margfrægu Írafár, Síðan skein sól, Páll Óskar, Stefán Hilmarsson, Jóipé X Króli, Stjórnin, GDRN, Emmsjé Gauti og Stuðlabandið. Mun tónlistarfólkið stíga á svið bæði inni í Hvítahúsinu og einnig á glæsilegu útisviði.

**Rétt er að taka fram að uppselt hefur verið á hátíðina síðastliðin þrjú ár og má ekki láta miðasöluna fram hjá sér fara sem fer einungis fram á kotilettan.is** /sp



Hér má sjá sögulega mynd þegar hinseginhátíðin var haldin í fyrsta skipti í Borgarnesi. Mynd / Hinsegin Vesturland



Húsið Kirkjubær stendur þarna á fyrsta degi gossins í Heimaey árið 1973. Degi síðar höfðu glóandi hraunslettur kveikt í húsinu. Mynd / Ævar Jóhannsson, 1973 - timarit.is



Kótilettan stendur alltaf fyrir sínu. Mynd / Mummi Lú-Kótilettan






# Júnímánuður

## Fimmta helgin, 28.–30. júní

**Alla laugardaga frá lok júní fram til loka ágúst stendur yfir Sumarmarkaður á Selfossi í Tryggvagarði, á milli kl. 10-16.**

**Bæjarhátíðin á Höfn í Hornafirði – Humarhátíð 2024 verður haldin með pomp og prakt 27.–30. júní 2024.** Boðið verður upp á humarsúpu í bland við fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.

**Íbúar Bakkafjarðar tilkynna skemmtilegustu sveitahátíðina, Bakkafest 2024, helgina 28.–29. júní 2024 á tjaldsvæði Bakkafjarðar.** M.a. koma fram þeir JóiPé og Króli, Færibandið, Stebbi Jak og Drottningar ... en einnig verður hægt að fara í frisbígolf, taka þátt í sápubolta og zumba, skella sér í sundpartí og vera viðstaddur vígslu fuglaskoðunarhúss á Felli.

**Hinseginhátíð Vesturlands verður haldin í fjórða skipti í ár og mun renna saman við hina sívinsælu Brákarhátíð, helgina 27.–30. júní nk.**

# Júlímánuður

## Fyrsta helgin, 5.–7. júlí

**Bryggjuhátíð Stokkseyrar verður haldin helgina 6.-7. júlí.** Bmx Brós opna hátíðina í ár laugardaginn 6. júlí, en fjölbreytt dagskrá verður í boði. Til að mynda munu hringekja og hoppukastalar standa á Bankatúninu, veltibíllinn verður á staðnum svo og tvíeykið Skoppa & Skrýtla!

**Írskir dagar** – Í byrjun júlí í ár halda Skagamenn hátíðlega hina írsku daga til að minnast keltneskrar arfleifðar sinnar. Um ræðir sannkallaða fjölskylduhátíð enda sækir fólk að úr öllum áttum til þess að upplifa þessa írsk-íslensku menningarblöndu. Fjölbreytt skemmtun í boði og hver veit nema keppnin um rauðhærðasta Íslendinginn verði haldin!

**Markaðshelgin í Bolungarvík** hefur verið haldin ár hvert síðan 1992 en um ræðir blöndu af öflugu markaðstorgi og yfirgripsmikilli tónlistar- og fjölskylduskemmtun.

**Heim í Búðardal** – Bæjarhátíð í Búðardal er haldin annað hvert ár og hefst nú með upphitun **fimmtudaginn 4. júlí kl. 22:00 á Vínlandssetri,** þar sem bæði verður pub quiz og trúbador. Á föstudagskvöldið 5. júlí hefst bátakeppni við Búðardalshöfn klukkan 18, þar sem bátarnir skulu vera heimagerðir. Margt fleira skemmtilegt mun gleðja gesti og um að gera að njóta helgarinnar.

**Fjölskyldu og menningarhátíð Hveragerðis, Allt í blóma,** verður haldin þessa helgi, mikil fjölskyldu- og skemmtidagskrá í Lystigarðinum auk þess sem fram koma þekktir tónlistarmenn á borð við Jón Jónsson, Stebba Jak, Jógvan Hansen og Stefán Hilmarsson. KK rekur svo endahnútinn á gleðina en hann kemur fram á sunnudeginum klukkan 20 í Reykjadalsskála. Miðasala fer fram á tix.is.

**Goslokahátíð Vestmannaeyja** býður upp á heljar tónlistarveislu frá fimmtudeginum 4. júlí en einnig verða ýmiss konar viðburðir af öllu tagi þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

**Þjóðlagahátíð á Siglufirði verður haldin dagana 3-7. júlí þar sem verður boðið upp á dansa, námskeið og tónleika með pomp og prakt.**

## Önnur helgin, 12.–14. júlí

**Dagana 11.-14. júlí fer festivalið Kótilettan fram** að venju á Selfossi, hönd í hönd við Stóru grillsýninguna. Stanslaust stuð, grill og gleði, miðasala á kotilettan.is.

**Sandara- og Rifsaragleði verður haldin 11.-14. júlí í Snæfellsbæ** – skemmtilegasta helgi ársins í þeim bænum. Grill, tónlistaratriði, íþróttir og allt þar á milli og allir velkomnir.

**Vopnaskak fer fram á Vopnafirði 12.–14. júlí.** Geta gestir notið Bustarfells-dagsins, litahlaups, sápurennibrautar, hoppukastala, dorgað svolítið og hlýtt á vopnfirska tónlistarveislu svo eitthvað sé nefnt.

**Hríseyjarhátíð fer fram dagana 12.-13. júlí** þar sem boðið er upp á fjölskylduvæna dagskrá sem felst m.a. í óvissuferðum um eyjuna, fjöruferð, leiktæki, kvöldvöku, varðeld og söng.

**Flughátíðin „Allt sem flýgur" - Skemmtileg fjölskylduhátíð á Hellu dagana 12.–14. júlí.** Svæðið er ein samfelld flugsýning frá föstudegi til sunnudags og má skoða vélarnar, sitja við flugbrautina og fylgjast með alls konar loftförum á svæðinu leika listir sínar. Gestir eiga svo von á karamelluringingu á laugardeginum, grillveislu og kvöldvöku í kjölfarið.

**Náttúrubarnahátíð á Ströndum, dagana 12.–14. júlí** þar sem fjölskylduvæn útivistardagskrá gleður gesti. Allt frá náttúrujóga, brúðuleikhúsi, bogfimi, kajakferðum, ýmiss konar smiðjum, tónleikum með Gunna og Felix auk þess sem sagðar verða drauga- og tröllasögur í Sagnahúsinu á laugardagsnóttina kl. 21. Um ræðir afar skemmtilega fjölskylduhátíð þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

**Klifurhátíð verður haldin á Seyðisfirði, 12.–14. júlí** en fengu aðstandendur hátíðarinnar styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands og hátíðin því eins konar uppskeruhátíð. Formlega hefst hátíðin á föstudagseftirmiðdegi, klifrarar streyma niður Fjarðarheiðina og safnast saman á tjaldsvæðinu sem er staðsett í hjarta bæjarins. Á föstudagskvöldinu verður farið í saunu í Sjóbaðsstofunni SAMAN og svo má stinga sér til sunds í sjónum. Kvöldvaka, brenna og huggulegheit verða í gangi en svo er bara að klifra! Svæðin eru tvö, hvort sínum megin í firðinum. Til gamans verður keppni þar sem sá klifrari sem klifrar flestar leiðir í sem fæstum tilraunum yfir helgina hlýtur vegleg verðlaun að launum.


SKODA
Škoda
Octavia 4x4
Ferðabíll fjölskyldunnar
Škoda Octavia er margverðlaunaður fjölskyldubíll. Frábærir aksturseiginleikar, gott rými, kraftmikill og hagkvæmur. Hann hefur sannað sig í gegnum tíðina sem frábær ferðafélagi við íslenskar aðstæður.
Fjórhjóladrifinn - 640L skott - Dísel - Sjálfskiptur
5
5 ára ábyrgð
eða 100.000 km
Nú á frábæru verði: 6.490.000 kr.
Hekla
Laugavegi 174, 105 Reykjavík Sími 590 5000 www.hekla.is
Höldur Akureyri Bílasala Selfoss Bílakjarninn Reykjanesbæ


Husqvarna
HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14” Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Angela blaðar í bókhaldi Síldarverksmiðjunnar sem fannst í kjallara hússins og fyrir aftan hana má sjá vinnugalla sem ef að líkum lætur, var brúkaður um miðja síðustu öld.



Faktura númer 4877 frá Sigurd Sörum í Sandvika frá árinu 1964, væntanlega ekki rafrænn eins og fínast þykir nútildags.




Skrifstofur Síldarverksmiðju ríkisins mega muna sinn fífil fegurri en þar er hlýtt og hreint og gott að hvíla lúin bein. Myndir / bs

# Útlitið er ekki allt

## – Hús á Raufarhöfn með sögu

**„Sko, þetta hús byggði Síldarverksmiðja ríkisins árið 1943 og hér voru skrifstofur," segir Angela Agnarsdóttir, nýr eigandi Hreiðursins, eða The Nest Guesthouse, eins og það kallast upp á algenga ferðamannaútlensku.**

„Fyrst voru bara tvær hæðir en svo var þriðju hæðinni bætt við svo þétting byggðar er svo sannarlega ekki fundin upp af Degi og félögum í henni Reykjavík," segir hún skellihlæjandi og það er greinilega stutt í gleðina hjá hótelstjóranum.

Við erum stödd á Raufarhöfn, einum afskekktasta þéttbýliskjarna landsins þar sem miðnæturbirtan er stórfengleg, náttúran einstök og mannlífið gott. „Við höfum íhugað að nýta okkur afar bágborið útlit hússins í markaðssetningu, eins og t.d. „Útlitið er ekki allt" eða „Ljótt hús, hrein rúm" en auðvitað er á dagskránni að laga húsið og gera það fallegt," segir Gísli Briem, hinn helmingur hjónanna sem nú hafa sest aftur að á Raufarhöfn. Fyrst og fremst þarf að tryggja að hús haldi vatni og vindum og gamalt hús eins og hér um ræðir þarf mikla umhyggju og vinnu og svo auðvitað helling af peningum bætir hann við.

### *Festa ekki rætur fyrir sunnan*

Angela og Gísli fluttu árið 2020 suður eftir þá þriggja ára búsetu á Raufarhöfn en tókst ekki að festa rætur fyrir sunnan, hugurinn var fyrir norðan eða austan og augun voru alltaf opin fyrir nýjum tækifærum á réttum stað á landinu. Angela er borinn og barnfæddur Raufsari. „Ég reyndar svo sem fæddist á fæðingardeildinni á Akranesi, en það var bara af því mamma er frá Akranesi og vildi fæða þar." Faðir Angelu er Agnar Víðir Indriðason sem fæddur er á Raufarhöfn og hefur alltaf búið þar, en móðir Angelu, Jóhanna Helga Sigursteinsdóttir er frá Akranesi eins og fyrr segir. Aðspurð segir Angela að það hafi verið frábært að alast upp á Raufarhöfn, líf og fjör og mikið að gera. „Við til dæmis kveiktum í verksmiðjunni, fundum eldspýtur og kveiktum í einhverju plasti og það bara varð allt vitlaust, stórbruni," segir Angela skömmustuleg og gýtur augum á upptökutækið. „Ég er búin að margreyna að flytja í burtu héðan, en dregst alltaf til baka heim aftur."

Gísli er aftur á móti frá Reyðarfirði, næstelstur fjögurra systkina og eins og Angela, afar sáttur við sinn uppvöxt í litlu sjávarþorpi og finnur á Raufarhöfn þessa sönnu „heima"-tilfinningu sem heppnir þekkja.

Þau hjón eiga samtals þrjú uppkomin börn og fimm barnabörn, sem búsett eru víða um land. „Alltaf þegar við keyrðum frá Raufarhöfn var alltaf þögn í bílnum hjá okkur, svona eins og sorgarþungi," segir Angela og gerir tilraun til að lýsa þessari undarlegu þrá sem sumir upplifa til heimahaganna. Þau eru samt sammála um að ákvörðun um að leggja í þessa ferð hafi verið flókin, hótelrekstur á stað sem margir myndu lýsa sem hjara veraldar er erfiður og alls ekki augljóst að allt muni ganga upp. „En alveg eins og við þurfum á Raufarhöfn að halda þá finnst mér að Raufarhöfn þurfi líka á okkur að halda, það er svo margt sem er hægt að gera, þarf að gera og okkur langar að taka þátt í því," segir Gísli. „Náttúran hérna er svo stórkostleg, að fara upp í heiði að veiða eða bara í göngutúr eru ómetanleg lífsgæði og svo er svo mikil nánd í samfélaginu."

### *Fimmtán herbergi og tjaldstæði*

Hreiðrið hefur verið rekið á Raufarhöfn um árabil, þar eru 15 herbergi af ýmsum stærðum og gerðum og gistipláss fyrir um 30 manns. Á annarri og þriðju hæð eru vel búin eldhús og setustofur og sameiginlegar snyrtingar en á jarðhæð er rúmgóð móttaka og gistirými. Kjallarinn, sem er hálfniðurgrafinn, er svo til ónothæfur eins og er en ýmsar hugmyndir eru um breytingar þar á, lagfæra þarf þvottahúsið og geymslur sem þar eru og hugsanlega mætti útbúa litla íbúð í hluta rýmisins. „Þetta er kannski ekki spánýtt hús en ég get sagt þér það að það er hreint," segir frú Angela og veifar dulu, enda er hún þekkt hamhleypa með tuskuna.

„Okkur dreymir um að ræsa alls konar afþreyingu á staðnum og vonum að einhverjir séu í startholunum líka," segir Gísli og bendir á marga möguleika og segir að ferðamenn þurfi „action", annars stoppa þeir bara eina nótt eða koma bara alls ekki. Það er þó ekki þannig að á Raufarhöfn finnist ekki „seglar" fyrir ferðamenn, sagan er alltumlykjandi enda þorpið nyrsta byggða ból landsins og hér á árum áður var gríðarmikil síldarútgerð. Bæjarstæðið er ákaflega fallegt, Raufarhafnarhöfði skýlir höfninni og nálægðin við Melrakkasléttu er dýrmæt og gjöful. Á Melrakkaási við Raufarhöfn stendur svo Heimskautagerðið, stórfengleg framkvæmd þar sem leikið er með miðnætursólina og sögur af dvergum og öðrum kynjaverum.



Kaffibrauð á borðum eins og vera ber á gestrisnu heimili hjá Angelu og Gísla í Hreiðrinu.

### *Bjartsýn á framhaldið*

Bókanir fyrir sumarið eru ágætar og júlí er orðinn fullbókaður, það er bullandi bjartsýni í nýju eigendunum og mikill eldmóður. Það þarf svo sannarlega að taka til hendinni og ekki annað að sjá en þessar fjórar séu til í tuskið. /bs







Bændablaðið
kemur næst út
11. júlí


Kubota
Heyvinnuvélar fyrir kröfuharða
Þessar vélar og allar hinar
TE8590C 9 m
snúningsvél, dragtengd
3.145.000 + vsk
RA2072 7,2 m
miðjurakstarvél
3.685.000 + vsk.
RA2584 8,4 m
miðjurakstarvél
5.350.000 + vsk.
DM3040 - 4,0 m
diskasláttuvél
2.630.000 + vsk.
Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is velasvid@thor.is s 568-1500
ÞÓR HF

HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán.-fös. Kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is
Kress
Slátturóbotar
Víralaus og hælalaus
Róbotar með sláttugetu frá 600 – 36000 m²
Einföld uppsetning í appi
Öllu stjórnað í gegnum "skýið"
Gæðamerki með uppruna frá Þýskalandi
Enn meira úrval inn á haverslun.is
Einnig alltaf heitt á könnunni í Víkurhvarfi 4
Kress KR160E.A Mission RTK
– 600 m², halli 22°
Kress KR171E Mission RTK
– 1500 m², halli 22°
Kress KR172E.A Mission RTK
– 3000 m², halli 22°
Kress KR173 Mission RTK
– 5000 m², halli 22°
Kress KR236E Mission Mega RTK
– max 36000 m², halli 22° aðeins 22kg
Ný kynslóð 60v rafmagnsverkfæra

## Ferðaþjónusta:

# Opnaði bar í gamla mjólkurhúsinu

## – Tekur á móti hópum í hestaferðir og fræðir ferðamenn um landbúnað

**Á Stóru-Ásgeirsá í Vestur-Húnavatnssýslu er Magnús Ásgeir Elíasson með hrossarækt og ferðaþjónustu. Hann býr þar ásamt kærustu sinni, Selinu Mariu Stacher, og tveimur dætrum sínum.**

Magnús er uppalinn á bænum en Selina kemur frá Sviss. Foreldrar Magnúsar ráku kúabú til ársins 2005 og segir hann að þegar hann tók við jörðinni árið 2008 hafi ekki verið mikill búskapur á bænum. Síðan þá hefur hann reynt ýmislegt fyrir sér, þá sérstaklega á sviði ferðaþjónustu og hestaleigu. Hann rak til þriggja ára dýragarð á Stóru-Ásgeirsá, en Magnús segir þann rekstur ekki hafa verið nógu arðbæran. Þar gátu gestir séð flest dýr sem eru tamin á Íslandi.



Hestarnir eru stór hluti af daglegu lífi á Stóru-Ásgeirsá, þar sem rekin er hestaleiga og gistiþjónusta. Hér stendur Magnús Ásgeir Elíasson ásamt kærustu sinni, Selinu Mariu Stacher, og dætrum sínum tveimur, Helgu Mist, sjö ára, og Sigríði Emmu, ellefu ára. Myndir/ál



Þar sem áður var mjólkurhús fæst nú afgreitt öl.

### *Hestaleiga og bar*

Hestaleigan sem sett var á laggirnar árið 2012 er enn í fullum gangi og byggist á styttri ferðum. Magnús hefur byggt upp gistingu á jörðinni frá árinu 2016, en fyrst breytti hann hluta íbúðarhússins og hefur nýlega reist fjórar stúdíóíbúðir sem ætlaðar eru fyrir ferðamenn.

Árið 2018 opnaði Magnús bar sem hann nefnir Mjólkurhúsið, en það er einmitt í þeim hluta gamla fjóssins þar sem áður var mjólkurhús og mjaltabás. Barinn er oftast opinn þegar fólk er í gistingu ásamt því sem sveitungarnir líta við og „fá sér einn kaldan á góðum sumardegi“, segir Magnús. Hann tekur jafnframt á móti 150 hópum á ári hverju þar sem hann leiðir fólk í gegnum gamla fjósið, sem hefur verið breytt í hesthús, og gefur gestunum færi á að snerta dýrin. Þaðan fer fólkið í reiðhöllina þar sem sett er upp lítil hestasýning. Að lokum er farið í Mjólkurhúsið þar sem Magnús býður upp á stutta tónleika. Á meðan á öllu þessu stendur segir hann skemmtilegar sögur úr sínu lífi og fræðir fólk um íslenskan landbúnað og íslenska hestinn.




Stóra-Ásgeirsá er utarlega í Víðidal í Vestur-Húnavatnssýslu.




Önnur af tveimur plötum sem Magnús hefur gefið út.

### *Hefur gefið út plötur*

Tónlist skipar stóran sess í lífi Magnúsar, en hann hefur gefið út tvær plötur. Sú fyrri heitir Leggja af stað og var gefin út á geisladisk, á meðan sú síðari heitir Senn kemur vor og er aðgengileg á Spotify. Tónlistinni lýsir hann sem ljúfri kántrítónlist.

Á bænum eru í kringum sextíu hross og koma að jafnaði fjögur til fimm folöld á ári. Magnús segir ánægjulegt að temja hross úr sinni eigin ræktun og finna hverju og einu verðugt hlutverk, en hann þurfi stöðugt að þjálfa nýja hesta. Þetta sé samt sem áður fjölskyldusport sem allir geti tekið þátt í, en dætur Magnúsar, Sigríður Emma, 11 ára og Helga Mist, sjö ára, eru mjög virkar í hestamennsku. Að auki við þátttöku í hefðbundnum keppnum og reiðmennsku æfa þær hestafimleika á Hvammstanga.

### *Kynntist íslenska hestinum í Sviss*

Selina fékk fyrst áhuga á landinu eftir að hafa kynnst íslenska hestinum úti í Sviss. Eftir að hafa komið árum saman sem ferðamaður til landsins sagði hún upp starfi sínu í heimalandinu og fékk vinnu á hrossabúi hérlendis fyrir ári síðan. Hún býr núna á Stóru-Ásgeirsá og starfar við hlið Magnúsar í hestaleigunni.

Lykillinn að góðum hestum í hestaleigu er samkvæmt Magnúsi að þeir séu vel sjóaðir og traustir þar sem ólíkt fólk komi á bak. Breiddin þurfi að vera allt frá mjög þægum og rólegum hestum upp í nokkra viljuga ef vanir hestamenn slysast í ferðir. Hann segir hestaleigu vera þokkalegan bransa, þó það sé nauðsynlegt að hafa eitthvað með. Umferð ferðamanna sé mun minni á hans svæði en sunnan heiða, ásamt því sem starfsemin sé háð veðri. */ál*





Þær systur, Helga Mist og Sigríður Emma, hafa gaman af að spreyta sig á hestafimleikum.



Þeir sem gista á Stóru-Ásgeirsá geta baðað sig í þessari laug rétt við ána sem bærinn dregur nafn sitt af.



Sextíu hestar eru á bænum. Þegar kemur að hestaleigu þarf talsverða breidd því knaparnir geta verið misjafnir.




MHG VERSLUN
Husqvarna - feel the power
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Rier RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW
Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm
Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m2 - 45% halli
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is


AT5L - 500cc
1.449.000 með vsk.
SEGWAY
fjórhjól til afgreiðslu strax
AT6L - 570cc
1.799.000 með vsk.
Öll hjólin okkar eru tveggja manna,
með rafmagnsstýri, læsanlegum
mismunadrifum bæði framan og aftan
og diskabremsum hringinn.
T3B dráttarvélaskráning.
HESJA
hesja.is
Hafnarfjörður: Selhella 1 - Sími 546 0415 | Akureyri: Frostagata 2 - Sími 415 6415
HESJA

## Gunnarsholt á Rangárvöllum:

# Úr svartri auðn í stærsta bú landsins

## – Ný bók eftir fyrrverandi landgræðslustjóra

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



**„Ég kom í Gunnarsholt þegar ég var rétt rúmlega eins árs gamall,“ segir Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri, sem var að gefa út glæsilega bók um Gunnarsholt og sögu staðarins.**

„Síðan hef ég verið viðloðandi við staðinn frá 1947, meira og minna allt mitt líf nema þegar ég var í framhaldsskóla og háskólum, annars hef ég verið í Gunnarsholti þannig að ég leit þannig á að það væri enginn betur til þess fallinn en ég að segja sögu staðarins,“ segir Sveinn.


Sveinn Runólfsson með nýju bókina en hún lýsir því hvernig sandauðn var breytt á nokkrum áratugum í það að vera langstærsta bú sem nokkurn tímann hefur verið til á landinu. Mynd / mhh

### *Kostajörð breyttist í sandauðn*

Bókin mun beina sjónum lesandans að því hvernig þessi kostajörð við landnám breyttist í sandauðn og því einstæða afreki að breyta þessari gereyddu jörð í land er fóstraði langstærsta bú sem nokkurn tímann hefur verið rekið á Íslandi. Sveinn hefur fengið mjög góð viðbrögð við bókinni. „Það hefur enginn þorað annað en lofsama bókina og fólk undrast bæði gæði og fjölda mynda. Talar um að það „fenni svo fljótt yfir sporin“ og því sé svo þýðingarmikið að þessar heimildir um Gunnarsholt liggi fyrir. Það eru myndir, texti og kort. Það hefur mikið verið hringt eftir útgáfuhófið í Gunnarsholti 13. júní þar sem mættu 170 manns,“ segir Sveinn kampakátur en hann starfaði sem landgræðslustjóri árin 1972 til 2016.

### *Fór í eyði 1925*

Í Gunnarsholti er geysilega mikil og merk saga og löng og ég byrja á að segja lítillega frá henni við landnám og svo fjalla ég svolítið um eyðingarsöguna, þar til að Gunnarsholt fer endanlega í eyði 1925, þá var öll jörðin og allar aðliggjandi jarðir orðnar svartur sandur. Aðalhluti bókarinnar fjallar um hvernig þetta land var endurreist og hvernig þessi miklu landgæði sem voru þarna voru endurheimt,“ segir Sveinn.

### *Skóginum eytt*

Sveinn segist ekki vera í vafa um að allt land Gunnarsholts hafi verið skógi og kjarri vaxið í upphafi. „Sem dæmi um það má telja að, fyrir utan þau merki sem hafa fundist í jörð og jarðvegi sem ekki er fokinn á haf út, á öllum þessum jörðum á þessu svæði í Rangárvöllunum, þar voru bæirnir byggðir uppi á hólum og framan í brúnum. Menn vildu sjá yfir landið, þeir sáu ekkert fyrir skóginum, skógarnir voru brenndir og höggnir í eldivið og til þess að þreyja fram lífið, þangað til ekkert kjarr var eftir og þegar kjarrið var horfið þá hvarf skjöldurinn sem verndaði þennan eldfjallajarðveg og viðkvæma gróður,“ segir Sveinn og bætir við: „Þegar þessi skjöldur var horfinn þá byrjaði hamslaus uppblástur og þá eyddist þetta smátt og smátt, allur gróður, og þarna var búfé beitt allan ársins hring.“

### *„Þýðir ekkert að kenna Heklu einni um þetta“*

„Það var nánast ekkert land eftir til þess að heyja og þess vegna fór þetta svona endanlega í þessa miklu eyðimörk og það er ekki nokkur vafi á því að Rangárvellir og Rangárvallarhreppur er verst leikna sveitarfélag landsins af þessum náttúruhamförum í formi uppblásturs og gróðureyðingar. Það var ekki Heklu gömlu einni um að kenna nema óbeint því það er alveg ljóst að hún var búin að vera að gjósa í mörg þúsund ár áður en landnámið hófst og það er ekki fyrr en áhrif búsetunnar og rányrkju fer að gæta verulega sem uppblásturinn hefst,“ segir Sveinn um leið og fram kemur í máli hans að vissulega séu óbein áhrif í því að jarðvegurinn þarna er mjög fokgjarn út af ösku og vikri en að það þýði ekkert að kenna bara Heklu um þetta. „Við getum kennt sjálfum okkur og vanþekkingu um þetta en fólkið varð að þreyja fram lífið og nýta allt það sem landið gaf og rúmlega það,“ segir Sveinn.


Gunnarsholt á Rangárvöllum er eitt glæsilegasta býli landsins. Í dag er Land og skógur meðal annars með höfuðstöðvar sínum á staðnum. Mynd / Jón Karl Snorrason.


Heyi snúið til þerris í Gunnarsholti á vesturtúni 1948 á Farmall A-dráttarvél. Myndina tók Runólfur Sveinsson landgræðslustjóri á Zeiss Ikon myndavél og Ectachrome slides.

### *Fyrstu aðgerðir í Gunnarsholti*

Sveinn segir að fyrsta ráðið í baráttunni við að stöðva eyðinguna hafi verið að girða og friða verstu sandfokssvæðin fyrir beit. „Fjárveitingar voru af afskaplega skornum skammti og það voru lítil svæði sem voru tekin fyrir hverju sinni en það skipti sköpum og þar sem verstu sandflákarnir voru, þar voru hlaðnir grjótgarðar sem ég lýsi í bókinni, þvert á helstu vindáttina, norðaustanáttina, til að stöðva sandskrið og gefa melgresinu grið sem var sáð meðfram þessum görðum,“ segir Sveinn um leið og hann ítrekar þá þrjá þætti sem skiptu sköpum á fyrstu 40 árunum í Gunnarsholti.

„Það var að girða og friða fyrir beit, hlaða grjótgarða og sá melfræi. Það er engin jurt, önnur en melgresið, sem við þekkjum í dag sem þrífst og líður vel í miklu sandfoki. Til dæmis þegar ráðist var til atlögu af fullum krafti á Landeyjasandi upp af Landeyjahöfn, þá var ekkert nema melgresið sem varð að grípa til og Landgræðslan þekkti vel til að takast á við að framleiða fræ af því.“

### *Til hvers að gefa út þessa bók?*

Sveinn segir að tilgangurinn með bókinni sé margþættur. „Já, einn er sá að nútímamenn átti sig betur á því sem gert var í Gunnarsholti við endurheimt landgæða, einkum í upphafi og fram eftir miðri síðustu öld. Á seinni hluta síðustu aldar var Gunnarsholt í margra augum sú fyrirmynd sem þeir vildu fylgja í búskap og ekki síður í endurheimt landgæða,“ segir Sveinn og bætir við að þegar hann og Áskell Þórisson, sem braut um bókina og Páll Halldórsson flugstjóri luku við bókina um Landgræðsluflugið vorið 2021 hófust þeir handa við gerð þessarar bókar en það er fyrir þremur árum síðan. En það var þó ekki fyrr en í janúar 2022 sem þeir fóru á flug við skrif og umbrot bókarinnar.

### *Gagnaöflun í bókina*

„Í gegnum tíðina hef ég sankað að mér þeim gögnum sem ég gat fundið um jörðina og á Þjóðskjalasafninu er til dæmis mjög mikið til af gögnum. Í skjalasafni Landgræðslunnar er einnig gríðarlega mikið til af bréfum og alls konar gögnum. Það hefur engan tilgang að birta nema brot af öllum þessum skjölum, því enginn myndi nenna að lesa það allt saman. Því er gripið til þess ráðs að láta góðar ljósmyndir og kort segja söguna að mestu leyti og hafa textann sem stystan. Myndasöfn Landgræðslunnar og höfundar eru rík af ljósmyndum frá Gunnarsholti en þær eru misjafnar að gæðum,“ segir Sveinn, aðspurður um gagnasöfnun í bókina.

„Áður en vinna hófst við gerð þessarar bókar vissi ég að hún yrði ekki að veruleika nema mér tækist að fá til liðs við mig heilan her hæfileikafólks. Það gekk eftir. Ótal aðilar hafa aðstoðað mig á ýmsa vegu, sumir hafa útvegað myndir, aðrir tekið myndir og enn aðrir bent mér á áhugaverða hluti. Við verklok skráði ég yfir 200 heimildarmenn og hjálparhellur auk ljósmyndaranna,“ bætir Sveinn við.

### *Forrækta sandana með lúpínu*

Það var ekki hægt að sleppa fyrrverandi landgræðslustjóra án þess að spyrja hann hvort það væri raunhæft að hans mati að svörtu sandarnir á Suðurlandi verði einhvern tíma í framtíðinni notaðir sem ræktarland til matvælaframleiðslu á Íslandi. Það stóð ekki á svarinu. „Já, ég tel það vel gerlegt, alveg frá Höfn í Hornafirði í austri og allt vestur að Ölfusá. En sandarnir við Þorlákshöfn eru víðast of grýttir. Vissulega þarf að koma til talsverð stýring með varnargörðum á rennsli fallvatna eins og vestan við Hornafjarðarfljót og víða annars staðar. Hagkvæmast væri að forrækta sandana með einærri eða fjölærri lúpínu og plægja hana svo niður áður en sú fjölæra færi að dreifa sér. Eftir nokkur ár væri hún búin að auðga sandinn af næringarefnum og þá væri kornrækt þar fýsileg,“ segir Sveinn brosandi.




Weckman stálklæðningar
H. HAUKSSON EHF.
• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •
Bárujárn
Verð kr. 3.600 m2 með vsk.
Stallað stál
Verð kr. 4.900 m2 með vsk.
Trapisustál
Verð kr. 3.600 m2 með vsk.
H. Hauksson ehf. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is
WECKMAN
MADE IN FINLAND


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá fræjum til afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir



Á Bessastöðum er nokkuð stórt æðarvarp sem Harpa Marín og Selma Ósk Jónsdætur sinna fyrir hönd forsetaembættisins. Þær njóta þess að komast í varpið og vera utan við allt ys og þys, en þrátt fyrir nálægð við þétta byggð höfuðborgarsvæðisins er mikil kyrrð og ró á Bessastaðanesi. Myndir / ál

## Æðarrækt:

# Kynslóðaskipti á Bessastöðum

## – Forréttindi að vera í æðarvarpinu og njóta náttúrunnar

**Systurnar Harpa Marín og Selma Ósk Jónsdætur tóku við sem umsjónarmenn æðarvarpsins á Bessastöðum í vor. Harpa segist hafa þekkt Guðjón Helgason sem sá um varpið áður og fyrir nokkrum árum vantaði hann mannskap og lagði Harpa hönd á plóg. Ári síðar tók hún Selmu með sér og hafa þær báðar tekið fullan þátt í dúntínslunni síðan þá. Systurnar segjast ekki hafa vitað af þessu varpi fyrir þann tíma.**

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Þar sem Guðjón var að hætta eftir tuttugu ár í starfi tilnefndi hann þær sem sína eftirmenn, enda sóttust þær alltaf í að komast í varpið á hverju sumri. Sjálf ákvörðunin um að ráða þær hafi verið í höndum skrifstofu forseta. „Við erum að vinna við það að tína fyrir embættið,“ segir Selma. Harpa vill líkja stöðu þeirra við garðyrkjumenn eða aðra sem eru ráðnir til að sinna sérstökum verkum.

„Við erum að feta okkar fyrstu skref sem dúnbændur,“ segir Harpa og bætir við að þær eigi enn margt eftir ólært. Hún er ekki alveg ókunnug æðarvarpi, en sem barn eyddi Harpa sumrunum hjá ömmu sinni sem var með hús í Kollafirði. Á næsta bæ hafi verið æðarbóndi og fór hún gjarnan með honum í varpið.

### *Tólf vikur á vorin*

Þær segja tímabilið hefjast um miðjan maí og vara í hátt í tólf vikur með undirbúningi og frágangi, á meðan tínslan sjálf taki sex til átta vikur. Þær leita á öllu nesinu handan Bessastaða og sé farið tvisvar á hvert svæði. Ef aðstæður leyfa ættu þær að vera búnar fyrir lok júní, en dúntínslan fer fram alla þá daga þar sem veðrið er hagstætt.

Vinnudagarnir byrja í hlöðu sem er rétt handan við Bessastaðastofu. Þar hafa þær aðstöðu til að geyma búnað eins og dúntínslupoka og hey. Þar er jafnframt aðstaða til að þurrka og flokka dúninn og fjarlægja úr honum stærstan hluta af aðskotaefnunum áður en hann er sendur annað í fullhreinsun.

Þær segjast fá sér einn Collab áður en þær leggja af stað og fara þær á leitarsvæðin ýmist fótgangandi eða á bíl eftir vegslóðum. „Þetta er ótrúlega fjölbreytt. Við vitum í raun aldrei hvernig dagurinn verður,“ segir Harpa, en veðráttan ráði miklu um hvaða svæði sé leitað hverju sinni.

Vinnudagarnir séu misjafnlega langir en að jafnaði fimm til sex tímar. Ef veðrið versnar skyndilega hafa þær hætt eftir þrjá tíma, en þegar vel viðrar geti þær verið að í næstum tíu tíma.



Dagarnir byrja í þessari hlöðu þar sem systurnar eru með aðstöðu til að geyma allan búnað, grófhreinsa og flokka dún og geyma áður en hann er sendur annað í fullhreinsun.



Eftir að Guðni Th. Jóhannesson fékk boð á aðalfund Félags æðarbænda eftir embættistöku 2016 áttaði hann sig á að hann væri ekki einungis orðinn forseti, heldur einnig bóndi. Hér aðstoðar Harpa Marín Guðna við tínsluna.



Eftir að dúnninn er tíndur þarf að fjarlægja aðskotaefni. Selma Ósk hreinsar hér dún sem inniheldur mikið af visnuðu grasi.

## 5 hlutir sem Harpa & Selma geta ekki verið án



**1. Pokarnir:** Dúnninn er flokkaður eftir gæðum við tínslu.



**2. Góðir gönguskór:** Oft ganga systurnar tíu kílómetra á dag.



**3. Lopapeysa:** „Maður endist ekki lengi án hennar."



**4. Eyrnaband:** Á Bessastaðanesi getur verið vindasamt.




**5. Collab:** „Við bíðum eftir spons frá Collab."



**Húsráðandinn á Bessastöðum sinnir almennt ekki dúntínslu en brá sér í varpið með Hörpu Marín og Selmu Ósk þegar blaðamann bar að garði.**

Harpa hefur verið með skrefamæli og nefnir að fyrir skemmstu hafi hún gengið sextán þúsund skref, eða tíu kílómetra, á einum degi. Hæsta talan sem hún hefur séð eru fimmtán kílómetrar, sem hafi verið á sérstökum blíðviðrisdegi.

### *Fjarlægt amstrinu*

Yfirleitt eru þær tvær, en stundum koma ættingjar og vinir sem hafa áhuga á að taka þátt. Það sé aldrei kvöð að þurfa að vakna á laugardagsmorgni og mæta í varpið. Það sé svo ánægjulegt að vera úti í náttúrunni og geta lagst í grasið til að taka nestispásur. Til þess að þrífast í þessu starfi sé nauðsynlegt að elska útiveru. „Ég tala alltaf um að það séu forréttindi að fá að eyða svona miklum tíma úti," segir Selma.

Þær segjast vera miklar sveitastelpur og líða best úti á landi. Þær ná mikilli tengingu við náttúruna þegar þær eru í varpinu, sem sé dýrmætt. Nánast allt höfuðborgarsvæðið sjáist frá Bessastaðanesi, en þegar lagst sé í grasið og horft upp í loft sé hægt að ímynda sér að maður sé hvar sem er. „Þetta er svo fjarlægt amstrinu," segir Harpa.

Systurnar eru báðar í fullu starfi en Selma tók sér sumarfrí í vor á meðan Harpa nýtur nokkurs sveigjanleika á sínum vinnustað. „Maður skipuleggur starfið sitt í kringum þetta og maður lætur þetta ganga," segir sú síðarnefnda. Hún bætir við að þó svo að þessu fylgi aukið álag sé mikil hugarró fólgin í því að tína dún, jafnvel eftir heilan vinnudag.

### *Gott að vita af Guðna*

Vegna nálægðarinnar við forsetann sé ramminn í kringum æðarvarpið strangari en ella. Systurnar reyni jafnframt að aðskilja starfsemina sína frá Bessastöðum, enda sé það heimili Guðna og fjölskyldu. Forsetinn taki ekki beinan þátt í dúntínslunni, en þær rekist einstaka sinnum á hann. „Maður sér hann ekki oft, en það er gott að vita af honum þarna," segir Harpa.

Í viðtali við Bændablaðið í vetur sagði Guðni Th. Jóhannesson að fyrsta bréfið sem hann fékk á Bessastaði eftir að hann tók við embætti sumarið 2016 hafi verið boð á aðalfund Félags æðarbænda. „Þá áttaði ég mig á því að ég hafði ekki aðeins tekið við embætti forseta, heldur var einnig orðinn bóndi," sagði hann af því tilefni. Aðspurðar hvort systurnar hafi hugsað sér að taka þátt í starfi félagsins svara þær að það sé aldrei að vita nema þær mæti á fund ef þeim er boðið.



**Mikilvægt er að hafa augun hjá sér þar sem æðarkollurnar falla vel inn í umhverfið.**



**Flest svæðin á Bessastöðum eru leituð tvisvar. Hér sést hreiður eins og þau eru oft við fyrstu leit.**





AUGLÝSING UM NIÐURSTÖÐU SVEITARSTJÓRNAR

**Eskiholtsskógur - Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar Borgarbyggðar vegna skipulags**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 13. júní 2024 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Aðalskipulagsbreyting – Eskiholtsskógur**
Breytingin felst í því að aflétta landnotkun frístundabyggðar (F37) á 8,2 ha svæði svo eftir standi landbúnaðarland. Frístundabyggðin (F37) er í dag 153,3 ha, en verður 145,1 ha eftir breytinguna.

Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Hægt er að óska frekari upplýsinga um breytinguna hjá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar.

**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar**






## Útnyrðingsstaðir á Fljótsdalshéraði:

# Metnaður í hrossaræktinni

## – Ferðafólki veittur beini um nær tveggja alda skeið

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

**Útnyrðingsstaðir á Völlum eru í um 7 km akstursfjarlægð frá Egilsstöðum. Bærinn stóð lengi í þjóðleið en er nú utan alfaraleiðar. Þar er stunduð metnaðarfull hestaræktun og ferðaþjónusta og snyrtimennska áberandi.**

Með sanni má segja að fallegt sé umhorfs á Útnyrðingsstöðum. Þar er gróðursæld mikil, hestar og fé í haga og fuglalíf í móum, blár og lækir setja svip á landið og húsakostur allur, jafnt íbúðarhús sem reiðhöll, reisulegur og vel við haldið. Leitun er að jafn snyrtilegu hesthúsi og þar má finna.

Þau eru hláturmild og hafa sögur að segja, Daniela Gscheidel og Stefán Sveinsson, húsráðendur á Útnyrðingsstöðum. Þau segjast búa á heimsenda, fjarri hringiðunni.

*Ferðaþjónusta frá 1830*

Forfaðir Stefáns, Óli Ísleifsson, settist að á jörðinni árið 1830 og fjölskyldan hefur upp frá því búið jörðina, kynslóð fram af kynslóð, og lengstum með sauðfé.

Bærinn lá lengi í þjóðbraut, frá Skriðdal og Fljótsdal og út eftir þar sem leiðin kvíslaðist til Seyðisfjarðar og Eskifjarðar, þangað til rétt fyrir seinna stríð að kom nýr akvegur, og þá neðar í landinu og nær Lagarfljóti. Af því að Útnyrðingsstaðir voru nánast síðasti bærinn útnorður áður en haldið var á firðina var ferðafólki gjarnan veittur þar beini, og gisting ef þannig stóð á veðri. Þannig má segja að ferðaþjónusta hafi verið á Útnyrðingsstöðum í nærfellt tvær aldir.

*Eftir riðuna komu hestarnir*

Stefán, sem fæddur er árið 1962, ólst upp á fjölmenni heimili þar sem kynslóðirnar lifðu saman. Hann fór fyrst í skóla á Eiðum en svo í Iðnskólann í Reykjavík að læra kjötiðn.

Síðan lá leiðin austur 1983 þegar hann tók við kjötvinnslunni Austmati á Reyðarfirði um skeið. Seinna flutti hann á Egilsstaði, lærði kokkinn og gerðist matreiðslumaður í Valaskjálf. Hann kom að rekstri fjárbúsins að Útnyrðingsstöðum með móður sinni árið 1987 en hafði verið viðloðandi bústörfin gegnum tíðina. Samhliða önnuðust þau einnig fjárbú frænda Stefáns í Lönguhlíð, sem þurfti að bregða búi vegna veikinda.

„Það sem gerðist næst var að það kom upp riða," segir Stefán alvarlegur í bragði. „Ég bjó í rauninni aðeins með fé í eitt og hálft ár. Vegna riðunnar varð að slátra öllu fénu og við tók þriggja ára tímabil þar sem ekki var kostur á að taka fé aftur. Fyrir nú utan allt hreinsunarstarfið og annað sem þessu fylgdi," segir hann.

Stefán kynntist á þessum tíma tamningakonu sem vann í sveitinni, þau rugluðu saman reytum og hestar urðu hinn nýi búpeningur á Útnyrðingsstöðum þótt fyrir hafi verið nokkrir reiðhestar. En nú var farið í talverða hrossaútgerð, eins og Stefán orðar það.


Daniela Gscheidel og Stefán Sveinsson á Útnyrðingsstöðum með stóðhestinn Dimmi, fimm vetra einkar efnilegan stóðhest úr eigin ræktun. Mynd / sá

*Lommahestar og Gæðingatours*

Tekin voru hross til tamninga á Útnyrðingsstöðum og farið að rækta. Stefán og þáverandi maki hans settu á fót hestaleigu í Hallormsstað um tíma, fóru í samstarf við Anton Antonsson hjá Ferðamiðstöð Austurlands/LTU árið 1992 og tóku í samvinnu við bændur á Tókastöðum að skipuleggja hestaferðir, ekki síst í Loðmundarfjörð. Þannig hófu Lommahestar göngu sína.

„Þetta fluggekk en innkoman á þessum tíma var ekkert sérstök; þetta var mjög gaman en líka afar mikið erfiði," útskýrir Stefán. „Samt tókst okkur að leggja grunninn vel og stækkuðum seinna við okkur þannig að yrði hagstæðara. Þetta var það sem ég gerði í 25 sumur."

Hann rifjar upp að þetta hafi verið fyrir tíma samfélagsmiðlanna og öll samskipti farið fram gegnum síma og faxtæki, eða maður á mann innan lands og utan. Markaðssetningarstarfið hafi verið óhemju vinna og sumrin gríðarlega ströng þar sem oft gafst ekki einn einasti frídagur í mánaðavís.

Hann breytti Lommahestum árið 1999 í Gæðingatours og fór að bjóða upp á tvískiptar ferðir fyrir smærri hópa, annars vegar hálendisferð á Econoline í viku, þar sem hann sjálfur var bæði kokkur og leiðsögumaður, og hins vegar vikulanga hestaferð þar sem hann leiddi einnig hópinn. „Þannig kynntumst við Daniela!" útskýrir Stefán brosandi.

*Gekk inn í nýja veröld*

Víkur þá sögunni til Danielu, sem kom fyrst til Íslands sumarið 2005 sem ferðamaður: einmitt í hesta- og hálendisferð með Stefáni. Hún fæddist í Stuttgart í Þýskalandi árið 1969. Eftir háskólanám í læknisfræði tók hún sérnám í húðlækningum í Frakklandi og starfaði sem sjálfstæður afleysingalæknir í Strassborg og á Elsass-svæðinu fram til ársins 2007, er hún flutti til Íslands.

Daniela hafði lengi haft hug á að koma til Íslands, bæði vegna þess að foreldrar hennar höfðu ferðast til landsins árið 1973 og ekki síður vegna áhuga hennar á hestum, þar á meðal þeim íslensku. Þegar hún sá ferð Gæðingatours auglýsta í þýska hestatímaritinu Pferd und Reiter lét hún til skarar skríða árið 2005.

Svo vildi til að dóttir Stefáns bjó í Stuttgart og hann átti jafnframt vini í Strassborg eftir að hafa unnið við tamningar í Frakklandi. Leiðir þeirra Danielu lágu því aftur saman ytra eftir að Íslandsferð hennar lauk.

Í kjölfar heimsókna til Íslands og skoðunar á starfsaðstæðum á Austurlandi fór svo að hún flutti til Íslands, í Útnyrðingsstaði, árið 2007.

Hún fékk læknisstöðu innan Heilbrigðisstofnunar Austurlands, Stefán fór út og hjálpaði henni að tæma íbúð sína og pakka. „Við keyrðum svo frá Strassborg í Útnyrðingsstaði," skýtur hann hlæjandi að.

Fyrsta árið vann Daniela sem heimilislæknir á Egilsstöðum en eftir það við sína sérfræðigrein þar og að hluta á Akureyri um tíma. Þótti mikið happ að fá hana í læknaliðið á Austurlandi. Stefán segist dást að hugrekki hennar að skipta svo algerlega um kringumstæður í lífi sínu.

*Komu böndum á annríkið*

Smám saman fór ferðaþjónustan á Útnyrðingsstöðum að rúlla sjálfkrafa og þau hættu að kynna staðinn nema hjá völdum litlum ferðaskrifstofum erlendis. Þau hófu einnig að rifa seglin, vildu eiga meiri frítíma fyrir sín hugðarefni.

Þau hættu með hestaferðirnar árið 2016, drógu saman reksturinn en höfðu gistinguna opna fyrir erlenda ferðamenn frá vori og fram í vetrarbyrjun og buðu upp á stutta reiðtúra. Nú hafa þau alveg lagt af skipulagða hestaleigu og hestaferðir og leggja áherslu á bændagistinguna. Þó kemur fyrir að Stefán taki á móti hópum og sýni þeim staðinn og ræktunina.

„Í dag erum við á þeim stað að við erum að reyna að halda okkur við að gera aðeins það sem okkur langar til að gera," segja þau.

*Stofninn undan Hettu*

Á Útnyrðingsstöðum hefur sem fyrr segir verið tamningastöð um árabil þar sem Stefán og fleiri hafa tamið eigin hesta og annarra. Hrossunum hefur fækkað í um 30 en þegar flest var voru þau upp undir hundrað, þó sum í eigu annarra.

„Hrossaræktin á Útnyrðingsstöðum varð þess heiðurs aðnjótandi árið 2005 að vera útnefnd í vali um ræktunarbú ársins á landsvísu, sem var mikill áfangi í kjölfar fimmtán ára uppbyggingarstarfs," segir Stefán og heldur áfram: „Aftur á móti var alltaf þetta ströggl með óvissa innkomu af því að rækta hross, ala þau upp, temja og selja, eða selja ekki: maður þurfti að vera með svo mörg járn í eldinum í einu," segir hann.

„Eftir að Daniela kom inn í þetta


Útnyrðingsstaðir eru um 7 km frá Egilsstöðum. Þar eru miklir landkostir og fögur náttúra. Reiðhöllin er efst til hægri á myndinni. Mynd / Aðsend




Dagur frá Útnyrðingsstöðum.


Kvaran frá Útnyrðingsstöðum.


Steinn Steinarr frá Útnyrðingsstöðum.

með mér höfum við verið samstiga í að vera hér með hrossabú þar sem við ræktum okkar hesta,“ bætir hann við. „Okkar stofn í dag er mest út af Hettu frá Breiðumörk 2.

Við eignuðumst svo hryssu sem var heiðursverðlaunahryssan Andvör frá Breiðumörk 2, undan Andvara frá Ey og Hettu frá Breiðumörk 2. Í hrossaræktinni er stundum einn einstaklingur sem breytir öllu og lyftir upp á það plan að hrossin eru góð og eftirsótt og nafnið verður til. Andvör var slíkt hross,“ segir Stefán.

Þau rækta einnig út af Hruna frá Breiðumörk sem er undan Hettu. „Ég keypti Andvör úr ræktun vinar míns Sigurðar Jökuls Stefánssonar og föður hans og segja má að það hafi orðið okkar lán í ræktuninni,“ útskýrir hann.

### *Draumahestarnir*

Stefán er hættur að taka hross til tamningar frá öðrum og einbeitir sér að eigin hestum. Árið 2018 byggðu þau Daniela reiðhöll við bæinn sem gjörbreyttri allri aðstöðu til tamninga.

„Við fáum eitt til þrjú folöld á ári sem þýðir að við erum alltaf með í gangi hross sem við erum að ala upp, fer svo í tamningu og svo tekur kannski þrjú ár að gera skepnuna að verðmæti,“ greina þau frá. Daniela tekur fram að hún komi ekki lengur nálægt því að temja tryppi, hún stússi í sínum tömdu hestum, hjálpi til og láti þar við sitja, enda starfi hún sem læknir og hestarnir séu áhugamál.

Hún segir alla sína hesta vera í uppáhaldi. Hún leiti einkum að góðu geðslagi og gangi. Að hrossið vilji vinna með henni og eitthvert samspil gangi upp á milli hestsins og hennar. „Og að við höfum gaman! Mesta gleði upplifi ég á hestbaki ef hesturinn gengur vel undir mér, er sjálfgengur og sjálfberandi, sem er alls ekki alltaf með hesta,“ segir Daniela.

Stefán segist tengdur einum hesti umfram aðra: 1. verðlauna-stóðhesti sínum, Steini Steinari frá Útnyrðingsstöðum, undan Andvör frá Breiðumörk 2 og Þyt frá Neðraseli.

„Þetta er svona hestur sem maður eignast bara einu sinni á ævinni. Eðlisgæðingur, mikill töltari, ljúfur og næmur. Getur lesið hugsanir manns. Hestur sem gefur þér í rauninni alltaf meira en þú biður um. Margverðlaunaður. Síðan varð ég fyrir því óláni að hann var sleginn, var alltaf í hryssum sem graðhestur, og jafnaði sig aldrei á því. Í dag er hann yndislegur reiðhestur. Ég gelti hann til að gefa honum auðveldara líf og geta verið með öðrum hestum,“ segir hann.

### *Heimsmeistarinn Maístjarnan*

„Sá hestur sem hefur líklega auglýst okkur mest erlendis er einnig undan Andvör; Kvaran frá Útnyrðingsstöðum. Hann hefur tvisvar verið fulltrúi Sviss á heimsmeistaramóti og unnið til verðlauna á mótum ytra. Hann er alveg ótrúleg skepna. Við fengum folald á dögunum undan dóttur hans, sem við eigum, og heitir Dama. Sagan heldur áfram í þessu,“ segir Stefán.

Þau segja marga hesta erlendis frá Útnyrðingsstöðum. „Ég ræktaði hryssuna sem varð heimsmeistari árið 2004 í flokki sex vetra hryssa, Maístjörnuna frá Útnyrðingsstöðum. Lengi voru fjórir graðhestar frá okkur úti, Dreki, Kalman, Kamban og Kvaran, en nýlega þurfti að fella Dreka, sem var mjög góður hestur,“ segir Stefán enn fremur.

### *Hestamennska á Austurlandi*

Talinu víkur að hestamennsku á Austurlandi og stöðu hennar. Innan við 10% af hrossafjölda landsins mun vera í fjórðungnum.

„Ef þú býrð úti á landi – og ekki bara úti á landi heldur á enda veraldar eins og hér, fyrir utan alla hringiðuna – þá þarftu að sætta þig við að tækifærin eru fá,“ útskýrir Stefán. „Sömuleiðis er þá ströggl að halda starfinu gangandi en fólk er að reyna að gera sitt besta. Þó hefur heilmikil jákvæð þróun orðið hér, eins og að Fossgerði við Egilsstaði byggðist upp með góðri aðstöðu. En, illu heilli, var aðstöðunni skipt á tvo staði og byggð reiðhöll inni á Völlum, sem er í sjálfu sér frábært framtak en á röngum stað. Auðvitað átti allt að vera á sama stað. Í reiðhöllinni er þó unnið gott starf, m.a. verið að byggja upp ágætt barna- og unglingastarf,“ segir hann.

Þau telja hestamennsku á svæðinu vera að komast upp úr langvarandi öldudal, vegna þess að nýtt fólk sé að koma inn. Eitthvað er líka um mótahald. „Aftur á móti sitjum við uppi með þetta að vera langt í burtu og þurfum að leggja mikið á okkur til að vera þátttakendur í því sem er að gerast í hringiðunni,“ segja þau.

„Af Austurlandi hafa komið mjög góð hross sem byggir á þeim grunni að það voru hér hestamenn á árum áður sem voru duglegir að sækja sér graðhesta, eins og Hrafn frá Holtsmúla, Ófeig gamla og fleiri. Menn voru að halda hryssum og þó að þetta væri ekki stór ræktun þá byggðist upp góður grunnur sem byggt hefur verið ofan á með því að leigja hingað úrvals graðhesta. Það koma góðir hestar af Austurlandi, alltaf inn á milli, en okkur vantar fólk hér á svæðinu til að vinna úr efniviðnum,“ segir Stefán.

### *Stefna á Landsmót*

Sumaratíð í ferðaþjónustunni hefur gert að verkum að Stefán hefur ekki mikið sótt hestamót í öðrum landsfjórðungum gegnum tíðina. Hann er að fara í fyrsta sinn á Landsmót síðan árið 2004 og Daniela í annað sinn. Stefán og stóðhesturinn Dagur frá Útnyrðingsstöðum, undan Hrunadótturinni Hörpu (Hruni er bróðir Andvarar frá Breiðumörk 2), hafa áunnið sér þátttökurétt á Landsmótinu í B-flokki gæðinga fyrir hestamannafélagið Blæ. Þeir voru efstir í úrtökumóti og opnu félagsmóti Freyfaxa á dögunum, í gæðingatölti með einkunnina 8,68, í öðru sæti eftir forkeppni í B-flokki með einkunnina 8,38 og í fyrsta sæti í úrslitum með einkunnina 8,68. Það ríkir því tilhlökkun á Útnyrðingsstöðum fyrir Landsmóti.

„Við förum ekkert í launkofa með að við erum mjög stolt af því sem við erum búin að gera hér; með ræktunina, byggingarnar og að hafa komið þessu öllu í það form sem nú er,“ segja þau Daniela og Stefán að endingu. */sá*


# Hreinræktaðir Aberdeen Angus gripir til sölu í júlí 2024

## – tilboð óskast !!

Sæðistaka er hafin úr þeim nautum sem fæddust sumarið 2023 en ekki verður tekið sæði úr þeim öllum. Nautin og kvígurnar eru mannvön og meðfærileg. Þau eru boðin til sölu og er lýsing á þeim á heimasíðu Búnaðarsambandsins og í Bændablaðinu sem kemur út 27. júní 2024. Nautin sem sæði verður tekið úr verða ekki afhent nýjum eigendum sínum fyrr en nægjanlegu magni af sæði hefur verið safnað úr þeim. Aðrir gripir verða afhentir strax að lokinni sölu.

**Söluferli gripanna**
Ákveðið var að styðjast við sömu útboðsreglur og í fyrra en nú eru kvígur líka til sölu. Óskað er eftir skriflegum tilboðum í hvern grip á þar til gerðu eyðublaði.

**Hverjir mega bjóða í gripina?**
Rekstraraðilar í nautgriparækt - bæði einstaklingar og lögaðilar - geta sent inn tilboð uppfylli þeir eftirfarandi skilyrði:

1. Séu skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis og með lögheimili á Íslandi.
2. Stundi nautgriparækt og reki nautgripabú á lögbýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.
3. Séu þáttakendur í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og hafi sinnt fullnægjandi skilum á skýrslum fyrir framleiðsluárið 2023, sbr 4 gr. reglugerðar nr 1333/2023

**Tilboðsferli**
Tilboð verða að berast á þar til gerðu eyðublaði sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is) en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt geta haft samband við Svein í síma 894-7146 og fengið blaðið sent til sín. Á eyðublaðinu er tilgreint í hvaða grip eða gripi er verið að gera tilboð en bjóða má í eins marga gripi og hver vill, en tilgreina skal hversu hátt er boðið í hvern þeirra. Ef sami aðili sendir inn fleiri en eitt tilboð gildir nýjasta tilboðið, en hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvert naut og sömuleiðis eitt gilt tilboð í hverja kvígu en sami aðili má kaupa eitt naut og eina kvígu. Lágmarksboð í nautin er 1.000.000 kr – kr ein milljón - án vsk. Lágmarksboð í kvígurnar er 600.000 kr – án vsk og verða lægri tilboð ekki tekin gild. Tilboðið á þar til gerðu eyðublaði þarf að senda í ábyrgðarpósti merkt:

Tilboð í nautgripi
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands
Austurvegi 1 800 Selfoss

Tilboðið þarf að vera póstlagt í síðasta lagi þriðjudaginn 2. júlí 2024, en tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim þriðjudaginn 9. júlí 2024 og hefst kl. 10:00. Þeim sem gera tilboð er frjálst að vera við þegar tilboðin eru opnuð og /eða fylgjast með á teams fundi og fá sendan hlekk á fundinn til sín.
Líka er hægt að senda eyðublaðið á tölvupósti á gunnar@bssl.is í síðasta lagi 8. júlí.

**Ráðstöfun gripanna eftir opnun tilboða**

1. Fyrst skal ganga úr skugga um að tilboð sem borist hafa séu gild þ.e. þau uppfylli öll þau skilyrði sem sett hafa verið.
2. Komi jöfn hæstu tilboð í einhvern grip frá tveimur eða fleiri aðilum skal hlutkesti ráða í hvaða röð tilboðin raðast.
3. Gengið skal frá sölunni á þann hátt að fyrst er tekin fyrir sá gripur sem hæst er boðið í, þá sá sem næst hæst er boðið í og svo koll af kolli. Komi jafn hátt boð í tvo eða fleiri gripi skal hlutkesti ráða um röð þeirra nauta við sölu.
4. Hver tilboðsgjafi getur einungis fengið keypt eitt naut og eina kvígu. Ef sami aðili á hæsta boð í fleiri en einn grip af hvoru kyni skal hann velja hvaða tilboði hann vill halda og dettur hann þá út sem tilboðsgjafi í aðra gripi.
5. Kaupandi skal ganga frá greiðslu fyrir gripina inn á bankareikning Nautís í síðasta lagi 12. júlí. Litið er á greiðslu á þessum tímapunkti sem fyrirframgreiðslu en nautin verða áfram í eigu og á ábyrgð Nautís fram að afhendingardegi.
6. Sé ekki greitt inn á banka á réttum tíma fellur tilboðið úr gildi og sá sem átti næst hæsta boð í viðkomandi grip fær kaupréttinn. Hafi sá aðili þegar fengið keyptan annan grip getur hann valið hvorn gripinn hann vill taka. Við svona breytingar á einum grip getur því kaupréttur breyst á fleiri gripum.
7. Ef gripur stenst ekki dýralæknisskoðun varðandi almennt heilsufar eða sæðisgæði að lokinni sæðistöku fellur sá gripur út úr sölumeðferð og fær kaupandi þá endurgreitt kaupverð. Þetta hefur þó ekki áhrif á röð tilboða eða kauprétt á öðrum nautum.
8. Berist ekki gilt tilboð í einn eða fleiri af gripunum mun stjórn Nautís ehf ákveða hvernig með þá gripi verður farið í framhaldinu.

*Fh. hönd Nautís ehf*
*Sveinn Sigurmundsson, Framkvæmdastjóri*

NAUTÍS

## Egilsstaðir í Norðurdal:

# Sauðamjólkin góða

## – Sauðagull á Fljótsdalshéraði færir út kvíarnar

**Ann-Marie Schlutz stofnaði Sauðagull ehf. árið 2019. Hún framleiðir matvæli úr íslenskri sauðamjólk á innsta byggða bóli Fljótsdals á Héraði, við bakka Jökulsár.**

Ann-Marie er Þjóðverji og kom fyrst til Íslands árið 2015, til að ferðast um landið og heimsækja frænku sína á Egilsstöðum. Hún kom aftur árið eftir með það í huga að vinna hér eitt sumar. Að mennt er hún mannfræðingur, með menningu sem sérsvið (Cultural anthropologists), og rannsakaði ólík menningarsamfélög í mastersnámi sínu: hvernig þau virka og viðhorf þeirra.

Ann-Marie fékk sumarstarf á Óbyggðasetrinu í Norðurdal Fljótsdals á Héraði, skammt frá heimili hennar nú, býlinu Egilsstöðum. „Þá snerist allt við," segir hún glettin. „Vinnustaðurinn var mjög spennandi og nýtekinn til starfa. Eftir nokkrar vikur þarna gerði ég mér ljóst að Íslandsdvölin sem ég hefði áætlað var of stutt. Ég væri ekki tilbúin til að fara. Svo ég framlengdi og fékk um veturinn inni hjá frænku minni í þéttbýlinu á Egilsstöðum og vinnu á veitingahúsinu Salti," segir hún.

Svo gerðist það sem stundum verður, að hún hitti pilt. „Hann kom í Óbyggðasetrið um haustið með hóp af írskum unglingum á vegum Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands," segir hún. Þetta reyndist vera Gunnar Gunnarsson, nú ritstjóri frétta- og mannlífsvefs Austurfréttar og héraðsfréttablaðsins Austurgluggans. Það vill til að Óbyggðasetrið stendur steinsnar frá sveitabænum Egilsstöðum þar sem pabbi hans, Gunnar Jónsson, er bóndi.

Nú eru þau Ann-Marie par og búa á Egilsstaðabænum. „Það var raunar ekki ákvörðun út af Gunnari að vera lengur, það hjálpaði náttúrlega, en ákvörðunin var tekin áður," hnýtir hún við.



Ann-Marie Schlutz stofnaði Sauðagull ehf. fyrir fimm árum til að framleiða vörur úr sauðamjólk sem hún fær úr einlembdum ám í hálendisbrún Fljótsdalshéraðs. Hér sýnir hún tvær ístegunda sinna. Myndir / sá

### *Tækifæri í þröngri stöðu*

Á Egilsstöðum er um 360 fjár. Ann-Marie smágekk inn í búskapinn með feðgunum. „Ég hafði heyrt mikið um laka stöðu sauðfjárbúskapar á Íslandi, horfði á kindurnar á bænum og velti þessu fyrir mér. Á þeim tíma var hvorki kjöt- né ullarverð gott. Ég spurði mig af hverju enginn sauðaostur væri til hér: engar vörur úr sauðamjólk. Ég komst að því að kjötframleiðslan væri allsráðandi og að hin gamla hefð, að nýta sauðamjólk, hefði lagst af hjá þjóðinni. Ég er nægilega klikkuð til að hafa látið mér detta í hug að hægt væri að mjólka féð. Prófaði fyrst 2018 að handmjólka nokkrar ær til að fá mjólk í ost, með góðfúslegu leyfi tengdaföður míns sem kemur úr býsna framsækinni fjölskyldu. Á þeim tíma var ég þó ekkert að hugsa um að stofna fyrirtæki eða neitt slíkt."

### *Lærði ostagerð á Erpsstöðum*

Það var dálítið basl í byrjun að mjólka ærnar að sögn Ann-Marie, sem naut aðstoðar vinkonu við tiltækið. „Þetta er bara líkamlega erfitt. Við mjólkuðum tólf ær og fengum ca 30 lítra. Ég fór með mjólkina á Erpsstaði af því að Þorgrímur Guðbjartsson bóndi var til í að kenna mér að búa til ost. Þar lærði ég að búa til m.a. fetaost og bauð fólki í kjölfarið að smakka ostinn á jólamarkaði til að kanna viðbrögðin. Mig langaði til að fólk áttaði sig á að þetta er góður ostur," segir hún. Fólk hafi byrjað á að spyrja hana hvort ekki væri ullarbragð af osti úr sauðamjólk en eftir að smakka hann verið bæði ánægt og undrandi og í kjölfarið spurst fyrir um hvar það gæti nálgast þessa vöru. „Þá fór ég að hugsa hvort þetta væri eitthvað sem ég gæti gert – að framleiða sauðaost. Mig langaði á þessum tíma til að stofna eitthvað „mitt". Svo þetta rúllaði af stað, við sóttum um styrki og fengum og stofnuðum fyrirtækið Sauðagull 2019," segir Ann-Marie.

Hún segir nokkra hefð vera fyrir sauðamjólkurostum í Þýskalandi og fólk þar meðvitað um tilurð þeirra, sem sé ekki endilega raunin á Íslandi þrátt fyrir að sauðamjólk hafi mikið verið notuð til sveita hér áður fyrr á árum. Á m.a. Ítalíu, Spáni og í Frakklandi sé mjög sterk hefð fyrir notkun sauða- og einnig geitamjólkur til ostagerðar.

### *Ísinn ryður sér til rúms*

Hún byrjaði með ostinn og fór svo að fikra sig yfir í fleiri vörutegundir. Hana langaði líka að vinna úr mysunni.

„Ég á náttúrlega lítið hráefni. Þá fór ég að búa til konfekt og ís. Hann er núna aðalvaran og sú framleiðsla vatt upp á sig með því að við stofnuðum matarvagn árið 2021, í miðju Covid. Hann er staðsettur við Hengifoss í Fljótsdal. Einungis þar sel ég sauðaísinn, að undanskildum einum stað á Borgarfirði eystra. Með því fór ég líka af stað að búa til hefðbundinn ís úr kúamjólk af því að það er einfaldlega gaman að búa til ís og svo margt sem hægt er að gera í þeim efnum. Sá ís er að fara meira af stað, ég er einmitt um þessar mundir að kynna nýtt vörumerki hans: GÚDD-ís. Sauðagull er því að þróast og kúamjólkurís, sorbet og jurtamjólkurís er þar sérstök eining undir," segir Ann-Marie jafnframt. Sauðamjólkurafurðirnar eru enn sem komið er aðeins seldar í Hengifoss-matarvagninum og svo á jólamörkuðum í desember en GÚDD-ísinn fæst hér og hvar á Austurlandi. Hróður Sauðagulls hefur borist víða og m.a. verið gerð skil á allnokkrum þýskum sjónvarpsstöðvum.

### *Myndi bæta við ostaflóruna*

Hún annast alla úrvinnslu úr mjólkinni sjálf en segir fjölskylduna standa vel á bak við sig og hjálpa til. Tengdafaðir hennar hafi til að mynda smíðað mjaltabásinn. Handtökin séu mörg í framleiðslunni og mikil vinna.

Aðspurð um hversu miklu hráefni hún hafi úr að moða í sauðamjólkinni segir hún þau vera með á bilinu 35–40 einlembdar ær sem eingöngu séu mjólkaðar á sauðburðartíma. Heildarmagnið sé eitthvað um 400 lítrar. Hún getur fryst mjólkina þangað til ostagerðin fer fram. Það sé ekki hægt að gera með kúamjólk því samsetning hennar breytist við frystingu. Hún geti því unnið úr sauðamjólkinni yfir langan tíma. „Ég þarf auðvitað að gerilsneyða hana, það er lögbundið," útskýrir hún.

„Ég væri alveg til í að þurfa ekki að gera það því þá myndi bætast í ostaflóruna.En þetta er líka öryggisatriði fyrir mann sjálfan auðvitað. Það er samt mjög skrítið að víðast í Evrópu, í heitum löndum, máttu nota ógerilsneydda mjólk en ekki á hinu kalda Íslandi. Ég sendi sýni af mjólkinni til rannsóknar áður en ég nota hana, til að vita að allt sé í lagi, og langoftast hefur niðurstaðan verið sú að sauðamjólkin er með miklu færri gerla en kúamjólk. Það ætti í rauninni að styðja við að hafa hana ekki gerilsneydda," bætir hún við.

### *Sauðagull bretónskra sjómanna*

Hvað varðar nafngift fyrirtækisins segist Ann-Marie hafa fundið upp á henni sjálf. „Ég vissi ekki neitt um orðið, nema að mér þótti það fallegt, en þegar maður stofnar vörumerki kannar maður m.a. bakgrunn firmanafnsins.

Ég komst þá að því að orðið var til fyrir. Það hafði verið notað í gamla daga yfir kindakjöt sem selt var til Bretlands. Bretónskir sjómenn, sem komu hingað til lands, tóku hér kjöt og greiddu fyrir með myntpeningum sem kallaðir voru sauðagull því svo sjaldgæft var að fá alvöru mynt í hendurnar," segir hún.






Egilsstaðir: Horft yfir fjárhús og inn Norðurdal, þar sem Snæfell trónir yfir.



Ísgerð í gangi hjá Ann-Marie. Framleiðsla Sauðagulls fer fram í sérútbúnum gámaeiningum í túnfætinum og er aðstaðan til fyrirmyndar.

*Væri til í meira en tekur skref fyrir skref*

Um það hver markmið Ann-Marie séu með Sauðagull á komandi árum segir hún svarið við því margþætt. „Mig langar að fleiri fari af stað í vinnslu sauðamjólkur því þarna eru mikil tækifæri og ég yrði mjög ánægð að sjá fleiri tegundir sauðaosta í landinu,“ segir hún og heldur áfram: „Ég veit það bara út frá mínum rekstri, hvað er hægt að gera ef maður hugsar vel um þetta,“ segir hún.

„Ég hef líka mikinn áhuga á að fólk viti að sauðamjólk er einhver næringarríkasta mjólkurtegund heimsins og að ýmsu leyti enn betri en kúamjólk. Þar með er ég þó ekki á neinn hátt að segja að kúamjólk sé ekki góð. Sauðamjólk inniheldur meiri fitu, prótein, steinefni og vítamín. Verið er að rannsaka ýmislegt tengt því hvort hún geti verið hjálpleg við að vinna bug á sýkingum. Og þótt það sé ekki vísindalega staðfest þá virðist hún vera betri fyrir fólk með laktósaofnæmi.

Ég væri líka til í að fá meiri mjólk úr nærumhverfinu til að geta framleitt meira, svo ég geti hætt að segja við fólk að osturinn sé uppseldur. Og líka konfektið og ísinn. Mér leiðist að valda fólki vonbrigðum,“ segir hún hlæjandi.

Hún segist njóta góðs af búskap tengdaföður síns við framleiðsluna og jafnvel kæmi til greina að ganga til samstarfs við annað býli í sauðamjólkurframleiðslu ef skilyrði væru rétt. „Meginregla mín er að gera þetta skref fyrir skref og ekki að fara í allar áttir í einu. Ég mun þróa Sauðagull í rólegheitum samkvæmt því sem ég hef í höndunum núna og svo verður framtíðin að ráðast,“ segir Ann-Marie að endingu. */ sá*















# Frá ráðstefnu ICAR í Bled í Slóveníu

## –1. hluti

**Árleg ráðstefna og aðalfundur ICAR (International Committee for Animal Recording) voru haldin í Bled í Slóveníu dagana 19.-24. maí sl. Þessi samtök eru á heimsvísu og láta sig varða allt sem við kemur skýrsluhaldi og skráningum búfjár og má þar nefna staðla fyrir skýrsluhald og rafræn samskipti, arfgreiningar, efnamælingar á mjólk, sæðisgæði og svo mætti áfram telja.**



Guðmundur Jóhannesson.

Alls eru fyrirtæki og samtök frá 55 löndum aðilar að ICAR nú og fer stöðugt fjölgandi.

Bled er fallegur 8 þús. manna bær við Bled-vatnið í Efri-Karníólu í Slóveníu. Bærinn liggur um 50 km norðvestan höfuðborgarinnar, Ljubljana, við rætur Júlínönsku-alpanna. Aðalatvinnuvegurinn er ferðaþjónusta en á seinni hluta 19. aldar reisti svissneski náttúrulæknirinn Arnold Rikli heilsuhæli við Bled-vatn sem lagði að mörgu leyti grunn að ferðaþjónustu dagsins í dag. Núna eru nokkur stór og glæsileg hótel í bænum og afþreyingarmöguleikar miklir, eins og golf, hjólreiðar, fjallgöngur, siglingar o.fl. Triglav-þjóðgarðurinn er í nágrenni bæjarins en hann dregur nafn sitt af hæsta tindi Slóveníu og Júlíönsku-alpanna, Triglav (2.864 m). Triglav mætti þýða á íslensku sem Þríhöfði eða Þríhyrningur en triglav þýðir þríhöfða.

Ráðstefnur ICAR eru mjög oft í samvinnu og samstarfi við aðalfund Interbull og svo var einnig nú. Undirritaður sótti ráðstefnuna fyrir hönd RML en að venju var um fjölda erinda um hin ýmsu málefni nautgriparæktarinnar að ræða. Efnistök sem voru fyrirferðarmikil að þessu sinni snúa að aukinni notkun holdasæðis á mjólkurkýr samhliða aukinni notkun á kyngreindu sæði, loftslagsmálum og sjálfbærni auk þess sem gagnasamskipti og gagnamagn voru einnig til umræðu. Hér á eftir og á næstunni ætla ég að reyna að gera nokkra grein fyrir þeim erindum sem ég átti þess kost að hlýða á en auðvitað er ómögulegt að fylgjast með öllu þegar um samhliða málstofur er að ræða. Í þessari fyrstu frásögn beini ég sjónum að sameiginlegum fundi Interbull og ICAR fyrsta daginn sem hafði yfirskriftina nýir eiginleikar.

Rauði þráðurinn þar sneri að ræktun skilvirkari og úthaldsbetri kúa þar sem kastljósinu var beint að þunga kúnna, áti og metanlosun. Erindi voru m.a. frá Bretlandi þar sem menn hafa verið að skoða notkun sláturupplýsinga til þess að rækta kýr með betri fóðurnýtingu, þ.e. framleiða fleiri kg mjólkur á hvert kg fóðurs. Ástæðan er einkum sú að erfitt er að nálgast gögn um lífþunga kúa í þeim mæli að hægt sé að nota í ræktunarstarfinu. Notaðar voru upplýsingar um fallþunga, holdfyllingar- og fituflokkun. Í ljós kom að arfgengi fyrir fallþunga var 0,79, sem er ótrúlega hátt, en þess ber að geta að í gagnasafninu voru bæði mjólkur- og holdakýr. Arfgengi á holdfyllingarflokkun var 0,32 og á fituflokkun 0,36. Meðalkjötprósenta í gagnasafninu var 52% og áhrif kjötmats, daga frá burði og aldurs voru nokkur á kjötprósentuna.

Breytileiki í þunga jókst eftir því sem lengra leið frá burði. Samband lífþunga og fallþunga reyndist vera; lífþungi = 286 + 1,1 * fallþungi. Höfundar sögðu nauðsynlegt að hreinsa gögnin vel, setja t.d. mörk á daga frá burði við 400 daga og fram kom að tilfinnanlega vantar ástæðu förgunar til þess að geta hreinsað út sjúkar kýr sem skekkja gögnin vegna óeðlilega lítils fallþunga.

Danir, Finnar og Svíar kynntu verkefni á vegum norræna kynbótamatsins (NAV) sem gengur út á erfðamat fyrir efnaskiptaþunga. Efnaskiptaþungi er fall af lífþunga og er sambandið nálægt því að vera; efnaskiptaþungi = lífþungi 0,75. Eins og margoft hefur komið fram er neikvætt samband milli lífþunga og ýmissa framleiðslueiginleika sem endurspeglast kannski best í því að stórar kýr þurfa meira magn fóðurs til viðhalds en minni kýr án þess að mjólka meira. NAV stendur frammi fyrir þeim vanda að upplýsingar um lífþunga er takmarkaðar og fara minnkandi en hins vegar er aðgengi að gögnum um fallþunga gott. Fram kom að fylgni fall- og efnaskiptaþunga er há, eða 0,77-0,85 eftir kúakynjum. Arfgengi fallþunga reyndist vera 0,56 hjá Holstein og rauðum kúm en 0,37 hjá Jersey-kúm. Meginniðurstaðan var sú að notkun sláturgagna við erfðamat fyrir fóðurnýtingu eykur öryggi matsins og minnkar skekkju þannig að erfðamat fyrir þennan eiginleika er betra en áður. Þetta er áreiðanlega eitthvað sem við getum dregið ákveðinn lærdóm af við þróun erfðamats fyrir fóðurnýtingu íslenskra kúa.



Bled er fallegur átta þúsund manna bær við Bled-vatnið í Efri-Karníólu í Slóveníu, en bærinn liggur um 50 km norðvestan höfuðborgarinnar, Ljubljana, við rætur Júlínönsku-alpanna. Mynd / Aðsend

Karoline Bakke hjá Geno í Noregi kynnti erfðafræðilegt samband þurrefnisáts, lífþunga og framleiðslu iðrametans í norskum mjólkurkúm (NRF). Í rannsókninni var þurrefnisát og lífþungi borið saman við metanlosun kúnna með það að markmiði að bæta fóðurnýtingu og minnka metanlosun. Gögnum var safnað á 25 búum í Noregi á síðustu fjórum árum, alls 452 þús. mælingar á ríflega 2 þús. kúm. Helstu niðurstöður voru að meðalosun metans var 418 g/dag, meðallífþungi var 607 kg og meðalát 20,4 kg þurrefnis/dag. Arfgengi fyrir losun metans reyndist vera 0,39, 0,57 fyrir lífþunga og 0,29 fyrir þurrefnisát. Arfgengi fyrir þurrefnisát mældist hærra þegar keyrt var tvíbreytulíkan með losun metans sem þýðir að mælingar á metanlosun geta komið að gagni við kynbætur fyrir betri fóðurnýtingu. Karoline tók fram að rannsókninni væri ekki lokið og t.d. þyrfti að taka tillit til nythæðar þar sem aukinni nyt fylgdi meiri losun vegna aukinnar fóðurumsetningar. Meginniðurstaðan var þó í takt við aðrar rannsóknir, þyngri kýr -> meira át -> meiri losun.

Frá Háskólanum í Wageningen og CRV í Hollandi kom athyglisvert erindi þar sem markmiðið var að skoða hvort kynbæta mætti hraustar kýr fyrir enn meiri hreysti. Skoðuð var seigla (resilience) kúnna sem skýra má þannig að aukin seigla þýði að kýrnar jafna sig hraðar eftir áföll eins og t.d. júgurbólgu.

Í rannsókninni var seigla metin sem munur milli væntrar dagsframleiðslu mjólkur og raunverulegrar. Þannig er munurinn lítill hjá kúm með mikla seiglu en




AUGLÝSING UM SKIPULAG

Sveitarfélagið Borgarbyggð auglýsir eftirfarandi skipulagsáætlun sem samþykkt hefur verið til auglýsingar. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

**Sigmundarstaðir – Mælimastur á Grjóthálsi (L134748) – Nýtt deiliskipulag**
Ofangreind skipulagsáætlun eru kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) mál nr. 245/2024 og aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar.

Tillagan er í kynningu frá 20.06 til og með 08.08.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á gera athugasemd við tillögur á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina.

Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar**

> Efnistök sem voru fyrirferðarmikil að þessu sinni snúa að aukinni notkun holdasæðis á mjólkurkýr samhliða aukinni notkun á kyngreindu sæði, loftslagsmálum og sjálfbærni auk þess sem gagnasamskipti og gagnamagn voru einnig til umræðu.

mikill hjá kúm með litla seiglu. Auk þess er tekið tillit til fjölda áfalla á mjólkurskeiðinu þannig að eiginleikinn er skilgreindur sem fjöldi áfalla og hversu hratt kýrnar jafna sig á þeim. Rannsóknin sýndi að seigla er með lágt arfgengi og jákvætt samband við heilsufars-, frjósemis- og endingareiginleika sem skýra 55% af eiginleikanum. Þau 45% sem út af standa eru hins vegar viðbótarupplýsingar varðandi heilsufar kúnna og geta því aukið á hreysti og endingu þeirra. Hollendingar hafa nú þegar birt kynbótamat fyrir eiginleikann þar sem t.d. 92 þýðir að það tekur kúna 14 daga að ná fyrri nyt eftir áfall og fjöldi áfalla á mjólkurskeiði er 4,8. Kynbótamat upp á 108 þýðir aftur á móti að kýrin verður fyrir 2,4 áföllum á mjólkurskeiði og jafnar sig á 7 dögum að meðaltali. Það þarf ekki að horfa lengi á þessar tölur til þess að sjá hve miklu máli skiptir að kýrnar jafni sig hratt á fáum áföllum til þess að fjárhagslegur ávinningur sé orðinn verulegur.

Seinni málstofurnar tvær fjölluðu einkum og sér í lagi um endurbætur aðferða við erfðamat og samanburð milli landa. Meðhöndlun óþekktra foreldra við keyrslu erfðamats fékk þó nokkra athygli sem og uppbygging á fjölþjóðlegu erfðamati þeirra landa sem nota EuroGenomics-flögu til arfgreininga. Þá var einnig umfjöllun um endurbættan hugbúnað til þess að meðhöndla gríðarstór gagnasöfn en slíkt er víða orðið áþreifanlegt vandamál með fjölgun mælinga, mæliþátta og arfgreindra gripa.

Sá lærdómur sem við getum dregið af þessum fundi og erindum er sá að við þurfum svo fljótt sem verða má að þróa mat fyrir fóðurnýtingu kúnna. Til þess höfum við nú þegar gögn um fallþunga kúnna en flest bendir til að bæta megi matið með fleiri mælingum á metanlosun. Hérlendis er einungis verið að mæla metanlosun á Hvanneyri en til þess að safna megi nægilegu magni gagna þyrfti að framkvæma þessar mælingar á fleiri búum. Jafnframt bættri fóðurnýtingu væri vert að huga enn betur að mati á heilsufarsþáttum og þar kemur eiginleiki eins og seigla sterkt inn í myndina. Slíkt er þó tæplega raunhæfur möguleiki fyrr en hægt verður að safna gögnum um dagsnyt verulegs fjölda kúa með rafrænum og sjálfvirkum hætti.

*Höfundur er ráðunautur hjá RML*












# Frumutala á beitartíma

**Hækkun á frumutölu stafar oftast af sýkingu í júgri en getur líka komið vegna álags, fóðurbreytinga og fleiri þátta. Þegar kýr fara á beit má alltaf búast við skammtímahækkun á tankfrumutölunni og líklega upplifa flestir kúabændur að frumutalan sé heldur hærri yfir beitartímabilið.**



**Snorri Sigurðsson**
snorri.sigurdsson@outlook.com

Frumutalan hækkar á sumrin af ýmsum ástæðum og séu margar kýr að geldast upp yfir sumartímann er þetta eðlileg þróun á frumutölunni enda hækkar hún með lækkandi nyt þar sem frumur skiljast út í mjólkina nokkuð óháð mjólkurmagninu. Þar af leiðandi hækkar hlutfallið með minni nyt. Þegar útihitinn eykst getur það einnig haft áhrif til hækkunar á frumutölu kúa, þar sem bakteríur fá betri umhverfisaðstæður til að fjölga sér og valda smitum.

Þar sem kúm er beitt í lotum og þá mögulega hýstar inn á milli eykst einnig smithættan á sumrin af sömu ástæðum og að framan voru nefndar enda er oft heitt og rakt í fjósum sem eru skilyrði sem bakteríur þrífast einkar vel við. Þessu til viðbótar geta flugur og önnur skordýr borið með sér smit auk þess að valda kúnum ónæði sem aftur getur leitt til streitu hjá kúnum og haft þannig hækkandi áhrif á frumutöluna. Erlendis er einnig oft talað mikið um hitastreitu en líklega er það ekki mikið vandamál á Íslandi. Þó má nefna að þegar hitastigið fer yfir 20 gráðurnar getur það haft áhrif á hámjólka kýr sérstaklega og kemur það þá fram sem meira slen, minna át og getur það þar með einnig haft áhrif til hækkunar frumutölu.




**Mynd 1. Breytingar á tankfrumutölu norsks mjaltaþjónabús þar sem almennt var gott júgurheilbrigði.** Mynd / Marit Smistad.




**Skýringarmynd: Bakteríusýkingu (sýnileg eða dulin júgurbólga) í júgri (blá lína) fylgir ónæmissvörun (rauð lína) frá kúnni. Skýringarmyndin er aðlögun að mynd úr riti IDF nr. 515/22.**

### *Búist við hækkun frumutölunnar*

Fjölgun frumna getur einnig átt sér stað án þess að sýkingar komi við sögu og má þar nefna að beit kúa hefur í för með sér meiri hreyfingu og líkamlegt álag á júgrið. Frönsk rannsókn hefur t.a.m. leitt í ljós að kýr sem voru úti á milli mjalta og gengu allt að 10 kílómetra voru með frumutölu sem var 115.000 frumum/ml hærri að jafnaði en kýr sem voru hafðar í fjósi. Innan tilraunahópsins var frumutalan töluvert hærri hjá kúm sem voru með einhverja sýkingu, eða í kringum 185.000 frumur/ml, en þær sem voru með heilbrigð júgur voru að jafnaði með hækkun á frumutölu sem nam 47.000 frumum/ml. Sem sagt hækkun varð óháð stöðu sýkinga og því beintengd við aukið álag sem fylgir því að vera úti á beit þar sem kýr þurfa að hreyfa sig mikið. Þá má geta þess að sænsk rannsókn, sem skoðaði áhrif beitar á frumutölu kúa sem hýstar voru í básafjósum, sýndi að frumutalan tvöfaldaðist í hjörðinni fyrsta daginn sem kúnum var hleypt út en í kjölfarið lækkaði frumutalan smám saman fyrstu vikuna á beit en hélst þó nokkuð hærri en frumutala þeirra kúa sem voru ekki á beit. Í sænsku rannsókninni kom einnig í ljós líkt og í þeirri frönsku að kýr sem voru með hækkaða frumutölu, um 140.000 frumur/ml, þegar þeim var sleppt út voru í kjölfarið með mun hærri frumutölu en þær kýr sem voru frumulágar þegar þeim var sleppt á beit.

### *Hæg aðlögun er lykillinn*

Hægfara aðlögun að beitartímabilinu getur dregið úr mestu hættunni á hækkun frumutölunnar og þó svo að það sé alltaf gaman að sjá kýrnar skemmta sér þegar þeim er hleypt út í haga í fyrsta skipti þá hefur þetta ferli mjög streituvaldandi áhrif á þær. Þess vegna er betra að setja þær fyrst út í gerði og svo hægt og rólega stækka við útisvæðið í stað þess að hleypa þeim út með sama hætti og oftast er gert. Frönsk rannsókn sýndi að kýr sem fengu góðan aðlögunartíma, fjóra daga alls, að útiveru og beit fengu minni hækkun á frumutölu en aðrar kýr.

Aðlögunin snýst ekki einungis um útiveruna sem slíka heldur einnig aðlögun að fóðurskiptunum en hvort tveggja dregur úr streitu hjá kúnum.

### *Eftirlit með júgurheilbrigði*

Þrátt fyrir hæga aðlögun að útiveru og beit má samt gera ráð fyrir einhverri hækkun frumutölunnar yfir beitartímabilið. Mynd 1 sýnir t.a.m. mælingar á tankmjólk norsks mjaltaþjónabús þar sem almennt er gott júgurheilbriði. Til þess að draga úr líkum á svona frumutöluskotum þarf því að fylgjast mjög vel með júgurheilbrigðinu. Auðvitað á að gera það hvort sem er allt árið um kring en sérstaklega ætti að fylgjast vel með ástandinu áður en kúm er hleypt út, svo bregðast megi snöggt við.

### *Taka mjólkursýni*

Þegar grunur er um sýkingu þarf að taka mjólkursýni úr þeim kirtli sem grunur er að sé með sýkingu og senda í ræktun svo hægt sé að gera ráðstafanir, ef ástæða er til.

Stundum gerist það þó að ekkert kemur út úr ræktuninni. Í Noregi eru það 20% af sýnunum, sem berast rannsóknastofunni hjá TINE, sem ekki ræktast úr. Það er hátt hlutfall en hvað kann að skýra það? Sýnin koma að öllum líkindum frá kúm sem hafa sýnilega breytingu á mjólk, hækkaða frumutölu eða með sjáanleg einkenni sýkingar á júgri eða spena. Það vekur því oft furðu að ekki sé hægt að greina sýkingarvaldinn. Skýringin á þessu er að líkindum sú að þegar bakteríurnar eru komnar í júgrið þá ræðst ónæmiskerfi kýrinnar á bakteríurnar meðal annars með því að beina miklu magni af hvítum blóðkornum að júgrinu. Með þessu móti nær kýrin sjálf að losna við margar sýkingar og bakteríurnar einfaldlega deyja og hverfa. Júgurhreinsun á sér svo stað í talsverðan tíma á eftir og það getur verið allt frá klukkutímum upp í nokkrar vikur, eftir því hversu áhrifaríkt ónæmiskerfi kúnna er og hversu mikinn skaða bakteríurnar hafa valdið.

Skýringarmyndin sem hér er meðfylgjandi, og kemur frá IDF (International Dairy Federation) lýsir þessu vel. Gula svæðið sýnir tímabilið þegar bakteríurnar eru að koma sér fyrir og græna svæðið sýnir tímabilið þegar fjöldi baktería er í hámarki og í kjölfarið snarhækkar frumutalan vegna ónæmisviðbragðs kýrinnar. Bláa svæðið sýnir svo hvað hefur gerst eftir að ónæmiskerfið er í raun að takast á við bakteríurnar. Hér snarlækkar fjöldi bakteríanna og fer niður í það að vera vart greinanlegar. Ef mjólkursýni er sent inn á þessu tímabili gefa mælingar á því eðlilega engar niðurstöður og þar sem sýklalyf hafa aðeins áhrif á bakteríur, en ekki frumutöluna sem slíka, myndi meðferð með sýklalyfjum ekki hafa áhrif. Ónæmiskerfið hefur sem sagt í raun slegið á sýkinguna en frumutalan mælist enn há þrátt fyrir að bakteríurnar séu að mestu á bak og burt.

### *Krónísk júgurbólga*

Sumar kýr fá langvarandi júgurbólgu sem veldur varanlegum sveiflum í frumufjölda sem er táknað á skýringarmyndinni með rauðu punktalínunni. Þessar kýr geta verið með mjög óstöðugt frumutölumagn í sýnum í langan tíma án þess að júgurbólgubakteríur finnist. Vitað er að hefðbundin sýklalyf hafa ekki áhrif á þessar kýr og þær smita heldur ekki aðrar kýr af júgurbólgu. Þær hafa þó áhrif til hækkunar á tankfrumumeðaltali búsins og ef þær valda of miklum skaða þar, þarf vissulega að takast á við vandamálið með því að taka þær úr framleiðslu.

### *Draga andann*

Þrátt fyrir framansagt, um að fylgjast þurfi vel með júgurheilbrigðinu og bregðast rétt við eins fljótt og unnt er þá er um að gera að draga aðeins andann og gefa kúnum færi á því að takast sjálfar á við sýkingarnar.

Ónæmiskerfið er í raun ótrúlega öflugt og ræður við stóran hluta af sýkingum án þess að til þurfi að koma lyfjagjöf. Til þess að svo sé þurfa kýrnar að vera í góðu standi og eins og áður segir ekki með streitu af einhverju tagi. Ónæmiskerfið þarf nokkra daga til að sinna starfi sínu þannig að ef kýrin hefur bara einhverjar breytingar á mjólk og háa frumufjölda en ekki með hita eða sjáanleg slappleikaeinkenni er oft nóg að senda inn spenasýni og meta ástandið í kjölfar greiningarinnar. Þannig geta bændur forðast óþarfa kostnað vegna meðferðar, sýklalyfjanotkunar og mjólkur sem þarf að hella niður.

*Greinin byggir á frumheimildunum „Celletal i beiteperioden" e. Marit Smistad (Buskap 3/2023) og „Speneprøver uten funn av mastittbakterier" e. Marit Smistad og Håvard Nørstebø (Buskap 7/2022).*



MAST:

# Íþyngjandi stjórnvalds-ákvarðanir og sektir

## – Ellefu mál í apríl og maí

**Í apríl og maí í ár var úrskurðað um ellefu íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir á sviði eftirlits með dýravelferð og matvælaframleiðslu, níu í apríl og tvær í maí.**

Á Vesturlandi var kúabú svipt mjólkursöluleyfi. Aðstæður í mjólkurhúsi þóttu ekki uppfylla kröfur laga og reglugerða og því var búið svipt leyfi til mjólkurframleiðslu.

Settar voru kröfur á sauðfjárbú á Vesturlandi og bændum á viðkomandi búi gert að fækka fé sínu verulega frá og með hausti 2024 vegna skorts á getu. Jafnframt var gert skylt að tryggja aðstoðarmann við sauðburð vorið 2024.

*Sviptur heimild til dýrahalds*

Matvælastofnun (MAST) lagði dagsektir á kúabónda á Norðvesturlandi til að knýja á um úrbætur í dýravelferð.

MAST kærði alvarlega vanrækslu á nautgripum á býli á Norðvesturlandi til lögreglu. Við eftirlit sem framkvæmt var með aðstoð lögreglu fundust 29 dauðir nautgripir í gripahúsi. Í kjölfarið aflífuðu starfsmenn stofnunarinnar 21 grip til viðbótar á staðnum sökum slæms ástands, allt gripi sem voru hýstir í húsinu. Aðrir nautgripir, sem hafði verið haldið úti við, voru hýstir yfir nóttina, en síðan voru þeir færðir til slátrunar daginn eftir. Hræjum og skrokkum hefur skv. upplýsingum MAST þegar verið fargað á viðurkenndum urðunarstað.

Matvælastofnun svipti umráðamanninn heimild til dýrahalds tímabundið, eða þar til dómur fellur í málinu. Í kæru til lögreglu gerir stofnunin þá kröfu að umráðamaður verði með dómi sviptur heimild til að hafa búfé í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Málið er nú til frekari rannsóknar hjá lögreglunni á Norðurlandi vestra.



Vel haldnar kindur í grösugum haga. Mynd / GWT

*Kind, hross og slasaðir fuglar*

Á Norðurlandi sektaði MAST bónda vegna vanrækslu á kind. Í kjölfar eftirlits sumarið 2023 fékk viðkomandi bóndi stuttan frest til að láta dýralækni líta á kind sem var hölt jafnt á framfótum sem afturfótum eða aflífa kindina ella. Bóndinn brást ekki við fyrr en seint og um síðir. Stjórnvaldssekt var lögð á hann að upphæð 300.000 kr.

Á Suðurlandi gerði MAST kröfu um að þrjú gömul hross á Suðurlandi yrðu felld. Við eftirlit kom í ljós óviðunandi ástand á hrossunum og var eigandanum gert að fella þau.

Þá var sláturhús á Suðvesturlandi sektað fyrir brot á velferð holdakjúklinga við slátrun. Starfsmenn sláturhússins höfðu hengt sýnilega slasaða fugla upp á sláturlínu en samkvæmt reglugerð ber að aflífa slíka fugla strax. Stjórnvaldssekt nam 150.000 kr.

*Vægasta úrræði beitt*

Meðalhófsregla stjórnsýslulaga segir svo til um að þegar íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun er tekin skuli beita vægasta úrræði sem völ er á og er nægjanlegt til að ná því markmiði sem er að stefnt (12. gr.).

*/sá*











### Leynir 23401 (1662742-0064)

Fæddur 20. apríl 2023 Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Laurens av Krogedal NO74075 | M. | Steina-ET IS1662742-0003 |
| Ff. | Horgen Erie NO74029 | Mf. | Li's Great Tigre NO74039 |
| Fm. | 1879 av Krogedal NO31897 | Mm. | Letti av Nordstu NO100514 |
| Fff. | Horgen Bror NO55754 | Mff. | CA1469322 HF El Tigre 28U |
| Ffm. | Horgen Soria NO27377 | Mfm. | Else fra Li NO30822 |
| Fmf. | Dole av Krogedal NO58361 | Mmf. | Dunder av Bognes NO74025 |
| Fmm. | 5207 av Krogedal NO25207 | Mmm. | Janne av Nordstu NO39302 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Leynir er meðalstór, boldjúpur og útlögumikill gripur með góða holdfyllingu um herðar og vel holdfyllt læri með djúpum og miklum lærvöðva. Fótstaða rétt og góð. Beinabygging eilítið gróf. Leynir er heilt yfir gerðarlegur gripur með mikil lærahold.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 35 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Leynir 540 kg og hafði því vaxið um 1.319 g/dag frá fæðingu. Leynir hefur frá fæðingu sýnt mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 74,1 mm, ómfita: 6,36 mm.

#### Línulegt mat: Leynir

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd | Malabreidd |
|---|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 9 | 7 | 7 |
| | Lærabreidd | Innralæri | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 8 | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 8 | 9 | 9 |
| | | | | Heildarmat **Best** 9 **Mat** 8 |



### Jaki 23402 (1662742-0068)

Fæddur 2. maí 2023 Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Jens av Grani NO74061 | M. | Eir-ET IS1662742-0021 |
| Ff. | AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8 | Mf. | Horgen Erie NO74029 |
| Fm. | Evy av Grani NO30798 | Mm. | Maiken av Grani NO102576 |
| Fff. | AUVTMB219 Te Mania B. | Mff. | Horgen Bror NO55754 |
| Ffm. | AUBVVB32 E Jedda B32 | Mfm. | Horgen Soria NO27377 |
| Fmf. | Hovin Velixir NO74011 | Mmf. | First-Boyd fra Li NO74033 |
| Fmm. | NO30796 | Mmm. | Kari av Grani NO100428 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Jaki er meðalstór, útlögumikill og brjóst- og bakbreiður. Malirnar eru breiðar og holdmiklar, lærin breið og holdug. Fótstaða er rétt og góð. Jaki er holdmikill og vel gerður gripur.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 35 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Jaki 508 kg og hafði því vaxið um 1.270 g/dag frá fæðingu. Jaki hefur ævinlega sýnt mikla vaxtargetu.

Ómvöðvi: 68,1 mm, ómfita: 8,71 mm.

#### Línulegt mat: Jaki

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd | Malabreidd |
|---|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 9 | 8 |
| Mat | 7 | 7 | 8 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 8 | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 7 | 7 | 7 |
| | | | | Heildarmat **Best** 9 **Mat** 7 |

# Angus-holdanaut frá NautÍs fædd 2023

**Hér er nú kynntur sjötti árgangur Angus-holdanauta frá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.**



Guðmundur Jóhannesson.

Þessir gripir eru tilkomnir með sæðingu hreinræktaðra Angus-kúa með innfluttu sæði úr Jens av Grani NO74061, Laurens av Krogedal NO74075 og Manitu av Høystad NO74081. Hér eru því á ferð hreinræktaðir úrvalsgripir. Á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti eru gerðar miklar kröfur hvað smitvarnir varðar og hafa þessir gripir nú lokið einangrun og fengið grænt ljós hvað snertir sæðistöku og dreifingu sæðis sem og sölu frá stöðinni.

Holdanautakynið Aberdeen Angus er óþarft að kynna enda kjötgæði þess rómuð og kjötnýting mjög góð. Kynið hentar vel þar sem áhersla er lögð á nýtingu beitar og gróffóðurs ásamt góðum móðureiginleikum, mjólkurlagni og léttan burð. Það hentar því vel í t.d. blendingsrækt þar sem burðarerfiðleikar eru fremur fátíðir.

Nautgriparæktarmiðstöð Íslands (NautÍs) hefur frá upphafi lagt sérstaka áherslu á góða dætraeiginleika þeirra nauta sem notuð hafa verið þar til uppbyggingar á Angus-holdagripastofni hérlendis. Má þar nefna létta burði og kjötgæði að ógleymdum mæðraeiginleikum þó áherslan færist smám saman yfir á kjötgæðaeiginleika. Á árinu 2018 fæddust kálfar undan Li's Great Tigre NO74039 og First Boyd fra Li NO74033 og á árinu 2019 var um að ræða gripi undan Hovin Hauk NO74043 og Horgen Erie NO74029. Á árinu 2020 var eingöngu um að ræða kálfa undan Emil av Lillebakken NO74028. Allt eru þetta naut sem gefa góðar mæður. Á árinu 2021 litu dagsins ljós kálfar undan Emil av Lillebakken sem og Jens av Grani NO74061, en þá brá svo við að undan Emil komu bara kvígur og allir nautkálfarnir það árið undan Jens. Árið eftir fæddust svo gripir undan Jens av Grani, Laurens av Krogedal, Ivar fra Li NO74047 og Kid av Vølstad NO74068. Í fyrra litu svo dagsins ljós gripir undan Jens av Grani, Laurens av Krogedal og Manitu av Høystad. Undan Jens komu tvö naut, undan Laurens sjö naut og fimm kvígur og undan Manitu þrjú naut og ein kvíga.

**Jens av Grani NO74061,** f. 21. janúar 2014, hjá Kirsti Mæland og Harald Dahl í Holter í Nannestad í Akershus sem útleggja mætti á íslensku sem að Jens væri frá Holtum í Nönnustað í Akurhúsum. Faðir Jens er HIOE8 Ayrvale Bartel E8 frá Ástralíu og móðirin Evy av Grani undan Hovin Velixir NO74011 sem var aftur undan Ankonian Elixir frá Bandaríkjunum.

Jens er gott alhliða kynbótanaut sem gefur léttan burð, bæði hjá kúm og kvígum, auk góðra kjötgæða- og mæðraeiginleika. Fæðingarþungi kálfa er undir meðallagi en vaxtarhraði góður. Því eru fallþungatölur afkvæma Jens mjög góðar en holdflokkun undir meðallagi og gripirnir í feitari kantinum. Dætur Jens hafa góða burðareiginleika og þungi afkvæma þeirra við 200 daga aldur er mikill. Jens er því öðru fremur góður kýrfaðir.

Laurens av Krogedal NO74075, f. 22. janúar 2016, hjá Torfinn Bakke í Krogedal austur af Sandnes í Rogalandi í SV-Noregi. Til þess að tengja lega þess við þekktari stað þá stendur það í suðaustur frá Stavanger, í um 34 km aksturveglengd þaðan. Faðir Laurens er Horgen Erie NO74029 og hann er því hálfbróðir þeirra Eiríks 19403-ET og Máttar 19404-ET.

*– Framhald á næstu opnu*



### Lundi 23403 (1662742-0070)

Fæddur 4. maí 2023 Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Laurens av Krogedal NO74075 | M. | Sveina-ET IS1662742-0004 |
| Ff. | Horgen Erie NO74029 | Mf. | Li's Great Tigre NO74039 |
| Fm. | 1879 av Krogedal NO31897 | Mm. | Letti av Nordstu NO100514 |
| Fff. | Horgen Bror NO55754 | Mff. | CA1469322 HF El Tigre 28U |
| Ffm. | Horgen Soria NO27377 | Mfm. | Else fra Li NO30822 |
| Fmf. | Dole av Krogedal NO58361 | Mmf. | Dunder av Bognes NO74025 |
| Fmm. | 5207 av Krogedal NO25207 | Mmm. | Janne av Nordstu NO39302 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Lundi er meðalstór, breiðvaxinn með mikla brjóst- og bakbreidd. Vel holdfyllt og breið læri. Holdfylling á mölum og innri lærum mjög góð. Góð og sterkleg fótstaða. Lundi er ákaflega vel gerður gripur með mikla holdfyllingu.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 44 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Laki 570 kg og hafði því vaxið um 1.425 g/dag frá fæðingu. Laki hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 73,4 mm, ómfita: 6,59 mm.

#### Línulegt mat: Lundi

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd | Malabreidd |
|---|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 8 | 8 |
| Mat | 7 | 8 | 7 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 8 | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 7 | 7 | 7 |
| | | | | Heildarmat **Best** 9 **Mat** 7 |



## Lási 23404 (1662742-0071)

Fæddur 4. maí 2023 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Laurens av Krogedal NO74075 | M. | Birna-ET IS1662742-0007 |
| Ff. | Horgen Erie NO74029 | Mf. | Li's Great Tigre NO74039 |
| Fm. | 1879 av Krogedal NO31897 | Mm. | Letti av Nordstu NO100514 |
| Fff. | Horgen Bror NO55754 | Mff. | CA1469322 HF El Tigre 28U |
| Ffm. | Horgen Soria NO27377 | Mfm. | Else fra Li NO30822 |
| Fmf. | Dole av Krogedal NO58361 | Mmf. | Dunder av Bognes NO74025 |
| Fmm. | 5207 av Krogedal NO25207 | Mmm. | Janne av Nordstu NO39302 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Lási er meðalstór með mikla boldýpt og langar, holdfylltar malir. Lærin eru breið og holdmikil en fylling innri læra mætti vera meiri. Fótstaða er sterkleg og sérlega góð. Lási er holdmikill og fallegur gripur á velli.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 42 kg. Við vigtun 25. apríl 2023 vó Lási 495 kg og hafði því vaxið um 1.228 g/dag frá fæðingu. Lási hefur ávallt sýnt góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 62,7 mm, ómfita: 5,40 mm.

### Línulegt mat: Lási

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd |
|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 7 | 8 |
| | Malabreidd | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 8 | 9 |
| Mat | 7 | 7 | 7 |
| | Læradýpt | Lærahold | Heildarmat |
| Best | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 7 | 7 |



## Litur 23405 (1662742-0072)

Fæddur 4. maí 2023 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Laurens av Krogedal NO74075 | M. | Jenna IS1662742-0041 |
| Ff. | Horgen Erie NO74029 | Mf. | Jens av Grani NO74061 |
| Fm. | 1879 av Krogedal NO31897 | Mm. | Eir-ET IS1662742-0021 |
| Fff. | Horgen Bror NO55754 | Mff. | AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8 |
| Ffm. | Horgen Soria NO27377 | Mfm. | Evy av Grani NO30798 |
| Fmf. | Dole av Krogedal NO58361 | Mmf. | Horgen Erie NO74029 |
| Fmm. | 5207 av Krogedal NO25207 | Mmm. | Maiken av Grani NO102576 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Litur er meðalstór, boldjúpur og útlögumikill gripur með góða vöðvafyllingu. Bak og malir eru breiðar og vel holdfylltar. Lærin eru breið og holdmikil læri, djúpur lærvöðvi og mikil fylling. Fótstaða er sterkleg og mjög góð. Litur er ákaflega holdmikill og glæsilegur gripur á velli.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Litur 576 kg og hafði því vaxið um 1.458 g/dag frá fæðingu. Litur hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu

Ómvöðvi: 73,2 mm, ómfita: 5,70 mm.

### Línulegt mat: Litur

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd |
|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 8 | 9 |
| | Malabreidd | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 8 | 9 |
| Mat | 8 | 9 | 9 |
| | Læradýpt | Lærahold | Heildarmat |
| Best | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 8 | 8 |














## Lómur 23406 (1662742-0073)

Fæddur 7. maí 2023 Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Laurens av Krogedal NO74075 | M. | Embla-ET IS1662742-0036 |
| Ff. | Horgen Erie NO74029 | Mf. | Emil av Lillebakken NO74028 |
| Fm. | 1879 av Krogedal NO31897 | Mm. | Hovin Nora NO103702 |
| Fff. | Horgen Bror NO55754 | Mff. | Betong av Dagrød NO74017 |
| Ffm. | Horgen Soria NO27377 | Mfm. | Mairin NO24738 |
| Fmf. | Dole av Krogedal NO58361 | Mmf. | Junior av Nordstu |
| Fmm. | 5207 av Krogedal NO25207 | Mmm. | Hovin Felippa NO31018 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Lómur er í tæpu meðallagi að stærð, boldjúpur og brjóstbreiður með góða vöðvafyllingu. Bak og malir eru breiðar og holdfylltar, lærin breið og holdmikil en fylling innri læra mætti vera meiri. Fótstaða er sterkleg og góð. Lómur er mjög holdmikill og glæsilegur gripur á velli.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 40 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Lómur 548 kg og hafði því vaxið um 1.388 g/dag frá fæðingu. Lómur hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 70,2 mm, ómfita: 6,60 mm.

### Línulegt mat: Lómur

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd | Malabreidd |
|---|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 8 | 9 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 8 | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 7 | 8 | 9 |

Heildarmat **Best** 9 **Mat** 8



## Lax 23407 (1662742-0074)

Fæddur 10. maí 2023 Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Laurens av Krogedal NO74075 | M. | Jóra IS1662742-0044 |
| Ff. | Horgen Erie NO74029 | Mf. | Jens av Grani NO74061 |
| Fm. | 1879 av Krogedal NO31897 | Mm. | Gunna-ET IS1662742-0016 |
| Fff. | Horgen Bror NO55754 | Mff. | AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8 |
| Ffm. | Horgen Soria NO27377 | Mfm. | Evy av Grani NO30798 |
| Fmf. | Dole av Krogedal NO58361 | Mmf. | Horgen Erie NO74029 |
| Fmm. | 5207 av Krogedal NO25207 | Mmm. | Maiken av Grani NO102576 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Lax er meðalstór, boldjúpur og brjóstbreiður. Bak malir eru breiðar með góða vöðvafyllingu. Lærin eru breið og ákaflega holdmikil læri með góðri fyllingu innri læra. Fótstaða er sterkleg og góð en aðeins útskeif að framan. Lax er státar af sérlega góðum læraholdum, glæsilegur gripur á velli.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 36 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Lax 544 kg og hafði því vaxið um 1.399 g/dag frá fæðingu. Lax hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 68,0 mm, ómfita: 7,80 mm.

### Línulegt mat: Litur

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd | Malabreidd |
|---|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 7 | 9 | 7 |
| | Lærabreidd | Innralæri | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 8 | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 9 | 9 | 8 |

Heildarmat **Best** 9 **Mat** 8



## Leir 23408 (1662742-0075)

Fæddur 18. maí 2023 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Laurens av Krogedal NO74075 | M. | Jóka IS1662742-0035 |
| Ff. | Horgen Erie NO74029 | Mf. | Jens av Grani NO74061 |
| Fm. | 1879 av Krogedal NO31897 | Mm. | Vísa-ET IS1662742-0006 |
| Fff. | Horgen Bror NO55754 | Mff. | AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8 |
| Ffm. | Horgen Soria NO27377 | Mfm. | Evy av Grani NO30798 |
| Fmf. | Dole av Krogedal NO58361 | Mmf. | Li's Great Tigre NO74039 |
| Fmm. | 5207 av Krogedal NO25207 | Mmm. | Lara av Høystad NO49943 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Leir er meðalstór, boldjúpur með breiðar og holdfylltar herðar. Bak og malir eru breiðar og vel holdfyllt. Lærin eru nokkuð breið, mikill og djúpur lærvöðvi og fylling innri læra mikil. Fótstaða er sterkleg og góð. Leir er holdmikill og fallegur gripur á velli.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 33 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Leir 504 kg og hafði því vaxið um 1.327 g/dag frá fæðingu. Leir hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 66,6 mm, ómfita: 5,73 mm.

### Línulegt mat: Leir

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd |
|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 8 | 8 |
| | Malabreidd | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 8 | 9 |
| Mat | 8 | 7 | 8 |
| | Læradýpt | Lærahold | Heildarmat |
| Best | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 9 | 8 | 7 |

Móðir Laurens er NO31897 av Krogedal undan Dole av Krogedal NO58361 og NO25207 av Krogedal sem aftur var undan Oluf av Bakken NO53455.

Laurens býr yfir miklum kjötgæðaeiginleikum. Fæðingarþungi kálfa er mikill og því ber aðeins á erfiðum burði. Vaxtarhraði er góður. Dætur Laurens hafa góða burðareiginleika en eru undir meðaltali í þunga afkvæma sinna við 200 daga aldur. Fallþungi afkvæma Laurens er mikill og hold- og fituflokkun mjög góð. Hér er því á ferðinni gott kynbótanaut, einkum hvað kjötgæðaeiginleika snertir.

**Manitu av Høystad NO74081,** f. 28 . janúar 2017, hjá Svein Eberhard Østmoe á Høystad í Koppang í Stor Elvdal i Innlandet. Á íslensku mætti snara þessu sem að Svein búi á Hástað í Stóra Fljótsdal í Innsveitum. Bærinn stendur á bökkum Glomma (Glámu), lengstu ár Noregs, rúmlega 100 km norður af Hamri. Svein er formaður Angus-nautgriparæktarfélagsins í Noregi og okkur að góðu kunnur, hefur heimsótt NautÍs og fleiri bú hérlendis. Nokkur fjöldi Angus-gripa hérlendis er ættaður frá Høystad en fósturvísar frá búinu mynduðu grunninn að ræktunarkjarnanum á Stóra-Ármóti. Faðir Manitu er GB542697200703 Netherton Americano M703 frá Bretlandi og móðirinn, Gloria av Grani, er undan CA1469322 HF El Tigre 28U sem er faðir Stóra Tígurs, Li's Great Tigre NO74039.

Manitu gefur fremur stóra kálfa og burður því aðeins erfiður. Vaxtargeta afkvæma hans er mikil og flokkun góð, sérstaklega hvað fituflokkun varðar. Dætur Manitu hafa góða burðareiginleika og afkvæmi þeirra hafa mikinn þunga við 200 daga aldur. Manitu er því gott alhliða kynbótanaut.

Kynning og lýsing nautanna byggir á línulegu útlitsmati og umsögn þeirra Ditte Clausen og Lindu Margrétar Gunnarsdóttur, ráðunauta hjá RML.

Þegar þetta er skrifað er sæðistaka úr þessum nautum nýhafin og því liggur ekki fyrir hver árangur úr henni verður. Það er þó ljóst að einhver þessara nauta munu koma til almennrar dreifingar seinna í sumar. Að lokinni sæðistöku verða nautin flutt til væntanlegra kaupenda utan að Lundi og Jaki verða fluttir að Hesti þar sem ætlunin er að taka úr þeim sæði til kyngreiningar.

Að lokum er hér svo tafla sem nota má til þess að skoða hver skyldleiki þessar nauta er gagnvart notkun á þeim. Sýnt er með litum hvort rétt sé að nota viðkomandi naut á dætur eldri Angus-sæðinganauta út frá innbyrðis skyldleika.

Ef við tökum dæmi má sjá að Leynir 23401 er of skyldur dætrum Lilla 22402 og Laka 22403, nokkuð skyldur dætrum Vísis 18400, Draums 18042, Baldurs 18403, Eiríks 19403 Máttar 19404, Jóakims 21403 og Jenna 21405 en lítt skyldur dætrum Vals 19402, Erps 20402 og Eðals 20403.

*Höfundur er ráðunautur hjá RML*

**Til athugunar varðandi skyldleika**

| | Kýrfaðir | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Naut** | Vísir 18400 | Draumur 18402 | Baldur 18403 | Valur 19402 | Eiríkur 19403 | Máttur 19404 | Erpur 20402 | Eðall 20403 | Jóakim 21403 | Jenni 21405 | Lilli 22402 | Laki 22403 |
| Leynir 23401 | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki |
| Jaki 23402 | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Í lagi | Í lagi |
| Lundi 23403 | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki |
| Lási 23404 | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki |
| Litur 23405 | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki |
| Lómur 23406 | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki |
| Lax 23407 | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki |
| Leir 23408 | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki |
| Móði 23409 | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi |

Taflan sýnir hvort í lagi sé að nota viðkomandi naut m.t.t. föður þeirrar kýr/kvígu sem sæða á

- Í lagi
- Nokkur skyldleiki
- Of mikill skyldleiki



### Móði 23409 (1662742-0080)

Fæddur 14. júlí 2023 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Manitu av Høystad NO74081
Ff. GB542697200703 Netherton Americano M703
Fm. Gloria av Grani NO32459
Fff. GB542697100527 Netherton Mr Rader J527
Ffm. GB542697400474 Netherton Annie H474
Fmf. CA1469322 HF El Tigre 28U
Fmm. NO27595
M. Vísa-ET IS1662742-0006
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Mm. Lara av Høystad NO49943
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Mfm. Else fra Li NO30822
Mmf. Ivar fra Li NO74047
Mmm. Helle av Høystad NO34418

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Móði er meðalstór, boldjúpur og útlögugóður en vantar á þroska í framparti enda aðeins 10 mánaða. Bak og malir eru breiðar með góða vöðvafyllingu. Lærin eru breið og holdmikil, lærvöðvinn djúpur og mikill og fylling innri læra góð. Fótstaða er sterkleg og góð. Móði er holdmikill og fallegur gripur á velli með mikil lærahold.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 50 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vóg Móði 455 kg og hafði því vaxið um 1.359 g/dag frá fæðingu. Móði hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 62,7 mm, ómfita: 5,41 mm.

#### Línulegt mat: Litur

| | Boldýpt | Herðabreidd | Malalengd | Malabreidd |
|---|---|---|---|---|
| Best | 9 | 9 | 9 | 8 |
| Mat | 7 | 7 | 9 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 8 | 9 | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 8 | 8 | 8 |

Heildarmat Best 9 Mat 7



### Lykkja 1662742-0076

Fædd 25. maí 2023 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Laurens av Krogedal NO74075
M. Silla-ET IS1662742-0005
Ff. Horgen Erie NO74029
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. 1879 av Krogedal NO31897
Mm. Lara av Høystad NO49943
Fff. Horgen Bror NO55754
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. Horgen Soria NO27377
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Dole av Krogedal NO58361
Mmf. Ivar fra Li NO74047
Fmm. 5207 av Krogedal NO25207
Mmm. Helle av Høystad NO34418

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Meðalstór, fremur boldjúp, útlögumikil og vel gerð kvíga. Góður frampartur og langar malir. Læraholdin góð, mikill og nokkuð djúpur lærvöðvi. Góð og sterkleg fótstaða, eilítið náin að aftan. Falleg kvíga.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 39 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Lykkja 400 kg og hafði því vaxið um 1.037 g/dag frá fæðingu.

Ómvöðvi: 62,3 mm, ómfita: 5,09 mm.

**Staða:** Ófengin.

#### Línulegt mat: Lykkja

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 7 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 6 |
| | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 7 | 6 |
| | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 6 | 7 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 7 | |



### Lóa 1662742-0077

Fædd 25. maí 2023 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Laurens av Krogedal NO74075
M. Systa-ET IS1662742-0014
Ff. Horgen Erie NO74029
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. 1879 av Krogedal NO31897
Mm. Letti av Nordstu NO100514
Fff. Horgen Bror NO55754
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. Horgen Soria NO27377
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Dole av Krogedal NO58361
Mmf. Dunder av Bognes NO74025
Fmm. 5207 av Krogedal NO25207
Mmm. Janne av Nordstu NO39302

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Meðalstór, boldjúp og útlögumikil kvíga með góðan frampart. Lærahold eru sérlega góð og mikil með mikla fyllingu og djúpan vöðva. Góð fótstaða og klaufir. Falleg kvíga.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 37 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó Lykkja 401 kg og hafði því vaxið um 1.046 g/dag frá fæðingu.

Ómvöðvi: 56,1 mm, ómfita: 8,71 mm.

**Staða:** Ófengin.

#### Línulegt mat: Lóa

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 8 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 7 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 7 | 8 |
| | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 7 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 8 | |

# Kvígur frá NautÍs

**Uppbygging hreinræktaðrar Angus-hjarðar hjá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti hefur gengið vel á undanförnum árum og stöðin því aflögufær með kvígur.**

Á þessu ári eru boðnar til kaups þrjár hreinræktaðar Angus-kvígur. Hér á eftir fer örstutt kynning á þeim kvígum sem standa til boða núna. Kvígurnar voru dæmdar af þeim Ditte Clausen og Lindu Margréti Gunnarsdóttur hjá RML. Varðandi lýsingar þessara gripa er mikilvægt að hafa í huga að hér er um mun holdfylltari gripi að ræða en við eigum að venjast hérlendis.

Kvígurnar eru dætur Laurens av Krogedal NO74075 og móðurfeðurnir eru Jens av Grani NO74061 og Li's Great Tigre NO74039. Þetta eru naut sem eru þekkt að því að gefa góðar kýr til undaneldis, bæði hvað varðar burð og aðra mæðraeiginleika.



### List 1662742-0066

Fædd 24. apríl 2023 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Laurens av Krogedal NO74075
F. Laurens av Krogedal NO74075
M. Jata IS1662742-0043
Ff. Horgen Erie NO74029
Mf. Jens av Grani NO74061
Fm. 1879 av Krogedal NO31897
Mm. Systa-ET IS1662742-0014
Fff. Horgen Bror NO55754
Mff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Ffm. Horgen Soria NO27377
Mfm. Evy av Grani NO30798
Fmf. Dole av Krogedal NO58361
Mmf. Li's Great Tigre NO74039
Fmm. 5207 av Krogedal NO25207
Mmm. Letti av Nordstu NO100514

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Meðalstór, boldjúp og útlögumikil kvíga með góðar malir og djúpan og mikinn lærvöðva. Góð fótstaða og klaufir. Falleg kvíga.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 31 kg. Við vigtun 7. maí 2024 vó List 416 kg og hafði því vaxið um 1.016 g/dag frá fæðingu.

Ómvöðvi: 63,0 mm, ómfita: 7,51 mm.

**Staða**: Ófengin.

#### Línulegt mat: List

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 8 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 8 | 7 |
| | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 7 | 6 |
| | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 7 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 8 | |

Skipulagsstofnun

## Umhverfismat framkvæmda

### Umhverfismatsskýrsla í kynningu

## Vindorkugarður í Garpsdal, Reykhólahreppi

EM Orka hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats á fyrirhuguðu vindorkuveri í Garpsdal í Reykhólahreppi.

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Umhverfismatsskýrsla er aðgengileg á Skipulagsgátt, **www.skipulagsgatt.is** og á vef Skipulagsstofnunar.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgátt eigi síðar en **19. ágúst 2024.**

Pistill formanns

# Öflugasti sendiherra íslenskrar þjóðar

**Landsmót hestamanna er fram undan. Heillar viku óður til okkar einstaka hestakyns sem verður á keppnisvellinum frá morgni til kvölds í sjö daga samfleytt.**



Trausti Hjálmarsson.

Fjöldi hrossa í sýningum og keppni skiptir hundruðum, gera má ráð fyrir að hátt í tíu þúsund gestir frá a.m.k. tuttugu þjóðlöndum mæti í brekkurnar og fjöldi knapa, starfsmanna mótsins og sjálfboðaliða skiptir vafalaust hundruðum. Landsmótið er á tveggja ára fresti nafli alheimsins í veröld íslenska hestsins, hvort sem er hérlendis eða erlendis.

Það er langt í frá úr lausu lofti gripið þegar talað er um að íslenski hesturinn sé öflugasti sendiherra þjóðarinnar. Með fullri virðingu fyrir öllum þeim frábæru einstaklingum, tónlistarfólki, rithöfundum, íþróttamönnum o.fl. sem borið hafa hróður Íslands út fyrir landsteinana, er nokkuð víst að í þeim efnum sé hesturinn okkar þrautseigastur allra. Forskotið er fólgið í því að hann er í raun eilífur, endurnýjar sig frá einu árinu til annars og er í hugum allra þeirra sem elska hann í raun andlitslaust afkvæmi alúðar og metnaðar þeirra sem sinna ræktunarstarfi hans. Auðvitað eru í heimi hestsins eins og annars staðar ákveðnar stjörnur á hverjum tíma en ímyndin er óháð einstaklingunum og snýst um hæfileika og lundarfar íslenska hestakynsins sem sannar það alla daga að margur sé knár þótt hann sé smár.

> Landsmótið er á tveggja ára fresti nafli alheimsins í veröld íslenska hestsins, hvort sem er hérlendis eða erlendis.

Ástæður þeirrar miklu aðdáunar sem íslenski hesturinn nýtur eru fjölmargar og samverkandi. Sem betur fer höfum við alla tíð borið gæfu til þess að halda honum hreinræktuðum og verja hina upprunalegu eiginleika hans fyrir hvers kyns blöndun. Hin blíða lund er óumdeilt aðalsmerki á sama tíma og hann nýtur virðingar fyrir hve sterkbyggður, heilsuhraustur og harðger hann er við krefjandi íslenskar aðstæður og erfið verkefni upp um fjöll og firnindi.

Hin afdráttarlausa sérstaða er þó fólgin í töltinu sem sameinar einstaka mýkt og augljósan glæsileika ásamt skeiðinu þegar hesturinn er tekinn til kostanna. Til viðbótar við hefðbundinn gang allra hestakynja og reyndar flestra fjórfætlinga, fet, brokk og stökk, skartar íslenski hesturinn sínu fegursta á tölti og skeiði og hrífur alla þá með sér sem sest hafa í hnakkinn og upplifað.

Þessi glæsti sendiherra okkar ber ekki eingöngu landi og þjóð fagurt vitni. Þegar grannt er skoðað er hann ósvikinn kyndilberi íslensks landbúnaðar og leggur mikið af mörkum til verðmætasköpunar hans bæði með beinum hætti og óbeinum. Á erlendum vettvangi er hann ekki síður driffjöður mikillar verðmætasköpunar og vafalaust einnig ómældra ánægjustunda barna og fullorðinna. Hann er ræktaður með faglegum og markvissum hætti í yfir tuttugu löndum og meira en þrefalt fleiri íslensk hross, eða um 250.000, eru alin annars staðar en í heimahögunum. Á Íslandi eru þau um 75.000 talsins og nýliðun á hverju ári nemur um fimm þúsund folöldum.

Talsvert hefur verið unnið í því verkefni að fá Ísland viðurkennt sem upprunaland íslenska hestsins. Liður í því er setning reglugerðar þar sem Bændasamtökunum er falið að halda upprunaættbók hestsins og fylgja fyrirmælum um hvaða hross eigi þar heima. Þá eru ræktunarmarkmið og reglur um mat íslenskra kynbótahrossa í sérstökum viðauka. Stjórnvöld hafa því tekið sér ákveðna varðstöðu um verndun og þróun hestakynsins og falið Bændasamtökunum framkvæmdina. Það er í senn ánægjulegt starf og ábyrgðarmikið.

Landsmótin á Íslandi kallast á við heimsmeistaramót íslenska hestsins sem haldið er annað hvert ár í einhverju Evrópulandanna. Þangað koma að jafnaði 10-15.000 gestir og keppendur eru frá um 20 þjóðlöndum hverju sinni. Íslendingar senda um 20 manna landslið ungmenna og fullorðinna á hvert slíkt mót og talsverðan fjölda keppnishesta sem vegna sóttvarnarreglna eiga ekki afturkvæmt. Sú ánægjulega hefð hefur skapast að íslenska liðið sé hið sigursælasta á mótinu og ber það metnaði í íslenskri hestamennsku fagurt vitni.

Það eru hestamannafélögin Fákur og Sprettur sem standa að Landsmótinu að þessu sinni. Mótið fer nú í fjórða sinn fram á félagssvæði Fáks í Reykjavík og ekki er að efa að framkvæmdin verður öll til fyrirmyndar enda mótshaldarar með mikla reynslu í farteskinu.

*Trausti Hjálmarsson,*
*formaður Bændasamtaka Íslands.*



# Íslenskt timbur dregið í dilka

## – Námskeið í styrkflokkun á íslensku timbri

**Yfir aldirnar hefur venjan verið sú að Íslendingar hafa flutt inn timbur erlendis frá. Þetta timbur var af þess tíma framandi tegundum fyrir Íslendinga og fyrir vikið mjög eftirsótt til smíðar.**

Nú er öldin önnur og þessar áður framandi tegundir hafa nú skotið rótum og vaxið vel hér á Fróni. Svo vel reyndar að ágæt reynsla er komin á notkun heimafengins timburs til margs konar smíða.

Um þessar mundir eru að verða tímamót á markaði timburs því glæsilegir skógar vaxa vítt og breitt um landið. Búast má við umtalsverðu framboði íslensks viðar næsta áratuginn úr skógum sem voru gróðursettir um aldamótin með fyrstu landshlutaverkefnum í skógrækt, oft nefnt bændaskógrækt. Þetta er fyrst og fremst viður af lerki og greni, en einnig er um að ræða furu, ösp og jafnvel birki.

Ágætu skógarbændur, skógræktarmenn og þeir sem eru að vinna við timburvinnslu úr bolum úr íslenskum skógum. Markmið okkar, sem eru Land og skógur, Skógræktarfélag Íslands, Bændasamtökin og Trétækniráðgjöf slf., er að haustið 2024 getum við selt íslenskt timbur fyrir burð í mannvirki, Svansvottað, stimplað og styrkflokkað samkvæmt ÍST INSTA 142:2009. Til þess að þetta væri hægt fengu Bændasamtökin í samvinnu við Trétækniráðgjöf slf. styrk frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (verkefnið ASKUR) til að vinna að verkefninu.Iðan fræðslusetur mun halda námskeið í samvinnu við ofangreinda aðila fyrir fyrirtæki i timburiðnaði og starfsmenn þeirra.

**Námskeiðin sem IÐAN býður upp á eru tvö:**

- Námskeið fyrir starfsmenn til að læra styrkflokkun á burðarviði samkvæmt staðlinum ÍST INSTA 142:2009.
- Námskeið til að upplýsa fyrirtæki um öryggi við að saga timburboli, gæðastjórnun og merkingu á timbrinu, allt samkvæmt staðlinum ÍST EN 14081-1.

Námskeiðin eru ætlað fyrirtækjum sem saga timbur og flokka það eftir burðargetu fyrir einstök innlend verkefni, en ekki til fyrirtækja til endursölu. Einnig geta aðrir sótt námskeiðið og fengið réttindi til að styrkflokka timbur.

Þegar trjábolur er metinn og sagaður þarf að sjá út eiginleika viðarins og saga eftir því. Efnið sem fæst úr söguninni er svo flokkað í styrkflokka eftir eiginleikum viðarins. Þannig má hámarka gæði og verð íslensks timburs.



Eiríkur Þorsteinsson hjá Trétækniráðgjöf.



Ólafur Ástgeirsson hjá Iðunni fræðslusetri.



Hlynur Gauti Sigurðsson hjá BÍ.

Námskeiðin eru í formi myndbanda og kennslugögn eru samkvæmt ÍST INSTA 142:2009 og bókinni Gæðafjalir - viðskiptaflokkun á timbri úr barrtrjám sem er notuð til stuðnings. Að námskeiði loknu fer fram verklegur matsdagur þar sem þátttakendur styrkflokka óflokkað timbur. Eftir að þátttakandi hefur staðist námskeiðið á hann að geta flokkað timbur samkvæmt staðlinum ÍST INSTA 142:2009. Við flokkun má nota timbrið sem burðarvið og undirgengst fyrirtækið sem starfsmaðurinn starfar hjá ábyrgð á timbrinu til kaupanda. Nánari upplýsingar um stimpil til að merkja burðarviðinn verður kynntur við lok á námskeiði.

Hér er um fyrsta námskeið sinnar tegundar að ræða en þegar fram líða stundir verður það kennt reglulega og verður jafnframt kennt í fagskólum. Skráning á nemendum og fyrirtækjum á námskeið fer fram á heimasíðu Iðunnar, idan.is, og stendur til 20. ágúst 2024. Haft verður samband við fyrirtækin og þátttakendur í kjölfarið. Prófadagur verður 24. september. Verð á námskeiðið verður auglýst síðar.

Það þor sem forysta ríkisins hafði skömmu fyrir aldamót með innspýtingu í bændaskógrækt er nú að skila sér til baka og mun líkast til gera um ókomna tíð. Samtímamenn hafa yfirleitt spáð vaxtarskilyrðum trjáa til verri vegar en raun bar vitni. Það er útlit fyrir góða timburuppskeru og „biðin" eftir sjálfbæru Íslandi veður sífellt styttri. Landbúnaðurinn braggast enn betur í skjóli trjáa og tækifæri til búsetu um land aukast. Það er svo ótal margt sem skógurinn gefur. Nú munum við draga timbrið okkar í dilka, auka verðmæti þess, farga kolefnisspori sem fylgir innflutningi og efla sveitir landsins. Íslenskt timbur er komið til að vera.

*Höfundar koma allir að námskeiðinu.*




LR Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

AÐSTÖÐUHÚS TIL SÖLU







Til sölu aðstöðuhús með 4 salernum og 4 sturtum. Húsið er samsett úr tveimur, einangruðum gámahúsum með ca. 30 fm. millirými. 3 stk. hitakútar eru í húsinu. verð kr. 4,9 millj + vsk tilbúið til flutnings.

Frekari upplýsingar í síma 893-7917



Göngugarparnir í Jónsmessugöngunni. Myndir / Jóhanna Róbertsdóttir

# Jónsmessuganga í Haukadalsskógi

**Sunnudaginn 23. júní var árleg Jónsmessuganga Félags skógarbænda á Suðurlandi. Að þessu sinni var gengið um skóginn í Haukadal, fallegan og fjölbreyttan skóg sem byrjað var að planta í laust fyrir miðja síðustu öld.**

Það var danskur maður, Kristian Kirk, sem hafði keypt jörðina og gaf hana Skógrækt ríkisins árið 1940. Haukadalsskógur er einn stærsti þjóðskógur á Suðurlandi og þar er aðstaða til útivistar mjög góð. Mikið er af góðum göngustígum í fallegum skóginum og á þremur stöðum er grillaðstaða með borðum og bekkjum auk snyrtiaðstöðu.

Böðvar Guðmundsson, sem um langt árabil var skógarvörður í Haukadal, leiddi gönguna og fræddi göngufólk um sögu staðarins og gróður og var sérlega gaman og fróðlegt að hlusta á hann segja frá. Fór hann í stuttu máli yfir sögu Haukadals frá því stuttu eftir landnám til vorra daga. Síðan sagði hann frá gróðursetningum í skóginum og frumkvöðlum skógræktar á svæðinu. Böðvar er sjálfsagt sá maður sem þekkir sögu skógræktar í Haukadal best og var því sérstaklega gaman að fá hann til liðs og taka að sér að leiða gönguna.



Sigurður Jónsson og Björn B. Jónsson.



Minningarsúla í Haukadalsskógi eftir Guðjón Kristinsson.

Víða hefur verið komið upp minnisvörðum um frumkvöðlana og þá sem ruddu braut skógræktar í Haukadal og gaman að kynnast þeirri sögu. Meðal annars er stytta af Kristian Kirk við innkomu í skóginn og einnig er að finna minningarsúlur sem Guðjón Kristinsson listamaður hefur skorið meistaralega út í tré.

Að lokinni göngu var boðið upp á ketilkaffi og volgar kleinur að skógarmanna sið og fólk spjallaði og naut samveru í fallegum skógarlundi.

*Höfundur er Björn B. Jónsson, formaður Skógarbænda á Suðurlandi.*











Landeyjahöfn og landállinn á milli fjörunnar og útrifsins þar sem úthafsaldan brotnar. Einnig sést hliðið fram af hafnarkjaftinum. Mynd/Guðmundur Alfreðsson.

> Þau hugtök strandjarðfræðinnar sem mestu máli skipta fyrir niðurstöðuna, auk þeirra sem rædd voru í fyrri greininni, eru útrif, landáll, áhlaðandi og strandstraumar, hlið og hliðstraumar.

# Ekki lausn fyrir Landeyjahöfn

## – Síðari hluti

**Í síðasta eintaki af Bbl. birtist grein um það hvernig öldusveigjan umhverfis Vestmannaeyjar safnar sandi í Landeyjatanga í tilhneigingu náttúrunnar til að tengja saman Vestmannaeyjar og fastalandið með granda.**



Páll Imsland.

Hér verður fjallað um hvernig straumar vinna í sömu veru. Hvort tveggja ferlið, það sem stafar af öldusveigjunni og strandstraumunum, veldur því að Landeyjatangi, þar sem Landeyjahöfn er, vex til hafs, setsöfnun er mest einmitt þar sem höfnin er. Setið sem er á ferðinni við Landeyjatanga er ekki á leiðinni fram hjá honum, heldur að honum úr báðum áttum. Þessi setsöfnun hefur á síðastliðnum 100 árum teygt Landeyjatanga fram um tæplega hálfan kílómetra, um 5 metra á ári að jafnaði. Það sést glögglega af restunum af dönsku stálskútunni Dragör sem strandaði á Bakkafjöru, eða nánar tiltekið á Landeyjatanga, árið 1920.

Þau hugtök strandjarðfræðinnar sem mestu máli skipta fyrir niðurstöðuna, auk þeirra sem rædd voru í fyrri greininni, eru útrif, landáll, áhlaðandi og strandstraumar, hlið og hliðstraumar. Ég ætla að byrja á því að skýra þessi hugtök hvert fyrir sig og útlista hvað þau gera.

Útrif eru grynningar úti fyrir strönd, gerðar úr seti, sandi og möl, þar sem sjór er grynnri en bæði utan og innan rifsins. Úthafsaldan brotnar því á rifinu. Stundum eru þessi útrif fleiri en eitt.




Skýringarmynd af landál, útrifi og hliði.

Landáll er áll sem teygir sig meðfram ströndinni innan við útrif. Í honum er dýpra en á útrifinu og sjór flæðir þar eftir að hafa brotnað á rifinu og er því hægari og orkuminni.

Áhlaðandi er það kallað þegar álandsvindur og úthafsalda stefna upp á ströndina og stundum lágur loftþrýstingur einnig og valda því að þar stendur sjór hærra en úti fyrir. Hann er því algjörlega háður veðurfari og sjólagi.



Dragör, árið 2013 var lítið annað eftir af henni en ryðguð brot af plötunum sem skútan var smíðuð úr. Þessar restar skútunnar eru nú tæpan hálfan kílómetra inni í landi. Mynd / Páll Imsland.

Strandstraumar er samheiti yfir þá strauma sem verða uppi við ströndina, í landálnum. Í þessu tilviki skipta þeir landálsstraumar mestu máli sem eru afleiðing af áhlaðanda. Þeir straumar eiga rót sína í veðráttunni. Einnig eru þar virkir sjávarfallastraumar sem eiga sér allt aðrar ástæður, togkrafta tungls og sólar og haga sér ólíkt.

Hlið og hliðstraumar. Hlið kallast sund sem myndast í útrifið og haldast opin fyrir áhrif strandstraumanna. Þar brotnar aldan ekki eða lítt og því er staðsetning þeirra vel þekkjanleg á óbrotinni öldu. Í hliðunum eru hliðstraumar þar sem sjór streymir til hafs út úr landálnum. Á fyrri öldum sáu menn setstrendur sem tvenns konar náttúrufyrirbæri, hlið og öræfi, setströndina á milli hliða.

Þegar áhlaðandi er mikill endar það með því að sjór fer að standa umtalsvert hærra í landálnum en úti fyrir útrifinu. Sjórinn á ekki greiða leið til hafs aftur á móti úthafsöldu og stormi sem stendur upp á ströndina. Sjórinn í landálnum leggst þá í straum meðfram ströndinni, svokallaðan landálsstraum. Svo fer að lokum að landálsstraumurinn brýst út úr þrengslunum í landálnum og myndar straum þvert í gegnum útrifið, myndar þar hlið og í því er sterkur hliðstraumur sem heldur hliðinu opnu. Þannig streymir umframsjórinn út úr landálnum. Hlið eru yfirleitt fremur stöðug og hreyfast lítt úr stað nema til komi meiri háttar breytingar á umhverfinu. Hlið er úti fyrir Landeyjahöfn og hefur verið lengi þekkt. Með tilkomu hafnarinnar og þeirra breytinga sem hún veldur á ströndinni og þeim umsvifum sem við höfnina eru tengd í formi dælinga og annarra framkvæmda má eiga von á því að stöðugleika hliðsins við Landeyjatanga sé ógnað og það muni flakka eitthvað til, en þó líklega ekki yfirgefa tangann alveg. Þá vex óróleiki sjávar við höfnina og siglingar verða erfiðari. Hin lága alda í hliðinu er ein aðalástæðan fyrir staðsetningu hafnarinnar.

Strandstraumar af völdum áhlaðandans í landálnum vestan við Landeyjahöfn eru að vestan og austur í áttina að höfninni. Austan hafnarinnar eru þeir í andstæða átt, til vesturs meðfram ströndinni. Þessar tvær strandstraumsálmur koma saman úti fyrir syðsta odda Landeyjatanga og Landeyjahöfn. Þar sveigja þeir til hafs og falla út um hliðið og hleypa þannig áhlaðandasjónum út aftur.

Með þessum straumi í landálnum meðfram ströndinni til austurs og vesturs í áttina að höfninni berst sandur og þegar þessi sandburður kemur að fremsta odda Landeyjatanga og hliðinu og straumurinn fellur út um hliðið sest hluti hans til í tanganum og byggir hann þannig út til sjávar.

Afleiðingin af því sem gerist í landálnum er sú sama og sú sem stafar af öldusveigjunni. Setsöfnun við Landeyjatanga og viðleitnin til myndunar á granda sem tengir Vestmannaeyjar og fastalandið er afleiðing af samspili öldusveigjunnar og landálstraumanna og þeim setflutningum sem því fylgja.

Hvað sem gert er í verklegum framkvæmdum við Landeyjatanga og í Landeyjahöfn mun ekki breyta þessu. Náttúran er að byggja granda sem smátt og smátt nær lengra og lengra til hafs. Síðustu 100 árin hefur hraði þessarar grandamyndunar verið um 5 metrar á ári að jafnaði. Þessi grandamyndun mun að endingu loka höfninni og skilja hana eftir sem mannvirki einangrað frá sjó, líkt og hún hefur gert við flakið af Dragör.

*Höfundur er jarðfræðingur.*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

## Stykkishólmur:

# Aukið framboð íbúðahúsnæðis

**Nýlega var undirritað samkomulag á milli ríkisins, Sveitarfélagsins Stykkishólms og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um aukið framboð íbúðarhúsnæðis á tímabilinu 2024–2029.**

Auk þess verður uppbygging fjármögnuð á hagkvæmum íbúðum og félagslegu húsnæði í Stykkishólmi. Samkomulagið byggir á rammasamningi ríkis og sveitarfélaga um aðgerðir í húsnæðismálum, sem gerður var sumarið 2022.

***Viðráðanlegur húsnæðiskostnaður og 60 nýjar íbúðir byggðar***

Stykkishólmur er ört vaxandi sveitarfélag þar sem íbúum hefur verið að fjölga jafnt og þétt á síðustu árum. „Því fagna ég sérstaklega undirritun þessa samkomulags sem miðar að því að skapa skilyrði til nauðsynlegrar uppbyggingar til að koma til móts við vaxandi íbúafjölda og áhuga fólks á að flytja til okkar. Með undirritun samkomulagsins er sveitarfélagið einnig að sýna í verki að það vill vera leiðandi þátttakandi í sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga um að stórauka framboð fjölbreyttra íbúðakosta til að mæta nauðsynlegri íbúðaþörf, ekki síst til að allir hafi aðgengi að öruggu og góðu húsnæði með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði,“ segir Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi.

Markmið samkomulagsins við Stykkishólm er að byggðar verði um 60 íbúðir í sveitarfélaginu á næstu fimm árum í samræmi við metna



**Frá undirritun samningsins, Jakob Björgvin bæjarstjóri, Svandís Svavarsdóttir innviðaráðherra og Hermann Jónasson, forstjóri HMS.** Mynd/Aðsend

þörf samkvæmt húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Þar af er gert ráð fyrir 18 hagkvæmum íbúðum með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði og fimm félagslegum íbúðum. Áformin eru í samræmi við endurskoðun á húsnæðisáætlun Stykkishólms, sem gerir ráð fyrir að íbúum sveitarfélagsins muni fjölga um rúmlega 100 á næstu árum. Sveitarfélagið mun leitast við að tryggja nægjanlegt framboð byggingarhæfra lóða í samræmi við samkomulagið og stefnir að því að úthluta byggingarhæfum lóðum fyrir 44 íbúðir í ár.

***Ráðherra fagnar***

„Það var sérstaklega gleðilegt að undirrita þennan samning við Stykkishólm, en þörfin fyrir uppbyggingu húsnæðis er brýn um allt land. Ég fagna því sérstaklega að tæplega þriðjungur þeirra íbúða sem hér um ræðir verði hagkvæmar íbúðir með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði,“ segir Svandís Svavarsdóttir innviðaráðherra. /mhh
















## Hannyrðir:

# Hölluklútur – úr íslenskri ull

**EFNI:**
Einband eða fíngert tvíband 120m eins og t.d.:
Dóru Band Einband jurtalitað (25g)
Þingborgar Einband (25g)
Dís frá Uppspuni (25g)
Gilitrutt frá Helene Magnusson (25g)
Einband frá Hespu (25g)
Þetta band sem hér er mælt með er með 220-240 mtr í 50 gr. Hægt er að nota hvaða garn annað sem er í svipuðum grófleika.

**ÁHÖLD:**
prjónar 4.5mm
heklunál 4.5mm

**BYRJUN:**
Fitjið upp 3 L. Prj. slétt til baka. Setjið prjónamerki (PM) fyrir byrjun umferðar á réttu (Ré) og gott að hafa prjónamerki á réttunni allan tímann til að ruglast ekki á röngu (Rö) og réttu. Prjónið 4 umf. slétt og endið aftur á PM.

**Útaukningar - á réttunni.**
Á röngunni er altaf prjónað slétt til baka!
1. Ré: prj. 2L sl, slá upp á, 1L sl. ( = 4 L)



3. Ré: prj. 2L sl, slá upp á, 2L sl. ( =5 L)
5. Ré: prj. 2L sl., slá upp á, 3 L sl. ( = 6 L)

**MUNSTRIÐ – „Gatasnar“:**

**„Gatasnar“ með útaukningum:**
1. umf (Ré): prj. 2 L sl., slá upp á, *2 L saman, slá upp á*, síðustu 2 L sl.
2. umf (Rö): prj. sl til baka
3. umf (Ré): prj. 2 L sl, slá upp á, *2 L saman, slá upp á*, síðustu 3 L sl.
4. umf (Rö): prj. sl til baka
Endurtekið þangað til til 42 L eru á prjónunum.

**„Gatasnar“ með úrtökum:**
1. umf (Ré): prj. 2 L sl., 2 L saman, * slá upp á*, 2L saman*, síðustu 2 L sl.
2. umf (Rö): prj. sl til baka
3. umf (Ré): prj. 3 L sl., 2 L saman, * slá upp á*, 2L saman*, síðustu 2 L sl.
4. umf (Rö): prj. sl til baka
Endurtekið þangað til 7 L eru á prjónunum.

**ENDIR:**
1. Ré: prj. 3 L sl., 2 L saman, síðustu 2 L sl. ( = 6 L)
3. Ré: prj. 2 L sl., 2 L saman, síðustu 2 L sl. ( = 5 L)
5. Ré: prj. 1 L sl., 2 L saman, síðustu 2 L sl. ( = 4 L)
7. Ré: prj. 1 L sl., 2 L saman, síðustu 1 L sl. ( = 3 L)
Prjonið 4 umf sléttar og fellið af.

**Heklið Picot kant (Hnútakantur) utan um klútinn:**
Byrjið með því að stinga heklunálinni í jaðarlykkju, gerið eina loftlykkju og fastalykkju í sömu L. # Heklið 1 fastalykkju, þá 3 loftlykkjur, tengið þær í fastalykkjuna sem þær eru heklaðar upp úr með keðjulykkju til að mynda hnút. Heklið fastalykkju í næstu jaðarlykkju. Endurtekið frá #. Heklað er í eina jarðalykkju fyrir hverjar 2 prjónaumferðir.

Slítið frá og gangið frá endum. Skolið úr klútnum og leggið til þerris.

***Hönnun: Maja Siska***



Hölluklútar af ýmsu tagi.



Þær Ingigerður, Helga, Arnþrúður, Anna, Guðbjörg, Lilja, Lorya, Halldóra, Valgerður og Margrét eru meðal þeirra sem standa að Ullarvikunni, sem verður haldin í þriðja sinn nú í haust.



Þórey og Anna María með Líru.

# Ullarvika á Suðurlandi

**Ullarvika á Suðurlandi verður haldin í þriðja sinn dagana 29. september til 5. október 2024. Ullarvikan er haldin á ýmsum stöðum á Suðurlandi, frá Ölfusi í vestri og allt austur í V-Skaftafellssýslu, en aðal miðstöð Ullarviku verður í félagsheimilinu Þingborg.**

Hér birtist fyrsta uppskriftin sem er tengd við Ullarviku og heitir Hölluklútur, hönnun Maju Siska fyrir Ullarvikuna. Innblástur að þessum litla klút er kominn frá Höllu Tómasdóttur, nýkjörnum forseta okkar, en hún skartaði oft fallegum klútum í aðdraganda kosninga. Þessi litli prjónaði klútur með hekluðum skrautkanti er fljótgerður og hver sem eitthvað kann í prjóni getur spreytt sig á honum. Að auki er hann mjög hlýr að hafa um hálsinn og í kvefi næsta vetrar getur hann komið sér vel. Hægt er að prjóna hann úr nánast hvaða fíngerða bandi sem er, sjá uppskrift.

*Allar upplýsingar um Ullarviku er að finna á vefsíðunni www.ullarvikan.is*

**Glæsibær í Hörgársveit, 3. áfangi íbúðarbyggðar – auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu.**

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundum sínum 8. maí og 13. júní 2024 að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu vegna 3. áfanga íbúðarbyggðar í landi Glæsibæjar í auglýsingu skv. 1. mgr. 31 gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í aðalskipulagsbreytingunni felst að íbúðarsvæði ÍB2 stækkar til vesturs um 6 ha. inn á svæði sem í dag er skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L) í aðalskipulagi.

**Deiliskipulag 3. áfanga íbúðarbyggðar er framhald af áður skipulögðum áföngum íbúðarbyggðar í landi Glæsibæjar þar sem gert yrði ráð fyrir íbúðarbyggð með 14 nýjum einbýlis-, par- og raðhúsalóðum.**

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, milli 20. júní og 1. ágúst 2024, á heimasíðu Hörgársveitar, www.horgarsveit.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerum 158/2024 (aðalskipulagsbreyting) og 159/2024 (deiliskipulag).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn frestur til 1. ágúst 2024 til að gera athugasemdir við skipulagstillögurnar.

Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málunum á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

s. 846 9287,
482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Þingborg

Ullarvika á Suðurlandi verður haldin dagana 29. september-5. október 2024. Bandið í Höllu-klútinn sem uppskrift er að hér á síðunni fæst í Ullarversluninni Þingborg, í Uppspuna smáspunaverksmiðju og Hespuhúsinu í Ölfusi.

Ullarverslunin Þingborg er opin mánudaga-laugardaga frá kl. 10-17.

Póstsendum um allt land, hafið samband.

NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

# Dýravelferð og hugmyndafræði einnar heilsu: ábyrgð okkar allra

**Velferð dýra er ófrávíkjanleg krafa siðmenntaðs samfélags, hvort sem um ræðir gæludýr eða búfénað. Við berum ábyrgð á því að dýrunum líði vel, þau búi við góðar aðstæður og fái að njóta lífsins. Bændur landsins, sá trausti hópur sem vinnur af heilindum og elju, vita að velferð dýra er grundvallaratriði í öllu dýrahaldi.**

Á Íslandi er staða búfjár almennt góð. Kindur ganga frjálsar stóran hluta ársins og kýr fá að njóta útiveru á sumrin. Undir berum himni sýna skepnurnar sitt eðlilega atferli sem eykur lífsgæði þeirra til muna. Þetta er eitthvað sem við eigum að varðveita. Öll dýr eiga rétt á að lifa lífi sem er laust við hungur, þjáningar og sjúkdóma. Um þetta er skýrt kveðið í lögum um dýravelferð.



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir. Mynd / ál

### *Endurskoðun stefnu og lagaumhverfis*

Eftirlit með því að farið sé eftir lögum um dýravelferð verður að vera virkt og markvisst. Þegar upp koma vafaatriði verður velferð dýranna alltaf að hafa forgang. Öll málsmeðferð þarf að vera vönduð og ef dýr búa við slæmar aðstæður eiga þau ætíð að njóta vafans.

Á síðustu árum hefur komið fram að þörf sé á endurskoðun á ákveðnum þáttum laga um velferð dýra. Ég hef því sett af stað vinnu í því augnamiði að styrkja stjórnsýslu á sviði dýravelferðar og dýraheilbrigðis og móta heildstæða stefnu fyrir málaflokkinn. Markmiðið er að skapa starfsumhverfi sem tryggir yfirsýn yfir heilbrigði og velferð dýra á sama tíma og við gerum enn betur í eftirliti og aðgerðum sem tryggja ábyrgt dýrahald.

### *Hugmyndafræði Einnar heilsu*

Í nýlegri matvælastefnu er lögð áhersla á að öll framleiðsla miði að heilbrigðu umhverfi, heilbrigði dýra og heilsu fólks. Til að ná þessum markmiðum þarf heildstæða stefnumótun um velferð dýra þar sem horft er til hugmyndafræði „Einnar heilsu“ (e. One Health), þar sem heilsa manna, dýra og umhverfis mynda eina heild. Með því að nálgast þessi mál á heildstæðan hátt getum við stuðlað að bættri heilsu fyrir okkur öll. Í haust mun ég leggja fram þingmál þessu tengdu.

### *Samtakamáttur, nýsköpun og breytingar*

Það er því bæði eftirsóknarvert og æskilegt að gera betur í þessum efnum hér á landi. Slíkum umbótum er raunhæft að ná fram án þess að knésetja íslenskan landbúnað enda þarf ekki endilega mikið til þess að búskapurinn verði enn heilnæmari og í anda “einnar heilsu”.

Þegar við tryggjum dýrunum betri aðstæður stuðlum við ekki aðeins að betri líðan þeirra heldur einnig að bættri heilsu okkar sjálfra og umhverfisins. Það er því brýnt að við setjum fram markvissa og skýra stefnu sem tekur mið af því að tryggja heilnæmt umhverfi, heilbrigði dýra og betri heilsu fólks. Með slíkri stefnumótun og samstilltu átaki getum við skapað samfélag þar sem velferð dýra og heilsa okkar allra er í forgrunni. Vanmetum ekki þann kraft sem býr í samhentum aðgerðum og sameiginlegu átaki.

*Höfundur er matvælaráðherra.*













## Atvinna í boði

**Reykjabúið ehf / Mosfellsbæ**

√ Reykjabúið ehf auglýsir eftir eftir starfsmanni í almenn störf á fuglabúi.
√ Vinna við eldi á fuglum og hvað eina sem til fellur.
√ Fullt starf.
√ Æskilegt að viðkomandi hafi einhverja reynslu í skepnuhirðingu.
√ Bílpróf.

Nánari upplýsingar veitir Jón Magnús, reykjabuid@kalkunn.is

REYKJABÚIÐ

Reykjabúið ehf, 271 Mosfellsbæ

## Kvenfélagið Hringurinn:

# Dugur og elja ofar öllu

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



**Eitt þeirra mætu kvenfélaga sem hér á landi sitja er Kvenfélag Hringsins sem hefur unnið óslitið að líknar- og mannúðarmálum í áratugi.**

Á sama tíma og hornsteinn Landspítalans var lagður þann 19. júní árið 1926 lagði Kvenfélagið Hringurinn lokahönd á byggingu Hressingarhælis Hringsins. Um ræddi myndarlegt hús sem stóð á landi mitt á milli Reykjavíkur og heilsuhælis Vífilsstaða og samkvæmt grein 6. tbl. íslenska kvennatímaritsins 19. júní áætluðu félagskonur kvenfélags Hringsins að þegar jörðin Kópavogur losnaði úr ábúð hæfu þær þar búskap Hressingarhælinu til handa. Gekk það eftir og við tóku þó nokkrar úrbætur. Túnið sléttað og ræktað upp, gripahús reist og þar innan hýstar átta kýr, tveir hestar og eitt hundrað hænsfuglar, en búskapurinn var rekinn í 17 ár með allnokkrum hagnaði.



Þær eru myndarlegar Hringskonur, en þær verða m.a. með sölubás á Landsmóti hestamanna nú í júlí. Myndir / Aðsendar og timarit.is

***Vegferð til aðstoðar bágstöddum***

Fram að þessu höfðu þessar myndarkonur unnið ötullega að söfnun fjár til aðhlynningar berklaveiku fólki en með dugnaði hafði þeim tekist að láta byggja vandað hressingarhæli fyrir sextíu sjúklinga. Var sú ákvörðun tekin er í ljós kom, árið 1921, að ríkið tæki við legukostnaði berklasjúklinga, en brýn þörf var hins vegar á húsnæði fyrir þá sjúklinga sem væru á batavegi en ekki vinnuhæfir enn um sinn. Þótti elja kvennanna framúrskarandi. „Hringurinn hefir á liðnum árum lagt fram mikið fé til hjálpar berklaveiku fólki. En nú verður starf hans enn meira, er hann sameinar það alt á einum stað. Það er meira en lítill dugnaður, sem Hringkonur hafa sýnt í því að koma hælinu upp, og þeim er trúandi til að gera hælið skemtilegt og vistlegt heimili handa þeim, er þar dvelja meðan þeir eru að ná fullri heilsu", segir í blaðagrein þessa tíma.





Stofnandi Kvenfélags Hringsins, fröken Kristín Vídalín Jacobson t.v. og núverandi formaður, Anna Björk Eðvarðsdóttir.

Á vefsíðu Kvenfélags Hringsins kemur fram að fröken Kristín Vídalín Jacobson, sem þarna stýrði kvenfélaginu af myndugleik, hefði á námsárum sínum í Kaupmannahöfn legið sárþjáð í veikindum í um hálft ár. Hét hún því að ef hún yrði heilsuhraust á ný „... skyldi hún gera það sem í hennar valdi stæði til að bæta hag þeirra sem þyrftu að stríða við veikindi og efnaleysi." - Kristín sjálf kom af efnuðu fólki og naut þess í veikindum sínum, en sá að þeir sem minna máttu sín þyrftu aðstoðar við. Þetta heit efndi hún og boðaði til stofnfundar Hringsins þann 26. janúar 1904 í húsnæði Hússtjórnarskólans á efri hæð í húsi Iðnaðarmannafélagsins (Iðnó) við Tjörnina í Reykjavík.

Til liðs við Kristínu gengu alls 45 konur og hóf félagið vegferð sína til aðstoðar bágstöddum. Var lögð áhersla á ýmiss konar líknarstarfsemi, greitt var undir legukostnað berklasjúklinga og fengu bágstaddar sængurkonur bæði mjólkurgjafir sem og barnaföt. Fjármögnunin fór fram á þann hátt að kvenfélagskonur héldu leiksýningar sem þótti hin besta skemmtun, og líkt og enn í dag, stóðu fyrir happdrætti, mörkuðum og kaffisölu, svo eitthvað sé nefnt, auk peningagjafa utan frá.



**Hringurinn**
heitir eitt kvenfélag hér. Í því eru ýmsar af heldri konum bæjarins. Félagið hélt kvöldskemtun á miðvikudaginn var og seldi inngang, lék (á dönsku) smáleik einn og sýndi lifandi hópmyndir (tableau), þar á meðal skopmynd af hjáleigusýningunni. Engir komu fram á leiksviðið nema félagskonur. Skemtun var hin bezta.

***Stofnun Barnaspítalans***

Árið 1940 greindi frétt Morgunblaðsins frá því að nýverið hefði Kvenfélagið Hringurinn gefið ríkissjóði hælið, að ósk þess síðarnefnda – og fylgdu því allir innanstokksmunir. Var hælið nýtt sem holdsveikispítali og hæli vanvita samkvæmt fréttum Morgunblaðs áttunda áratugarins, en búið Kópavog rak Hringurinn áfram þar til vorið 1948 þegar ríkið keypti það.

Þáttaskil urðu um þetta leyti í starfsemi félagsins sem nú gerði það að markmiði sínu að safna fjármunum svo hægt væri að reisa barnaspítala. Ákveðið var þó að halda enn hluta fjármagns sem til safnaðist og veita í þágu berklaveikra, en ríkust var þörfin í þágu barnanna.

Seigla og kapp einkenndi næstu ár þessara mætu kvenna sem hófu þegar í stað viðræður við landlækni og heilbrigðismálaráðherra um möguleika á stofnun barnaspítala. Lítið varð úr þeim viðræðum að sinni, en nokkrum árum síðar, árið 1951, tóku kvenfélagskonur upp þráðinn og buðust til að leggja fram þann sjóð er þeim hafði safnast, svokallaðan Barnaspítalasjóð, í fyrirhugaða stækkun Landspítalans – með þágu barna fyrir augum. Varð svo úr að fyrst um sinn voru Barnaspítala ráðstafaðar tvær deildir og gaf Kvenfélagið Hringurinn einnig allan útbúnað sem til þurfti þar innan, til viðbótar við þær 7 milljónir sem áður höfðu veist spítalanum.

Barnaspítali Hringsins var svo tekinn í notkun sem sér álma árið 1965 og hefur kvenfélagið keypt þangað allan búnað síðan, auk þess að taka að sér að leggja til innanstokksmuni og allan annan nauðsynlegan búnað þegar geðdeild barna og unglinga opnaði fimm árum síðar sem göngudeild á Dalbraut. Kvenfélagið hefur einnig veitt fjármunum sínum til samfélags Sólheima í Grímsnesi, skóla blindra og sjónskertra, til Reykjadals, á gjörgæslu- og nýburadeildir Landspítalans, til Krabbameinsfélagsins, til námsstyrkja hjúkrunarfólks og áfram mætti lengi telja.



Allur ágóði við sölu hálsmens eftir skartgripahönnuðinn Hildi Hafstein rennur óskiptur í Barnaspítalasjóð Hringsins. Það fæst m.a. í Epal og á vefsíðu Hringsins.

Árið 2002 færðu Hringskonur Barnaspítalanum 200 milljónir króna til kaupa á búnaði og byggingar nýs húsnæðis sem vígt var ári síðar, á 99 ára afmæli kvenfélagsins við hátíðlega athöfn. Öll starfsemin, bráðamóttaka barna, barnadeildir í Fossvogi og á Landspítalanum, vökudeildin, göngudeild, dagdeild og önnur starfsemi voru loks flutt í nýja húsið þann 3. apríl 2003.

Í dag eru í Kvenfélagi Hringsins vel á fjórða hundrað konur sem standa keikar við fjáröflun enda verkefnin ærin og starfið ósérhlíft á hæsta máta.

***Nýjar fjáraflanir Hringsins***

Aðspurð segir Anna Björk Eðvarðsdóttir, núverandi formaður Hringsins, fjáraflanir þeirra Hringskvenna í nokkuð föstum skorðum og oftar en ekki tengdar jólunum, eins og margir vita. Þar megi telja jólabasarinn, jólakaffið og happdrættið í Hörpu sem fer fram árlega, en einnig selji þær jólakort, sem er mismunandi ár hvert.

„Svo má ekki gleyma Veitingastofunni í anddyri Barnaspítala Hringsins, sem við rekum," segir Anna Björk brosandi. „Við erum annars alltaf að leita nýrra tækifæra til að safna í Barnaspítalasjóð. T.d. hannaði Hildur Hafstein afar fallegt hálsmen fyrir okkur, bæði úr gulli og silfri, sem hefur slegið í gegn og einnig létum við hanna jólanælu, sem er alltaf vinsæl.

Hún bætir við að þær verði með sölubás á Landsmóti hestamanna, nú í annað skiptið. Selji þar handverk Hringskvenna, aðallega úr íslenskum lopa – peysur, sokka og þess háttar. „Okkur var svo vel tekið á Hellu árið 2022 að það var engin spurning að vera með aftur í ár og við erum mjög spenntar að hitta Landsmótsgesti nú í júlí. Síðan þegar líður á sumarið, einbeitum við okkur að Reykjavíkurmaraþoninu, en við höfum átt marga góða hlaupara, sem hafa safnað frábærlega vel í Barnaspítalasjóð," segir Anna og bætir við að þær séu afar þakklátar fyrir velvilja almennings í garð starfsins og hvað þeim er alls staðar vel tekið.



Hér má sjá brot af því sem fæst á jólabasar Hringsins á hverju ári.



# Vættafundur á Eyjabökkum



Oddbjörg Sigfúsdóttir.

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Oddbjörgu Sigfúsdóttur.**

Oddbjörg fæddist árið 1944 og lést 2015. Hún var dóttir hjónanna Sigfúsar Guttormssonar og Sólrúnar Eiríksdóttur á Krossi í Fellum þar sem hún ólst upp. Hún var fyrst bóndi í Skógargerði en síðar á Arnórsstöðum á Jökuldal og bjó svo í Fellabæ síðari árin. Hún samdi lög, kvæði og sögur, spilaði á hljóðfæri, málaði, teiknaði og prjónaði af list. Dulræn málefni voru henni alla tíð hugleikin, hún þótti hafa hæfileika sem sjáandi og hjálpaði mörgu fólki sem leitaði til hennar.

Árið 1999 skrifaði hún bókina Vættafundur á Eyjabökkum og teiknaði og málaði myndir í bókina. Var tilefnið fyrirhugaðar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. /sá

*„Því hefur lengi verið trúað að Ísland sé fjölbyggt landvættum, og að svo hafi verið frá örófi alda. Í elstu lögum Íslendinga er að finna ákvæði er lúta að umgengni við þessa vættaþjóð. Vættirnir halda verndarhendi yfir ákveðnum stöðum og svæðum, eða landinu öllu – allt eftir stöðu sinni – og flestum er þeim meinilla við alla röskun á náttúrunni. Í bókinni kemur fram að vættirnir hafa áhyggjur af gangi mála á Austurlandi [1999], og efna því til fundar á Eyjabökkum. Þar er samþykkt að koma mikilvægum skilaboðum til mannfólksins, og fær Skógardísin það hlutverk. ...“*

*Helgi Hallgrímsson, kynning á bókarkápu.*

### *Fundurinn á Eyjabökkum*

*„... Álfakóngurinn kveikti á töfrasprotanum og setti formlega fundinn. Hann bauð alla velkomna, bæði stóra og smáa, og lýsti ánægju sinni yfir því hvað fundarsókn væri góð. Hann kvaðst bera fullt traust til þegna sinna og þakkaði þeim fyrir hversu friðsamlegir þeir hefðu oftast verið. Það væri grundvallaratriði til farsællar lausnar allra mála. Svo hóf hann upp raust sína og spurði: „Eru hér allir sammála um að vernda náttúruna fyrir skaðlegum breytingum mannanna?“ „Já, já“ heyrðist úr öllum áttum, og Eyjabakkar iðuðu af óteljandi áköfum náttúruvættum. Kóngurinn lyfti töfrasprotanum og sagði virðulega: „Þær náttúruverur sem eiga heima á Eyjabökkum, fá hér með leyfi til að gera sig sýnilegar mönnum, stutta stund í einu.“ „Húrra,“ hrópuðu margir en sumir glottu einkennilega og tautuðu um að þá skildu menn fá að sjá að þeir væru til.*

*Kóngurinn varaði alla við að hræða fólk að gamni sínu, þá yrðu þeir sviptir leyfinu. Gamall draugur úr sæluhúsinu við Jökulsá á Fjöllum, kallaði yfir alla: „Ég bíð eftir ferðamönnum, því hjá mér fá þeir ógleymanlegar móttökur.“ Kóngurinn ansaði þessu snúðugt: „Þú ættir þá að hætta að hræða alla sem koma, engum líkar vel að fá ekki svefnfrið.“ „Ég vil bara að fólk viti af því að ég er til,“ svaraði draugurinn afundinn.*

*Úr gljúfrum Jökuslár á Dal við Kárahnjúka kom flokkur vætta. Jötunninn Dúndri úr Dimmugljúfrum hafði orð fyrir þeim og þrumaði svo hátt að fjöllin bergmáluðu því á milli sín:*

*„Vér mótmælum öll þjófnaði á Jöklu. Það mun raska ró okkar, því hún stýrir draumum vorum og er sú hljómkviða sem heldur oss hugföngnum í heimi andans. Ef Jökla þagnar, vöknum vér til mannheims og þá þurfum vér mikið að éta. Mennirnir verða fyrir því, og munu þeir eigi virkja framar eða hugsa um stóriðju, heldur hverfa aftur inn í andaheiminn, með okkar aðstoð. Ætli þeir séu tilbúnir að skipta við okkur?“ drundi jötunninn.*

*Kóngur taldi ekki líklegt að menn legðu trúnað á þennan málflutning. Þetta gæti farið, eins og stundum áður, að mennirnir gerðu mistök, vegna vanþekkingar sinnar á lögmálum náttúrunnar. ...“*

*Vættafundur á Eyjabökkum, bls. 24-26,*
*Oddbjörg Sigfúsdóttir, 1999.*



















Vélabásinn:

# Fríður og vandaður vinnuhestur

## – Prufuakstur á Massey Ferguson 5S 135



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is


Massey Ferguson 5S 135 er nútímaleg en með öfluga skírskotun í arfleifð framleiðandans. Þetta er millistór vél sem ætti að höfða til flestra bænda.
Myndir / ál

**Bændablaðið fékk til prufu miðlungsstóra Massey Ferguson dráttarvél sem ætti að geta sinnt öllum verkum á hefðbundnum fjölskyldubúum.**

Auðvelt er að halda því fram að þetta sé einn fallegasti traktorinn á markaðnum í dag. Að utan virðist ekkert vera gert í fljótfærni eða til að nýta einhverja parta sem eru ódýrir, heldur hafa hönnuðirnir náð að gæta góðs samræmis.

Þrátt fyrir að Massey Ferguson 5S sé með öflugar skírskotanir í útlit véla fyrri áratuga, er ekki hægt að halda því fram að hér sé um að ræða gamaldags eða retro traktor. Talan 135 mun vera skírskotun í Massey Ferguson vélar með því nafni sem voru geysivinsælar heimilisvélar forðum daga.

### *Aðgengi til fyrirmyndar*

Neðan við ökumannshúsið taka á móti notandanum merkilega aflíðandi tröppur. Hlutfallið milli framstigs og uppstigs er hagfellt stirðustu bændum, en ólíkt flestum traktorum er hægt að koma sér niður á jörðina án þess að bakka

Að innan er húsið vandað og virðist útfærslan á flestu vera úthugsuð. Mikill sveigjanleiki er í stillingum á stýrinu og sætinu og því auðvelt að koma sér vel fyrir.

Framan við hægri armhvíluna, sem er með mjúku fóðri, eru tveir stórir stjórnpinnar sem falla vel í hendi og eru öll önnur stjórntæki og hnappar í seilingarfjarlægð. Pinninn hægra megin er til að stjórna ámoksturstækjunum og er hann með nokkra flýtihnappa, eins og fyrir vendigírinn og til að velja akstursstefnu.

Stjórnpinninn vinstra megin er notaður í flesta vinnu sem viðkemur ekki ámoksturstækjunum. Þar er fjöldinn allur af gagnlegum flýtihnöppum, eins og fyrir vendigírinn og gírkassa.

### *Lítill en nytsamlegur skjár*

Þessi tiltekna vél kom ekki með stóra tölvuskjánum, sem er aukahlutur sem er auðvelt að bæta í eftir á. Í mælaborðinu er hins vegar lítill skjár sem lætur ekki mikið yfir sér í fyrstu, en notandinn áttar sig fljótlega á að þar er valmyndin afar lógísk.


Grái og rauði liturinn hafa verið ein af helstu einkennum Massey Ferguson frá ómunatíð.


Ökumannshúsið er úthugsað og úr vönduðum efnum.

Hægt er að velja hver er upphafsgírinn þegar tekið er af stað, bæði fram og aftur, og er hægt að vista tvo prófíla ef notandinn vill skipta ört á milli stillinga sem eru annars vegar notaðar í fínvinnu og hins vegar í grófvinnu.

Þegar horft er fram fyrir vélina úr ökumannshúsinu sést (eða sést ekki) ein af sterkustu hliðum þessarar vélar – það er hversu óhindrað útsýnið er. Hallinn á húddinu virðist til að mynda vera algjörlega úthugsaður, en yfirborð þess er samsíða sjónlínunni. Á móti kemur að vélarhlífin er nokkuð breið, sem kemur samt sem áður ekki í veg fyrir að auðvelt er að sjá hvað er í gangi þegar unnin er fínvinna með ámoksturstækin í lágri stöðu. Meira að segja skrifstofublókin sem þetta skrifar var ekki í neinum vanda með að skipta um aukahluti framan á tækjunum.

Þá er ekki síður óhindruð sjónlína aftur og niður fyrir vélina og áreynslulaust að beita útskjótanlega dráttarkróknum. Við það bætist að ökumaðurinn getur snúið sætinu aðeins til þess að þurfa ekki að vinda eins mikið upp á sig. Öllum tökkum til að stjórna þrítengibeislinu og dráttarkróknum hefur verið haganlega komið fyrir svo hægt sé að beita þeim þrátt fyrir að vera snúinn.

### *Stórir speglar*

Beggja vegna við ökumannshúsið eru stórir speglar sem eru ekki rafmagnsstýrðir. Hægt er að beina neðri speglunum þannig að vel sjáist til hliðanna á vélinni, sem auðveldar ökumanninum til að mynda að átta sig á hvar vegkanturinn og miðlínan á þjóðveginum eru.

Til að halda verðinu niðri var dráttarvélin í þessum prufuakstri ekki útbúin fjaðrandi framhásingu. Þar af leiðandi er þessi traktor ekki sá mýksti úti á þjóðvegi eða þegar brunað er yfir óslétt tún. Hann er blessunarlega með loftpúðasæti sem fjaðrar upp og niður og fram og til baka og nær því að einangra ökumanninn frá mestu hreyfingunum að því gefnu að það sé rétt stillt. Húsið er fjaðrandi og prýðilega hljóðeinangrað.


Aðgengið upp aflíðandi tröppurnar er til sóma.

Snúningsradíusinn er býsna þéttur. Því má að hluta til þakka að gálginn fyrir ámoksturstækin er hannaður þannig að dekkin geta tekið afar krappa beygju og hann þvælist ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum frá umboðinu á þetta að vera liprasta dráttarvélin í þessum stærðarflokki.

Þessi vél var útbúin Dyna 4 kúplingsfría gírkassanum, sem á að vera áreiðanlegur og skila aflinu vel. Sá sem þetta ritar átti hins vegar erfitt með að lágmarka rykkina þegar skipt var á milli gírþrepa. Sennileg skýring er sú að gírkassinn náði ekki fullum hita og var vélin í þessum prufuakstri splunkuný og því ekki tilkeyrð.

### *Að lokum*

Helstu mál Massey Ferguson 5S 135 eru í metrum: Hæð, 2,90; breidd, 2,34; og lengd 4,33. Án aukabúnaðar er hún 5.300 kílógrömm. Vélin er 4 strokka, 4,4 lítrar og 135 hestöfl. Án allra aukabúnaða kostar Massey Ferguson 5S línan frá 11.970.532 krónum án vsk. Vélin í þessum prufuakstri var meðal annars útbúin ámoksturstækjum og öðrum aukahlutum og kostar 14.990.000 án vsk.

Auðvelt er að skilja af hverju þessar dráttarvélar hafa selst vel á Íslandi undanfarin ár. Þær geta sinnt flestum verkum sem þarf að sinna á meðalstóru búi, eru forkunnarfagrar og með vandaða innréttingu. Nánari upplýsingar fást hjá Búvélum, söluaðila Massey Ferguson á Íslandi.






Þau Eyjólfur og Lóa hafa á undanförnum tveimur árum verið að færa sig yfir í grænmetisræktun og skógrækt samhliða fjárbúskapnum. Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

# Góð samvinna gulls ígildi

**Þau Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir tóku við búinu Ásgarði í Hvammssveit árið 2017 en Eyjólfur er uppalinn í Ásgarði og hefur verið viðriðinn búskapinn frá því hann var barn. Eyjólfur er 8. kynslóð sömu ættar sem býr á jörðinni frá árinu 1810. Lóa er alin upp á Erpsstöðum í Miðdölum og þegar þau fóru að skjóta sig saman var það alltaf stefnan að fara í búskap saman.**

**Býli, staðsetning og stærð jarðar?** Ásgarður í Hvammssveit (táin á stígvélinu). Jörðin er um 2500 ha, mest fjalllendi en ræktað land er 44 ha.

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýra)?** Við erum sjö manns sem búum hér og hundurinn Gosi. Eyjólfur og Lóa ásamt dætrum, Eydís Helga (6 ára), Erna Diljá (5 ára) og Salbjörg Magna (7 mánaða). Foreldrar Eyjólfs búa í „ömmu og afa" húsi á jörðinni.

**Gerð bús og fjöldi búfjár?** Við erum fyrst og fremst með sauðfjárbú með tæplega 400 kindur á fóðrun. Síðan erum við dugleg að fá hugmyndir og prufa alls konar með. Árið 2021 gerðum við samning um skógrækt og höfum verið að planta trjám núna á hverju ári, mismikið milli ára. 2022 prufuðum við útiræktun á grænmeti og höfum verið að bæta í núna á hverju ári, bæði tegundir og magn. Keyptum okkur útplöntunarvél í vor og stefnan er að auka framleiðsluna. Á bænum eru síðan nokkrar hænur og 20 hestar.

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** Hér hefur alltaf verið sauðfé auk þess sem Eyjólfur er líka forfallinn sauðfjárræktarmaður og var líklega kind í fyrra lífi! Hann man ættir kindanna margar kynslóðir aftur. Við veljum okkur að búa hér og vera með þessar búgreinar því okkur líkar það. En við ætlum líka að sníða stakk eftir vexti og aðlaga búskapinn að okkur og fjölskyldunni. Lóa vinnur í Auðarskóla í Búðardal og Eyjólfur hjá RML. Við sinnum bæði vinnu utan bús og því þurfa öll tannhjól að vinna saman svo allt gangi vel.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hefðbundinn vinnudagur er breytilegur eftir árstíma eins og hjá flestum bændum. Þannig hefðbundinn vinnudagur tekur svolítið mið af því sem er efst á baugi á hverri árstíð samhliða störfum utan bús. En dagarnir geta sumir hverjir orðið langir.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Ætli það sé ekki bara það sama og hjá öllum öðrum – skemmtilegt þegar vel gengur og eins þegar öll fjölskyldan er saman að störfum. Aftur á móti er leiðinlegt þegar illa gengur, tæki bila og ekki hægt að gera það sem átti að gera á því augnabliki. En við erum ólík þannig að það sem Eyjólfi finnst leiðinlegt finnst Lóu skemmtilegt, s.s. grjóttínsla. Eyjólfur er aftur á móti á heimavelli að spá í gripi og búrekstrartengda þætti sem Lóu finnst minna skemmtilegt. En þannig vinnast líka verkin vel þegar hægt er að vera í sitthvoru verkefninu og afkasta að við teljum bara ágætlega.



Fjölskyldan á góðri stund. Á myndina vantar yngsta krílið, hana Salbjörgu Mögnu. Mynd / Steinunn Þorvaldsdóttir

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Það er gaman að búa í sveit og vera í tengslum við náttúruna alla daga ársins – það er líka gaman að sjá börnin sín vaxa og dafna í því frelsi sem búseta í dreifbýli býður upp á. Eins er gaman að sjá árangur erfiðis raungerast þegar við prófuðum útiræktun í fyrsta skipti. Þannig má sjá með eigin augum að maður uppsker eins og maður sáir.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Það eru alltaf einhver áskoranir eins og í öllu lífinu bara, við getum víst ekki stjórnað öllu og stundum eru það einhverjir ytri þættir eins og veðurfar og stýrivextir sem hafa áhrif á búskapinn. Einnig er tíminn mikil áskorun þar sem það eru fjölmörg verkefni sem þarf að vinna og önnur sem okkur langar að vinna. En klukkustundirnar eru víst aðeins 24 í hverjum sólarhring.

**Hvernig væri hægt er gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Það eru fjölmörg tækifæri sem gætu gert búskapinn hagkvæmari – t.d. með aukinni framleiðslu. En mottóið okkar er að reyna að hafa störfin skemmtileg og viðráðanleg í stað þess að verkin verði kvöð og óyfirstígableg í framkvæmd.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Það eru ótal tækifæri í íslenskum landbúnaði og margt sem við getum gert vel hér á landi. Forsenda þess að það raungerist er að tekjugrunnur landbúnaðar sé réttur og rekstrarhæfi til lengri tíma tryggt. Við teljum að það verði aukning í framleiðslu á grænmeti á Íslandi og mögulega hægt að tryggja íslenskt grænmeti í búðum allt árið.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það er þetta með „gullfiskaminnið" – þau eru alveg nokkur eftirminnilegu atvikin og þykir okkur vænst um samverustundirnar með fjölskyldum og vinum þegar þau koma og aðstoða á háannatímum. Við höfum haft nokkra erlenda verknámsnema síðustu ár. Það er mjög eftirminnilegt þegar einn þeirra í smalamennsku stökk á eftir kind út í á því hún átti ekki að sleppa og varð gegnvotur. Daginn eftir skildi hann ekkert í því af hverju gutlaði í stígvélunum hans.

**Bændurnir í Ásgarði taka yfir Instagram Bændablaðsins næstu tvær vikurnar.**



Það er í ýmsu að snúast á Ásgarði og næsta víst að systurnar Eydís Helga og Erna Diljá verða aldrei verkefnalausar. Á bænum er ræktað blómkál, spergilkál, hvítkál og gulrófur sem seld eru beint frá býli.


Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

**Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg




**Lögfræðiþjónustan ehf., áður Eco&LawConsult ehf., er flutt að Hallgerðargötu 13, 3ju hæð, 105 Reykjavík**

Veitum einstaklingum og fyrirtækjum alhliða lögfræðiþjónustu. Einnig á Vestfjörðum og Suðurlandi. Fyrsti tími að kostnaðarlausu.

Barnaverndarmál, forsjármál, hjónaskilnaðarmál, sambúðarslit, kaupmálar, erfðaskrár, seta í óskiptu búi og erfðaskrár. Skaðabótaréttur og réttarstaða ýmissa aðila vegna fiskeldis. Stofnun og slit fyrirtækja.

**Tímapantanir nauðsynlegar í síma 777-5729** eða á netfangi: thuridurhalldorsdottir@gmail.com

**Þuríður Kristín Halldórsdóttir
Lögmaður**



Matarkrókurinn:

# Stórkarlasteik

**Haraldur Jónasson**
haradlur@gmail.com





Grilluð indíánaaxar-steik með grilluðum kartöflum, grilluðum maís og grilluðu spergilkáli. Myndir / Hari



Tomahawk-steik á grilli.



Steik og kol á gasgrilli.

**Nú fara jafnvel eldavélafælnustu karlpungar landsins að taka sér stöðu við grillið. Pullur, hamborgarar, svínalund í legi, svo ekki sé talað um ofurkryddaðar lærisneiðar – munu rata yfir gasloga eða rjúkandi heita kolamola.**

En stundum, kannski einu sinni yfir hið ótrúlega stutta sumar okkar, dregst grillarinn inn í þyngdarafl stórsteikurinnar. Þá er jafngott og annað að velja Tomahawk-steik.

Tomahawk-steik, sem hægt væri að kalla indíánaöxi á okkar ylhýra ef það telst pólitískt rétt, fær nafnið sitt frá útlitinu. Þetta er sum sé nautarifjarauga með áföstu rifbeini. Lítur svolítið út eins og fyrrgreint frumbyggjavopn. Rifið – beinið – hefur svo til engan tilgang annan en að það er gríðarlega töff að grilla steik með risastóru áföstu beini. Líka fallegt á diski reyndar.

### *Kjötbragð er gott*

Indíánaaxar-steik er stór kjötbiti og eins og venjulegt rifjarauga eða ribeye er talsvert um fitu og tengivef í kjötbitanum. Það þarf því að hantera hann þannig að fitan nái aðeins að bráðna og tengivefurinn trosni aðeins. Hvort tveggja næst með því að elda stykkið á frekar lágum hita í svolítinn tíma. 40 mínútur – klukkutími ætti að duga við hita á bilinu 130–160 gráður.

Fyrst þarf að þerra allan vökva af steikinni og salta vel. Salta meira en minna. Þetta er vonandi stórt kjötstykki. Láta kjötið ná sirka stofuhita áður en það fer á grillið. Tekur sirka klukkutíma.

Akkúrat nægur tími fyrir saltið að komast aðeins undir yfirborðið.

Þetta er dýr steik og því mjög ákjósanlegt að hafa mikið kjötbragð af steikinni þannig að salt og pipar er eina kryddið sem þarf en auðvitað smekksmál og undir grillaranum komið hvað fer á steikina. En piparinn og mögulega fleiri kryddtegundir fara ekki á fyrr en undir lokin.

### *Grillblendingur*

Án þess að hafa gert á því vísindalega talningu get ég mér til að flestir grillarar landsins brúki gasgrill hvunndags. Það er ljómandi fínt, sér í lagi þegar verið er að grilla lítil stykki beint yfir eldinum. En þegar verið er að grilla stærri steikur við óbeinan eld þarf að gera eitthvað til að skapa smá reyk í gasgrillinu.

Það er hægt á margan hátt; það eru til box fyrir spæni og hægt að brúka harðviðarkubba. En þar sem ekki er ætlunin að reykja kjötið í langan tíma er einfaldlega hægt að hita nokkur kol og setja í stóran álbakka. Stilla grillið fyrir óbeinan hita, þannig að kjötbitinn sé þeim megin sem enginn er eldurinn og setja svo heit, reykjandi kolin eldmegin á grillið.

Passa að kolin séu heit og hafa því áhrif á hitann í grillinu. Elda með lokið á og passa að hitinn fari ekki mikið yfir 150 gráður.

### *Lokahnykkurinn*

Gott að snúa steikinni einu sinni í hægelduninni. Tekur þykkan kjöbita sirka 45 mínútur að ná 50 gráðum í kjarnhita við svona miðlungs hita. Best að giska samt ekkert á hitastigið á stórsteikum og brúka hitamæli. Þegar steikin nær réttum hita í koluðum reyknum er komið að því að grilla. Það er, elda beint yfir eldinum.

Gott að smyrja örlítið af hlutlausri olíu á steikina og pipra vel með nýmuldum pipar. Steikin tekur lengi við og því gott að nota meiri pipar en minni. Hita grillið í botn og elda stykkið þannig að á því myndist falleg skorpa. Passa samt að ekkert brenni. Því gott að snúa oft og muna að flippa ekki bara heldur snúa steikinni þannig að grillrendurnar snerti sem mest af steikinni.

Þegar skorpan er orðin þroskuð og steikin komin í æskilegan kjarnhita, 55–60 gráður eða svo, þarf að hvíla hana vel. Að minnsta kosti í korter. Gott að strá góðu salti yfir steikina og jafnvel smjörklípu. Skera svo niður í strimla. Bera fram með einföldu meðlæti og tæknilega þarf enga sósu, þetta er djúsí stöff.

Stór Tomahawk steik er nægur matur fyrir þrjá til fjóra matmagra – eða einn stóran strák.

# KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## Eitruð útspil rústuðu geimum og slemmum

**Þú átt einn hund í spaða, tíuna þriðju í hjarta, ás, gosa fjórðu í tígli og ásinn fimmta í laufi.**


Björn Þorláksson.

Þú þarft að spila út í vörn gegn fjórum spöðum.

Þú situr í vestur og veist að suður á 10-12 punkta jafnskipt eftir opnun hans á veiku grandi. Norður yfirfærði í spaða og stökk svo í 3 grönd sem suður breytti í 4 spaða.

Hverju viltu spila út?

Rifjum aftur upp spilin þín: x-Txx, ÁGxx-Áxxxx

Spilið kom upp í Sumarbridge fyrir skemmstu í Síðumúlanum og þannig voru hendurnar:

**Norður**
♠ AKJ53
♥ QJ
♦ 93
♣ K976

**Vestur**
♠ 6
♥ 1097
♦ AJ42
♣ A8542

**Austur**
♠ Q1087
♥ 8542
♦ K87
♣ Q3

**Suður**
♠ 942
♥ AK63
♦ Q1065
♣ J10


Eyþór Stefánsson tv. og Guðjón Sigurjónsson.

Við sem sjáum allar hendur vitum að spaðinn liggur svo illa fyrir suðri að fjórir spaðar hljóta að fara niður þótt reyndar væru þeir gefnir á einu borði. Algeng niðurstaða var að sagnhafi fengi 8 slagi og vörnin fimm.

En við borð umsjónarmanns fékk sagnhafi bara 7 slagi í geiminu. Hvernig atvikaðist það?

Vestur, Guðjón Sigurjónsson, átti allan heiðar af því. Hann var svo sannarlega á skotskónum þegar hann valdi leiftursnöggt að spila út undan laufásnum. Eftir það hlaut sagnhafi að gefa tvo slagi á tromp, tvo á tígul og tvo á lauf, því engum dettur í hug að rjúka upp með kónginn í fyrsta slag. Hreinn toppur fyrir Guðjón.

„Jú, sjáðu, ég vissi að ég þyrfti að reyna að þyrla upp ryki,“ sagði Guðjón og sér vart enn milli veggja í Síðumúlanum eftir bólstrana alla sem hann skildi eftir sig ...

Ég man aldrei eftir að hafa tekið upp ellefu spil í sömu sort í bridds. En svoleiðis skiptingarundur átti sér stað austur á landi í bikarkeppni BSÍ þar sem sveit Grant Thornton tókst á við austfirska sveit.

Eyþór Stefánsson, einn Austfirðinganna sem spiluðu bikarleikinn, sá andstæðing á undan sér opna á einu laufi og tók upp spilin. Kóng og gosa í spaða og kóng og gosa elleftu í tígli!

Hann ákvað að melda strax fimm tígla en fékk ekki að spila þá þar sem andstæðingur á undan honnum meldaði sex lauf. Þá hækkaði Eyþór í 6 tígla sem voru doblaðir og út kom lítill spaði.

Hönd makkers Eyþórs var ekkert slor og viðurkennir hann í samtali við umsjónarmann briddsdálksins að hann hafi heldur betur kæst þegar upp kom í blindum: ÁDx, KDxxxx, eyða og ÁDxx.

Fátt gat komið í veg fyrir 12 slagi nema einu tromp andstöðunnar væru á sömu hendi. Svo var ekki en samt stóð samningurinn ekki. Hvernig gat það gerst?

Spaðaútspilið var trompað með blankri tíguldrottningu!

Það var Gunnar Björn Helgason, sem var, líkt og Guðjón í spilinu á undan, alveg funheitur í útspilsputtanum enda sjá lesendur að slemman vinnst með öllum öðrum útspilum.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

## Drottingarfórn fyrir mát ... aftur

**Jón Aðalsteinn Hermannsson frá Lyngbrekku í Reykjadal tefldi skák fyrir 10 árum síðan á Íslandsmóti skákfélaga fyrir Skákfélagið Goðann, þar sem hann bauð andstæðingi sínum úr Fjölni drottninguna sína á silfurfati.**

Andstæðingur Jóns þáði hana og þar með átti Jón þvingað mát í tveim leikjum, sem hann nýtti sér. Andstæðingur Jóns hefði sennilega ekki sloppið við mát ef hann hefði sleppt því að taka drottninguna, sem kom til greina.


Svartur á leik. 34.…De1+! 35. Hxe1 - Hxe1+ 36. Kh2 - Hh1 mát.



Jón Aðalsteinn Hermannsson (fyrir miðju) varð Héraðsmeistari HSÞ í skák árið 2014.


Hermann Aðalsteinsson.

Hann hefði sennilega tapað skákinni nokkrum leikjum síðar að því gefnu að svartur hefði alltaf valið réttu leikina. Biskup svarts, sem er reyndar staðsettur á óvenjulegum stað fyrir biskup (a8), gegnir hér lykilhlutverki í stöðunni fyrir svartan.

Síðasti leikur hvíts (Rg6) setur gaffal á hrók og drottingu svarts og í fljótu bragði virðist staðan unnin á hvítt en svo var ekki. Jón fann réttu leiðina og knúði fram mát í 35 leik.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*
*lyngbrekku@simnet.is*



Erfinginn:

## Bóndi framtíðar

**Hann Eiður er hress og kátur fimm ára strákur sem veit ekkert betra en að brasa í vélum og við bústörfin.**

**Nafn:** Eiður Örn Hansson.

**Aldur:** 5 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta**: Hvolsvelli.

**Skóli:** Leikskólinn Aldan.

**Skemmtilegast í skólanum:** Að fara í bóndaleik.

**Áhugamál:** Brasa í hesthúsinu og á vélum.

**Tómstundaiðkun:** Hestbak og fjórhjólið.

**Uppáhaldsdýrið**: Loðfíllinn hans Jóns (loðinn hestur).

**Uppáhaldsmatur:** Eggjabrauð.

**Uppáhaldslag:** Vinn við það með Árna Páli og Bíómynd (VÆB).

**Uppáhaldsmynd:** Ofurhvolparnir og Klaufabárðarnir.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Farið til útlanda.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Bóndamaður að vinna í Dufþekjunni (Dufþaksholt).

**Viltu taka þátt? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 1 | 8 | | 4 | |
| 3 | | | | 9 | 6 | 1 | | 8 |
| 8 | 6 | | 2 | | | | 9 | 5 |
| 5 | | | 3 | 2 | | | | 4 |
| | 2 | 6 | | | 9 | 3 | 8 | |
| 9 | 4 | 3 | | | | 5 | | 2 |
| | | | 1 | | | 4 | 5 | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | 2 | | | |
| 6 | | 7 | | | | | | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | | | 5 | | | 1 | |
| | | | 7 | | | 3 | | |
| 7 | | | 3 | 1 | 4 | | | |
| | | 4 | | | | 9 | 5 | 8 |
| | | | 4 | | | 6 | | |
| | | | 5 | 9 | 7 | | | 4 |
| 3 | | | 6 | | | | | |
| | | 8 | | | | | | 6 |
| 6 | | 1 | | | | | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | 1 | | | |
| | | 1 | | | | 6 | | |
| 8 | 4 | | 9 | | | 7 | | 5 |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| 6 | | | | | 7 | | 9 | 2 |
| | 5 | | | | 8 | | | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| | | 6 | | | | | | 3 |
| 4 | 1 | | | | | | | 8 |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 2 | 6 |
| | | | | | 9 | 3 | | |
| 6 | 7 | 2 | | | | | | 5 |
| | | | | 8 | | 4 | | |
| | | | 4 | 9 | | | | |
| 8 | 9 | | 5 | 1 | | | | |
| | 1 | | | | | 5 | | |
| 7 | | | 2 | 3 | | 8 | | |
| | 8 | | | | | | 7 | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** veit vart í hvorn fótinn hann á að stíga þessa dagana. Lífið virðist leika við hann í hverju horni og hann sópar því til sín gleðilegum viðburðum eins og enginn sé morgundagurinn. Vatnsberinn ætti að njóta þessa tíma og jafnvel gera sitt besta til að leyfa þessu láni sínu að létta undir öðrum ef hægt er. Happatölur 4, 29, 82.

**Fiskurinn** hefur verið fremur þungbúinn undanfarið og skilur ekki hvers vegna hlutirnir ganga ekki upp eins og hann hafði séð fyrir sér. Það eina í stöðunni er að sýna auðmýkt og æðruleysi, eitthvað sem fisknum er ekki endilega tamt, en ætti að minna sig á að lífið hefur margar hliðar og engin ein sú rétta. Happatölur 24, 1, 9.

**Hrúturinn** er undir sömu þungu lægð og fiskurinn en hann hefur nefnilega verið að velta fyrir sér málum hjartans og hver staða hans sé á þeim vettvangi. Ágætt væri að fara yfir þau sambönd sem vegið hafa hvað mest í tilfinningalífi hans og greina hvað fór úrskeiðis – hvar rótin liggur að því sem illa fór. Happatölur 23, 9, 17.

**Nautinu** hefur aðeins aukist sjálfstraustið og ætti að vera duglegra að líta í kringum sig. Reyndar snúa stjörnurnar þannig að honum er heillavænlegast að móta skoðanir á því hvert hann vill stefna á næstu tveimur árum. Þá með tilliti til alls er viðkemur daglegu lífi en með áherslu á maka, búsetu eða stórar breytingar. Happatölur 24, 12, 77.

**Tvíburinn** hefur verið undir miklu álagi síðastliðnar vikur og þarf að muna að hvíld er góð og hugarró að sama skapi. Hann ætti að gæta þess hvað hann lætur út úr sér og enn fremur að fara ekki með fleipur. Vegna slíkra mistaka eða ákvarðana gæti tvíburinn mögulega þurft að éta ýmislegt ofan í sig. Happatölur 6, 34, 8.

**Krabbinn** ætti þessa mánuðina að leyfa ástinni að umlykja sig. Í formi fjölskyldu, vina eða jafnvel manneskju sem var honum hugleikin fyrir nokkru síðan. Það leynist oft glóð í gömlum glæðum og nú er tækifærið til að taka skref sem voru áður ekki tekin. Happatölur 20, 18, 43.

**Ljónið** íhugar nú gang lífsins eins og aldrei fyrr. Það hefur nýverið þurft að taka á honum stóra sínum er kemur að eigin heilsu. Veltir fyrir sér eins og oft áður hvort lífið sé nú ef til vill ákveðið fyrir fram eða hversvegna hlutirnir gerast þegar þeir gerast. Við þessu eru engin rétt svör, en ljónið má prísa sig sælt eins og staðan er í dag. Happatölur 7, 30, 51.

**Meyjan** er á þeytingsspretti í gegnum lífið. Allt í einu hafa opnast henni fleiri dyr en von var á en skyldi hafa í huga að allt sem að henni snýr er henni til heilla. Nú er ráð að viða að sér öllu því sem meyjuna vanhagar um, hvort sem er á sviði frama eða fagnaðar. Happatölur 11, 8, 66.

**Vogin** er fyllt óréttmætri reiði og básúnast yfir þeim harmleik þegar í raun er það alls ekki sannleikurinn. Vogin hefur nefnilega fallið í þá gryfju að hlýða á kveinstafi byggða á ósannindum og fleiprum og byggir á því reiði sína. Réttast væri að íhuga allar hliðar hvers máls.Happatölur 22, 80, 12.

**Sporðdrekinn** hefur legið í leti undanfarið og notið góðs af enda hefur hann alveg átt það skilið. Hann ætti þó að fara að hugsa sér til hreyfings og gera upp við sig ýmis mál sem hafa setið á hakanum. Þetta eru mun veigaminni ákvarðanir en hann telur, en þarf að útkljá fyrr en síðar. Happatölur 19, 44, 22.

**Bogmaðurinn** hefur verið slappur á sál og líkama í nokkra daga núna og ætti að hlúa vel að sér. Veikindi hafa verið að hrjá hann oftar þetta árið en áður og ekki væri því úr vegi að fá lækni til að taka stöðu mála. Lukkustjarna er þó yfir peningamálunum sem koma á óvart. Happatölur 28, 11, 89.

**Steingeitin** hefur ekki ró í sínum beinum þessa dagana. Málsháttur inn sér grefur gröf þótt grafi á hér ágætlega við enda hefur hún, sér að óvörum grafið aðeins undan sjálfri sér. Hitamál sem henni þótti hún eiga lítinn sem engan hlut í hefur nú snúist öðrum í vil. Happatölur 81, 15, 40.



**Himbrimi er nokkuð stór vatnafugl og er einn af einkennisfuglum íslenskra heiðavatna. Fullorðinn fugl getur verið allt að 3,5 kg. Hann er einn af tveimur tegundum brúsa sem verpa hér á Íslandi en frændi hans, lómurinn, er mun minni. Brúsar eru mjög fimir sundfuglar og miklir kafarar. Fæturnir eru mjög aftarlega á búknum sem gerir þá afar sérhæfða vatnafugla, geta kafað djúpt og langt eftir fiskum. Þetta gerir það að verkum að þeir eru eiginlega frekar vonlausir á landi og geta ekki gengið heldur ýta sér áfram á maganum. Þeir koma ekki á land nema til að verpa og verpa þá alveg við vatnsbakkann til að geta auðveldlega spyrnt sér út í vatnið aftur. Himbrimar eru líka nokkuð þungir til flugs, vængjatökin eru kraftmikil og háværi. Þegar þeir lenda þá lækka þeir flugið rösklega, lenda á maganum og renna sér eftir vatninu. Himbrimar eru nokkuð plássfrekir, þeir helga sér óðöl á varptímum og reka aðra himbrima í burtu. Nánast undantekningarlaust er bara pláss fyrir eitt par á minni vötnum og eingöngu á stærstu vötnum þar sem finna má fleiri en eitt verpandi par.**

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Sumarsveiflan 2024

**Áherslur tískunnar fara nokkuð vítt og breitt þetta árið en nú þegar er farið að líða á mitt sumar er ekki seinna vænna en að taka stöðuna.**

Hér eru nokkur dæmi sem gaman er að velta fyrir sér.

### *Fínlegt kögur*

Hönnuðir á borð við Bottega Veneta, Burberry, Gucci, Mugler og Tom Ford eru meðal þeirra sem hafa leikið sér með kögur nýverið, þá helst með ofurfína þræði. Um ræðir óumdeilanlega fágaðra kögur en oft áður, sem leikur frjálst um línur fatnaðarins, bærist við fald eða fellur með klæðinu sjálfu. Er kögrið oft litað að einhverju leyti og í bland við fínleika sinn beinir það auganu að lykilþáttum hverrar flíkur fyrir sig.

### *Mjúk og ljósleit föt fyrir bissness*

Hönnun svokallaðs skrifstofuklæðnaðar kom fólki á óvart á tískupöllunum, en má segja að þarna sé um nokkuð róttæka breytingu að ræða. Gerður úr mjúkum efnum, ljósleitur og stílhreinn fatnaður í formi íhaldssamra síðpilsa, blússa og dragta sem þættu viðeigandi á hvaða skrifstofu, þó vanalega í dekkri litum. Með þetta í huga gæti verið áhugavert að endurskoða litapallettu skrifstofuklæðnaðar og leyfa ljósari litum að njóta sín – a.m.k. í sumar.



Hælaskór Valentino og svokölluð stuðningstaska Bottega.

### *Fullskreytt minidress*

Minidress af öllum mögulegum tegundum hafa skotið upp kollinum þetta árið og helst fullskreytt með öllu. Pallíettur, glitsteinar og semelíusteinar tröllríða þarna öllu í bland við lögulega smákjóla frá hinum ýmsu tímabilum. Sjöundi áratugurinn helst í hendur við þann fimmta og útkoman verður lítið annað en stórkostleg. Glitrandi jafnt sem gróf tíska sem hentar við hvert tækifæri og þarfnast lítilla fylgihluta.

### *Lag á lag ofan*

Það hefur jafnan þótt klassísk skemmtun að blanda saman ýmiss konar fatnaði, helst í nokkrum lögum enda getur útkoman komið skemmtilega á óvart. Nú sáust á tískupöllunum peysur, pólóbolir og jakkar yfir minipils, þá tjullpils og jafnvel blöðrupils níunda áratugarins úr þunnu efni. Tilvalin blanda kven- og karllægra strauma ullar, bómullar og pilsaefna. Sumir völdu pallíettupils með múnderingunni en ekki er hægt að segja annað en að þarna geti allir fundið eitthvað úr fataskápunum heima sem má nýta.

### *Pönk-rókókó*

Blúndur, slaufur og fíneri í bland við svarta grófa fylgihluti, skótau og jafnvel varalit. Viðkvæmni í bland við hörku, eða fagurfræðileg lína daðurs og ögrunar. Tilvalið til að brjóta upp óspennandi daga.

### *Brynjuklæddar kempur*

Mörgum þykir miðaldatískan heillandi, þar sem hringabrynjur og brjóstplötur eru hafðar í hávegum, en bæði má finna fatnað í klassískum jarð- og málmlitum en einnig í skærari útgáfum. Þar má til dæmis nefna hönnun Tom Ford sem vakti mikla athygli á leikkonunni Zendaya fyrir stuttu. Virðist sem Zendaya sé allhrifin af slíkri hönnun en hún klæddist samfesting í sama stíl á kynningu kvikmyndarinnar Dune. Var sú flík úr ranni franska fatahönnuðarins Thierry Mugler sem gerði garðinn frægan um árið með ilmvatninu Angel.

### *Hælbandið góða*

Tíska aldamótanna virðist nú skjóta upp kollinum þar sem varnarlausir eiga síst von á en nú þykir afar móðins að klæðast támjóum hælaskóm með bandi. Hönnuðurinn Valentino bætti um betur og bætti svokölluðum „kittenheel“ við samsetninguna og þykir mörgum, um miðjan aldur, nóg um. (Kittenheel er semsé hvorki eins hár og fágaður og pinnahællinn en þó stöðugri.)

### *Tilfinningalegir stuðningspokar*

Fyrir þá sem þurfa tilfinningalegan stuðning er svokallaður „stuðningshlutur“ nokkuð sem fleiri nýta sér en ella. Ekki er víst hvort allir geri sér grein fyrir hvað um ræðir, enda er hann á ýmsa vegu. Sumir þurfa t.d. alltaf að hafa kaffibolla sér í hönd þegar farið er utan dyra, aðrir sérstaka tösku, bera á sig sérstaken ilm eða hafa dýr í taumi.



**Leikkonan Zendaya í hönnun Mugler.**

Með þetta í huga hafa hönnuðir ársins í ár lagt áherslu á töskur í yfirstærð sem helst er hægt að leggja yfir öxlina og geyma allt sem geyma þarf auk þess að veita eigandanum tilfinningalegt utanumhald.

### *Ískalt sumar*

Svolítið í stíl við mjúku pastellitina sem áður hafa verið nefndir koma einnig við sögu pastellitir málmleitra efna, ný litapalletta sem kemur hér inn eins og ferskur blær í sumar.

Loftkenndur léttleiki pastelsins í bland við vetrarkulda sendir ískalda tóna út í kosmósið, jökulblár, silfurgrár og jafnvel kaldur en skærbleikur rósalitur eiga allir upp á pallborðið hér.

### *Gyllt, þykkt og áberandi*

Eyrnalokkatískan heldur áfram að vera úr þykku og áberandi gulli, nú enn fremur en áður. Yves Saint Laurent og Schiaparelli kynna ýkta útgáfu eyrnalokka sem voru hvað vinsælastir í fyrra og má segja að þarna skipti stærðin öllu máli.

*/sp*

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni þar er ég mitt á meðal þeirra."
*Matt. 18.20*
biblian.is



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200






SsangYong Korando DLX,4x4,árgerð 2019, sjálfskiptur, ekinn 105.000 km. Verð kr. 2.390.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Girðingastaurar 4 mm. (galv.) 40 mm x 40 mm x 4 mm. L: 1.800 mm. Við erum að gera pöntun. Verðin verða mjög góð, takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Sumarbústaðurinn Sigurhæð. Til sölu snotur 36 fm sumarbústaður í mynni Svarfaðardals ásamt 15 fm gestahúsi og 6 fm geymsluskúrs. Er á eignalóð þar sem búið er að tengja heitt og kalt vatn auk rafmagns. Nánar á Fasteignasalan Kasa / Helgi. S. 461-2010.



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3,Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Óska eftir aðgengilegu húsi fyrir fatlaðan listamann bundinn við hjólastól. Brassi er víðfrægur munnmálari sem elskar íslensku náttúruna en hann er að vinna að verkefni sem snýst um að mála sveitina og landið. Tilboð um dvalarstaði og tengingar vel þegnar á netfangið: brandur82@gmail.com



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl. 13-16.30.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.









## Eignatorg kynnir: Lögbýlið Vaðlar Ísafjarðarbæ

***landnr. L141026.***

Um er að ræða vel uppbyggt kúabú í fullum rekstri. Mjög gott lausagöngufjós með allt að 61 legubási og mjaltaþjóni. Mjög snyrtilegt og skemmtilega skipulagt íbúðarhús. Eldra íbúðarhús sem býður upp á góða nýtingarmöguleika. Rafstöð sem mögulegt er að stækka. Unnið er að byggingu uppeldishúss. Ljósleiðari kominn inn og tengdur. 3ja fasa rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða. Mjög gott, lokað vatnsból.

**Greiðslumark er 286.958 lítrar í mjólk og 77,2 ærgildi í sauðfé.**

Til staðar er góður og öflugur tækjakostur sem fylgir með skv. tækjalista. Góð malarnáma er á jörðinni.

**Til greina kemur að selja jörðina án rekstrar.**

U.þ.b. 12 km. eru á Flateyri og u.þ.b. 20 km. á Ísafjörð þar sem er öll helsta verslun og þjónusta.

*Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is*

Eignatorg




**VIÐ HJÁ HEYNET BJÓÐUM Í KAFFI OG KRUÐERÍ**

**Landsmótsvikuna verðum við með langa opnun hjá okkur í litla búðarkrílinu okkar í FJÁRBORG sem er í nágrenni við Víðidalinn fagra, Surtlugötu 1 í Fjárborg (Trippadal)**

Hjá okkur er LANDSINS MESTA ÚRVAL AF **SKÓFATNAÐI FYRIR REIÐMENN OG ALMENNING**

Gæðanet og búnaður, sterkt og endingargott,

Við sérhæfum okkur í sérlausnum þá sér í lagi hvað varðar fóðrun en bjóða einnig upp á vörur sem hafa sérstöðu. Alltaf eitthvað nýtt að bætast við í  vöruúrvalið okkar.




**Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.**

**Úrvalið hefur aldrei verið meira.**




**Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.**
**Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.**

**Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.**

BRIMCO

**EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ**
**SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is**

SKRALLI@SKRALLI.IS

SKRALLI

Örvar S. Haraldsson
Sölustjóri



862 4046



## Komatsu HM300
Verð: 9.500.000 +vsk



## Komatsu WA500
Verð: 8.700.000 +vsk



## Komatsu PC350 LC
Verð: 8.900.000 +vsk



## Rúta með kaffistofu
Verð: 3.000.000 +vsk



## TREJON Vængjaskófla
5 rúmmetra
Verð: 1.960.000 +vsk



## Malbikssnigill
Verð: 900.000 +vsk



Sveigjanlegar sólarsellur 50w. - verð kr. 17.900. 100w. - verð kr. 29.900. 150w.- verð kr. 48.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavk. S. 888-1185 opið 15-17.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 -11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, ýmis tilboð í gangi. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmur við Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.




SISU plönturör í stærðum 43 - 53 - 61 - 73 mm. Slitsterkari, létt og örugg, með festingu fyrir auka handfang. Verð frá kr. 23.500 m/vsk. S. 793-0116.




Ziegler HT 293 diskasláttuvélar 290 cm aflþörf 55 - 70 hö. Frábær reynsla, einfaldar og ódýrar í rekstri, hraðfesting á hnífum, til á lager, hagstætt verð, kr. 1.078.800 m/vsk. S. 793-0116.




Borello heytætla HTS 720/6 lyftutengd, brotin saman með vökva, á breiðum hjólum, auðveld í flutningi á vegum. Nú á tilboðsverði kr. 1.760.800 m/vsk. S. 793-0116.



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is.



POLARISRZR XP TURBO EPS til sölu. Árg. 2018 ekin 2.028. Hálfrúða, spil, hlífðarpanna og hurðalokun. Uppl í s. 660-0374. Vsk. tæki sem er geymdur inni milli ferða.



Benz Sprinter 519 '14. Beinskiptur, 6 gíra 3,6 m langur pallur. Ekinn 220.000 km. 7 manna. Glussakrani 1,5 t. Verð kr. 4.490.000. Upplýsingar í s. 894-4628.



Scania kranabíll. Bíll í toppstandi, rýkur í gang og gengur vel, nýskoðaður, allt glussakerfi nýyfirfarið. Splunkuný framdekk, nýr alternator. Frábær bíll fyrir t.d. bygginga vinnu og vöruflutninga. Bíllinn er kominn í flokk fornbíla og því engin gjöld af honum. Verð 2.500.000 +vsk. Uppl. hjá Viggó s. 773-0418.



Kajakar, blautbúningar, kælibox og aukahlutir. Mikið úrval, sjón er sögu ríkari. Bakkatún 22, Akranes. S. 773-0262. Bluewaterkayaks@outlook.com



Til sölu, Tohatsu 30hp. utanborðsmótor, svo til nýr og ónotaður keyrður í 20 tíma. Verð kr. 320.000. Upplýsingar í s. 868-3340.



Benz Sprinter '14 519. Sjálfskiptur, 3,6 m langur pallur, yfirbyggður en auðvelt að fjarlægja yfirbygginguna. Í frábæru standi. Ekinn 154.000 km. 7 manna. Ásett verð kr. 4.490.000 +vsk. Uppl. í s. 894-4628.



200 lítra plasttunnur til sölu. Innihéldu sápuefni, þarf bara að skola. Um 20 stykki laus. Tilboð óskast. S. 852-3434.



Genie GS-1930 Skæralyfta. árgerð 2008. Max hæð 7,85, breidd 0,76. lengd 1,83 þyngd 1456 kg. Er í góðu lagi, verð kr. 500.000 +vsk. Upplýsingar í síma Alhliða Pípulagna: 566-7001.




Genie skæralyfta GS-2646 Árgerð 2017, Max hæð 9,96 m, Breidd 0,16 m, Lengd 2,44 m, Þyngd 1971 kg. Er í góðu lagi, Verð kr. 1.500.000 +vsk. Upplýsingar í síma Alhliða Pípulagna: 566-7001.



Nikka til sölu, ekkert notuð. Keypt í Búdapest. Ásett verð kr. 140.000. Upplýsingar í s. 897-5097 Jóhanna.



Vatnstúrbínur 50w 12 og 24v. Mini Hydro Generator Hydroelectric Generator. Verð kr. 39.900. Onrkubondinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Vatnsdælur sem tengjast beint á PTO. ML-20 og MT-300 til á lager ásamt þvotta- og vökvunarsettum. Einnig stærri dælur. Allt fyrir háþrýst vökvakerfi: Danfoss, Rexroth, Eaton/Charlynn, Parker, og fl. Vökvatæki ehf. Búðahella 4, 221 Hafnarfjörður. S. 861-4401 vokvataeki.is - vt@vokvataeki.is



Grand Cherokee Jeep 2001, ekinn 155.000 km. Til sölu á kr. 200.000. Athugasemdir eftir skoðun í febrúar: Geta stöðuhemils, handbremsa slök. Hemlaskálar og hemladiskar, skipta þarf um bremsudiska að framan. Öryggispúðakerfi, loftpúðaljós kemur upp og slekkur svo á sér. Gírbúnaður og aflrás út í hjól, rifin öxulhosa b/m framan. Var með endurskoðun út mars. Veiðibíll úr dánarbúi. Frekari upplýsingar í s. 867-1692, Styrmir.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Benz Atigo 1530 árg. 2016, ónýtur mótor, annars í topplagi. 7 metra einangraður kassi með sjálfstæði kælivél, tveggja tonna lyfta. Þjónustaður af Öskju/Sleggjunni frá upphafi. Webasto olíumiðstöð. Selst í heilu lagi eða í pörtum. Uppl. s. 899-1685.



Timbur í fjárhúsgólf til sölu með 20% afslætti: Stærð 32 x 100 mm. Verð áður kr. 390, verð nú kr. 325 lm. m/vsk. Stærð 38 x 100 mm. verð áður kr. 470, verð nú kr. 390 lm. m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588 1130.



Rauch áburðardreifarar. Verð frá kr. 890.000 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.



Sturtuvagn léttur. 227 cm x 160 cm og 65 cm há skjólborð. Hæð 140 cm. Glussaslöngur fyrir sturtur. Ný dekk. Ásett verð kr. 350.000 +vsk. Uppl. S. 894-4628.



SsangYong Rexton DLX, 4x4, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 51.000 km. Verð kr. 6.990.000 kr. notadir.benni.is – s. 590-2035.

SKRALLI

SKRALLI@SKRALLI.IS

862 4046



## CAT D5
Verð: 5.500.000 +vsk
Nýlegur undirvagn



## Champion Veghefill
Verð: 6.300.000 +vsk



## Tankur
Verð: 1.950.000 +vsk



## Nooteboom Vélavagn
Verð: 1.500.000 +vsk



## Volvo FH16 með vélavagni
Verð: 23.500.000 +vsk



## TREJON 370 Fjölplógur
Verð: 1.700.000 +vsk



GPS stafur TOPCON FC-5000
Verð: 1.200.000 +vsk eða tilboð












Til sölu tætla, snúningsvél, Fela – Werke Gmb/90537 2012. Keypt ný 2016-17. Verð kr. 850.000. Lítið notuð, vel með farin. Upplýsingar á efrithvera@gmail.com



Til sölu vélavagn, burðargeta 40 tonn. Breidd 2,75 m. Verð kr. 2.000.000 +vsk. Reikningur fylgir. Upplýsingar í s. 893-6975.



Til sölu gámagrind 20 fet. Verð kr. 1.100.000 +vsk. Upplýsingar í s. 893-6975.



Til sölu Bobcat TG 40140 skotbómulyftari. Þarfnast aðhlynningar. Verð kr. 2.500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 893-6975.



Trailer boddy með hliðaropnun. Krone, árg. 2004. Þriggja öxla með búkka og beygjum. Þarfnast lagfæringar. Verð kr. 950.000 +vsk. Uppl. í s. 862-1189.



Traktorsskóflur. Breidd 1,2 til 2,4 metrar. Verð frá kr. 130.000 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.



Rúllunet. Verð frá kr. 24.900 +vsk. Búvís ehf. s. 465-1332.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Vantar þig tæki í sveitina? Við erum kannski með græjuna. Þessi sláttuvél kostar kr. 295.000 +vsk. Skoðaðu nýjasta blaðið á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is



Taðkvísl 140 cm með 8 teinum. Ásoðnar Eurofestingar. Verð kr. 126.480 m/vsk. (kr. 102.000 +vsk). H. Hauksson ehf. hhauksson@hhauksson.is s. 588-1130.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Garðhús Tene Aino 9,9 fm. Veðr kr. 547.580 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

**Hvolsvegur og Hlíðarvegur – nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan tekur til hluta af Hlíðarvegi, Hvolsvegi og gerir ráð fyrir hringtorgi við gatnamót. Með deiliskipulaginu verður hluti mannvirkja víkjandi en gert er ráð fyrir 8-12 íbúðum á tveimur hæðum með risi. Hámarkshæð verður 7,5 m og heildarbyggingarmagn á svæðinu verður 1728 m². Á þegar byggðum lóðum er gert ráð fyrir byggingarreitum, nýtingarhlutfalli en einnig verður heimilt að byggja bílskúr eða aukahús, allt að 50 m².

**Dímonarflöt – nýtt deiliskipulag**
Tillagan gerir ráð fyrir frístundarlóðum að Dímonarflöt 1-2 og 6-7. Heimilt verður að byggja frístundarhús, gróður- og gestahús ásamt geymslu eða skemmu. Hámarksbyggingarmagn verður allt að 300 m². Hámarkshæð og húsgerð eru að öðru leyti frjáls.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 29. maí 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er frestur til athugasemda er veittur til og með 10. júlí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt lýsing á aðalskipulagi Rangárþings eystra.
**Miðeyjarhólmur – breyting á aðalskipulagi**
Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 150 ha. landi úr Miðeyjarhólma, L163408, sem er landbúnaðarland (L1 og L2) í skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).
Ofangreind lýsing verður kynnt með opnu húsi á skrifstofu Rangárþings eystra að Austurvegi 4, Hvolsvelli, þriðjudaginn 4. júní kl. 8:30 til kl 10:00.
Hægt er að nálgast skipulagslýsinguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 29. maí 2024 með athugasemdarfrest til og með 19. júní 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.
**Dímonarflöt – breyting á aðalskipulagi**
Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að 51,6 ha. landbúnaðarlandi (L2) verði breytt í frístundarbyggð (F).
Hægt að nálgast skipulagslýsinguna heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 29. maí 2024 með athugasemdarfrest til og með 19.júní 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra.
**Ytra-Seljaland – óveruleg breyting á aðalskipulagi**
Um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi að Ytra-Seljalandi (F31). Verið er að leiðrétta afmörkun skipulagssvæðisins, gert er ráð fyrir 35 lóðum sem eru 0,5 til 1,0 ha að stærð. Stærð skipulagssvæðisins helst óbreytt.

F.h. Rangárþings eystra
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra**












Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is s. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Kranzle háþrýstidælur. Verð frá kr. 112.016 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki Heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is




Dísilhitarar. 5kw 12 og 24 volt, með öllum fylgihlutum. Verð kr. 53.900. Öll þjónusta. Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185. Opið frá 15 til 17 virka daga.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin).Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Sláttuorf með Honda-vélum. Orfin henta mjög vel sveitarfélögum og verktökum. Margar útfærslur. Einnig öflugar sláttuvélar með Honda-vélum. Allar vélarnar eru fjórgengis. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang - hak@hak.is



Massey Ferguson árg.´73 til sölu, í góðu standi. Staðsett í Eyjafjarðarsveit. Tilboð óskast. S. 893-5979.



Sláttuvélar og sláttuorf með HONDA vélum Fjórgengisvélar. Sláttuvélar 5,6 Hö og orfin, 2 hö. Mjög öflugur og afkastamikill búnaður. Nánari upplýsingar í síma eða í tölvupósti. Hákonarson ehf. S. 892-4163 netfang: hak@hak.is. Vefsíða: www.hak.is




Steypusögun, kjarnaborun, slípun, múrbrot. Við veitum þjónustu um allt Ísland. Sanngjarnt verð, hæsta vinnu. Hafið samband: contact@demantsbor.is S. 856-2995. www.facebook.com/demantsbor www.demantsbor.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Sandblástur, háþrýstiþvottur og málun á stáli, tré, gleri, ryðfríu o.fl. Fínblástur á boddíhlutum, o.s.frv. Þú kemur til okkar eða við til þín. Blastur.is - Verkstæði & verktakar, Helluhrauni 6, 220 Hafnarf. S. 555-6005.




Iðnaðarháþrýstiþvottur, síðan 1987. Á húsum, skipum, tækjum o.fl. Alhreinsun/ strípun málninga. Blastur.is Verkstæði & Verktakar / Helluhr. 6, 220 Hf. S. 555-6005.



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstæð verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg. og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang-hak@hak.is



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Stöðuhýsi, um 46 fm. Tvö svefnherbergi, stofa, eldhús og wc. Verð kr. 1.800.000 m/vsk. Kaupandi sér um að fjarlægja húsið sem staðsett er í Húsafelli. Nánari upplýsingar í s. 771-7682 eða á netfanginu: laxeyri.ranga@gmail.com



Tiki bílakerra AP-2600DRB. Verð kr. 966.855 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.



Ávinnsluherfi, 6 metra, samanbrjótanlegt, lyftutengt. Verð kr. 498.900 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.

## Atvinna

Vantar starfsmann á blandað bú með ferðaþjónustu í Mývatnssveit sem allra fyrst. Um er að ræða vinnu við bústörf. Nauðsynlegt er að starfsmaður búi yfir reynslu af mjöltum og öðrum daglegum störfum við skepnuhirðingu. Bílpróf nauðsynlegt. Þarf að geta unnið sjálfstætt með búið. Húsnæði og fæði í boði. Fyrirspurnir eða umsóknir skal senda á olof@vogafjos.is eða í s. 847-3968.

## Einkamál

Auglýsi eftir einstaklingi (konu, karl, kvár, skiptir ekki öllu), þarf að vera orðinn 18 ára, (annars er aldur engin fyrirstaða) og vera til í ævintýri, vera töff týpa og koma með mér í Lýðskólann. Fleiri en einn væri kostur ... Ég bíð spennt eftir tölvupóstum: flateyrarstulka@gmail.com

## Húsnæði

Reglusamur, 56 ára, karlmaður óskar eftir framtíðarstarfi með húsnæði á góðu sveitaheimili, sem er bæði kúabú og fjárbú. Er með vinnuvélaréttindi. Upplýsingar í s. 699-3982.

Til leigu er gott íbúðarhús með 5 svefnherbergjum, húsgögn, sængur og allt til staðar, hesthús, beitiland, tún, eignin er á Norðurlandi vestra. Íbúðarhúsið verður afhent í september en hitt gæti verið afhent strax. Upplýsingar í s. 899-1993 eða emaili efrithvera@gmail.com

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Kaupi alla rafmagnskapla. Kem og sæki. Uppl. í s. 862-2005 eða reykjahlid@internet.is

Óska eftir slitnum/götóttum lopapeysum til að lagfæra og koma aftur í notkun. Frekari upplýsingar fást í s. 898-8125 eða sjohanns@simnet.is

Óska eftir smáum skeljum og kuðungum af öllum gerðum til þess að nota í handverk. Hafið samband í holar18.450@gmail.com

## Til sölu

Byggingakrani, Liebherr 32TT 2001, ásamt hjólastelli fyrir kranann. Uppl. í s. 773-5600 eða solhof@solhof.is

Doka steypumót 2,7 m, hæð, um 165 fm. í tvöföldu, auk fylgihluta. Uppl. í s. 773-5600, Ólafur eða solhof@solhof.is

Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu. Birki, reynir, rifs, sólber, aspir og fl. Ódýrar og sterkar plöntur á frábæru verði. Er í Reykjavík. S. 857-7363.

Til sölu Ford fairlane 1955, 4 dyra beinskipt, bíll sem hefur verið á Íslandi í tugi ára, hefur staðið inni í skúr í nokkur ár, er uppgerður, en hefur ekki verið settur í gang í nokkur ár. Verð, tilboð. Upplýsingar á netfangið: sirry15@hotmail.com

# ICELANDIC HESTAKERRA FRÁ CHEVAL LIBERTÉ










***FRÁBÆR 5-6 HESTA KERRA***
*á sérstöku kynningarverði*
***3.400.000 kr.-með vsk.***
*Sýningareintak og kynning*
*hjá Topplausnum*
*Smiðjuvegi 12, Græn gata*
*Kópavogi.*

**Topplausnir**

www.Topplausnir.is - S:517-7718



NIVEA SUN
VERNDAR GEGN UV-GEISLUM
OG ÓTÍMABÆRRI ÖLDRUN HÚÐARINNAR
0% klístruð tilfinning
Virðir sjávarlíf
NEW
NIVEA SUN
DERMA UV SPECIALIST
INVISIBLE DAILY FLUID
+ NIACINAMIDE
Invisible on all skin tones
50+ PA++++
UVA UVB
VERY HIGH
Protects against premature skin ageing
Ultra light Fluid
NIVEA SUN
UV FACE SPECIALIST
INVISIBLE DAILY FLUID
Invisible on all skin tones
For all skin types
50+ VERY HIGH